
**NYTJASTOFNAR SJÁVAR
2006/2007**

**AFLAHORFUR
FISKVEIÐIÁRIÐ 2007/2008**

State of Marine Stocks in
Icelandic Waters 2006/2007

Prospects for the
Quota Year 2007/2008

Reykjavík 2007

Ritstjóri: Þorsteinn Sigurðsson.

Þessi skýrsla er unnin í umsjá sérstakrar verkefnisstjórnar um veiðiráðgjöf. Formaður verkefnisstjórnar er Björn Ævarr Steinarsson. Aðrir í verkefnisstjórn eru Ásta Guðmundsdóttir, Einar Hjörleifsson, Einar Jónsson, Guðmundur Þórðarson, Hrafnkell Eiríksson, Höskuldur Björnsson, Sigurður Þ. Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson. Eftirtaldir sérfræðingar hafa einnig unnið í náinni samvinnu við verkefnisstjórn að gerð skýrslunnar: Droplaug Ólafsdóttir, Erlingur Hauksson, Gísli A. Víkingsson, Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur V. Óskarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir, Gunnar Pétursson, Héðinn Valdimarsson, Hjálmar Vilhjálmsson, Jónbjörn Pálsson, Kristján Kristinsson, Sveinn Sveinbjörnsson og Unnur Skúladóttir. Myndlistarmanninum Jóni Baldri Hlíðberg eru þökkuð afnot af teikningum í skýrslunni.

Droplaug Ólafsdóttir, Eiríkur Þ. Einarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir, Sveinn Sveinbjörnsson og Þorsteinn Sigurðsson önnuðust útgáfu skýrslunnar.

Efnisyfirlit

Content

Formáli (<i>Forewords</i>).....	5
Ágrip (<i>Summary in Icelandic</i>).....	7
1. Umhverfispættir (<i>Environmental conditions</i>).....	15
2. Ástand nytjastofna (<i>State of marine stocks</i>)	19
2.1 Þorskur (<i>Cod</i>).....	19
2.2 Ýsa (<i>Haddock</i>).....	27
2.3 Ufsi (<i>Saithe</i>).....	31
2.4 Karfastofnar (<i>Redfish stocks</i>).....	35
2.5 Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	40
2.6 Lúða (<i>Halibut</i>)	42
2.7 Skarkoli (<i>Plaice</i>).....	44
2.8 Sandkoli (<i>Dab</i>).....	46
2.9 Skrápflúra (<i>Long rough dab</i>).....	48
2.10 Langlúra (<i>Witch</i>).....	50
2.11 Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>)	52
2.12 Stórkjafta (<i>Megrim</i>)	53
2.13 Steinbítur (<i>Wolffish</i>).....	54
2.14 Blálanga (<i>Blue ling</i>).....	56
2.15 Langa (<i>Ling</i>)	57
2.16 Keila (<i>Tusk</i>)	58
2.17 Skötuselur (<i>Anglerfish</i>).....	59
2.18 Hrognkelsi (<i>Lumpsucker</i>)	61
2.19 Síld (<i>Herring</i>)	62
2.20 Loðna (<i>Capelin</i>).....	66
2.21 Kolmunnir (<i>Blue whiting</i>)	69
2.22 Gulllax (<i>Greater silver smelt</i>).....	71
2.23 Humar (<i>Nephrops</i>).....	72
2.24 Rækja (<i>Northern shrimp</i>).....	75
2.25 Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>).....	81
2.26 Kúfskel (<i>Ocean quahog</i>).....	83
2.27 Beitukóngur (<i>Whelk</i>).....	84
2.28 Hvalir (<i>Whales</i>).....	85
2.29 Selir (<i>Seals</i>).....	87
3. Töflur (<i>Tables</i>)	89
4. English summary	165
5. Viðaukar (<i>Appendices</i>)	173



Formáli

Í þessari skýrslu um ástand nytjastofna sjávar fiskveiðiárið 2006/2007 og aflahorfur 2007/2008 er að finna hefðbundið yfirlit yfir ástand einstakra nytjastofna, þróun veiða og stofnstærð. Á grundvelli langtíma markmiðs um sjálfbæra nýtingu er lagður til hámarksafli fyrir á fjórða tug stofna, sem miðast við áætlað veiðiþol þeirra og varúðarsjónarmið þar sem það á við. Jafnframt er í skýrslunni stuttur kafli um mikilvæga umhverfisþætti og áhrif þeirra á lífríki sjávar.

Sem fyrr byggir skýrslan á yfirgripsmiklu starfi fjölmargra starfsmanna Hafrannsóknastofnunarinnar og samstarfsaðila hennar á sjó og landi sem hér með er þakkað mikið og vel unnið starf. Sérstakar þakkir fá sérfræðingar Veiðiráðgjafarsviðs undir stjórn Björns Ævarrs Steinarssonar og ritsjórn skýrslunnar undir forystu Þorsteins Sigurðssonar. Eins og jafnan hefur einnig verið fjallað um flesta mikilvægustu fiskistofnana við landið í vinnunefndum og fiskveiðiráðgjafarnefnd Alþjóða-hafrannsóknaráðsins (ICES) og er lesendum sérstaklega bent á vefslóð ráðsins www.ices.dk þar sem er að finna ítarlegt efni um þessa stofna. Þá er að finna í viðauka skýrslunnar nánari útlistun aðferða við mat á stærð fiskistofna og myndir er sýna dreifingu sóknar og afla fyrir mikilvægustu fisktegundirnar.

Undanfarin ár hafa breytingar sem orðið hafa á umhverfisskilyrðum við landið og áhrif þeirra á lífríkið, einkum loðnustofninn, verið gerðar að umtalsefni í formála þessarar skýrslu. Þrátt fyrir nokkra kólnun á liðnum vetri, virðist enn ríkja hlýskeiðsástand á Íslandsmiðum. Af þeim sökum hefur ástand loðnustofnsins verið í mikilli óvissu síðastliðin ár og þar með viðgangur ýmissa mikilvægra fiskistofna sem á loðnu lifa. Á liðnum vetri tókst að mæla stærð þess hluta loðnustofnsins sem halda mun uppi veiðum á komandi vertíð. Niðurstöðurnar benda til að loðna virðist enn fylla mikilvægan sess í vistkerfinu við landið en brýnt er að fara með gát við nýtingu stofnsins. Ekki er ljóst á þessu stigi hvort til verulegra loðnuveiða komi á næsta fiskveiðiári. Lækkandi meðalþyngdir uppvaxandi árganga þorsks eru einnig sérstakt umhugsunarefni, þótt ekki sé ljóst hvort ástand loðnustofns hafi hér afgerandi áhrif eða aðrar skýringar liggi að baki.

Því miður er það svo að heldur hefur sigið á ógæfuhliðina síðasta ári hvað varðar ástand þorskstofnsins, enda þótt staða stofnsins sé í raun í samræmi við þróunina undanfarinn áratug. Þó vel afloat af þorski um þessar mundir er nauðsynlegt fyrir framtíð veiðanna að gripið verði nú þegar til aðgerða til uppbyggingar þorskstofnsins, eins og ítrekað hefur verið lagt til á undanförmum árum, m.a. með tillögum um breytta aflareglu. Það sem knýr sérstaklega á um þetta er að enn bætast við árgangar þorsks sem eru verulega undir langtíma meðaltali að fjölda og mun það augljóslega setja skorður við mögulega aukningu heildarafla næstu árin þar sem afrakstur stofnsins er einfaldlega margfeldi einstaklingsfjölda og meðalþyngd einstaklinga. Þó mikilvægt sé fyrir afrakstur stofnsins að gnægð fæðu sé til staðar, fiskurinn vaxi og haldi þyngd, er ekki síður mikilvægt að stuðla að sem bestri nýliðun, sterkum árgöngum. Breytileikinn í árgangastyrk er mikill, en undangengna áratugi hefur stærð árganga verið allt frá um 60 milljónum þriggja ára nýliða í allt að fjórfaldan þann fjölda.

Á 40 ára afmælisráðstefnu Hafrannsóknastofnunarinnar árið 2005 sem helguð var nýliðun í þorskstofnum á Norður-Atlantshafi komu fram sterkar vísbendingar um að hrygningarstofn þorsks við Ísland væri hættulega lítill og að hinir sterku árgangar þorsks sem vænst er svo hægt sé að reikna með uppsveiflu í stofninum, láti eftir sér biða af þeim sökum. Í því sambandi var vakin athygli á að hlutfall stórfisks í hrygningarstofni þorsks er aðeins brot af því sem áður var á þeim árum sem hrygningin gaf af sér sterka árganga á a.m.k. nokkurra ára fresti. Rannsóknir undanfarinna ára hafa bent til mikilvægis þessa stóra fisks með tilliti til

hrygningar. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að halda uppi aðgerðum til verndunar þessum fiski eins og lagt er til í þessari skýrslu.

Þó svo að með setningu aflareglu hafi náðst nokkur árangur undanfarinn áratug, er langur vegur frá að sett markmið hafi náðst varðandi lækkað veiðihlutfall, sem verið hefur 20% meira en stefnt var að og fiskveiðidaða, sem hefur verið um 50% fram yfir sett markmið. Þó hrygningarstofn hafi stækkað nokkuð, er hlutfall stórþorsks langt undir því sem æskilegt er. Til marks um það er að 10 ára og eldri fiskur er nú um 2% af fjölda í hrygningarstofni, en var um 16% fyrir um 20 árum síðan.

Ljóst er því að án stefnubreytingar við nýtingu þorskstofnsins er hvorki að vænta stækkunar hrygningarstofns né aukinnar nýliðunar sem er forsenda aukinna aflaheimilda á komandi árum. Grundvallaratriði er því að veiðihlutfall verði nú þegar lækkað og að aflareglu verði breytt með þeim hætti að aflamark á komandi árum miðist við 20% af viðmiðunarstofni eins og lagt er til í þessari skýrslu í stað 25%, en það er í samræmi við tillögur nefndar sjávarútvegsráðherra frá því í apríl 2004. Vegna bágs ástands uppvaxandi árganga, er hins vegar lagt til að afli næsta fiskveiðiárs verði takmarkaður við 130 þús. tonn. Með þessum aðgerðum eru líkur á að þorskstofninn styrkist á komandi árum, að hann gefi jafnari afrakstur, aukinn afla á sóknareiningu og ef að líkum lætur, betri nýliðun þegar til langs tíma er litið.

Reykjavík, 2. júní 2007

Jóhann Sigurjónsson

Ágrip af skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar um nytjastofna sjávar 2006/2007 og aflahorfur fiskveiðiárið 2007/2008

2.1. Þorskur

Heildaraflí úr íslenska þorskstofninum árið 2006 var 196 þús. tonn samanborið við tæp 214 þús. tonn árið 2005. Úthlutað aflamark fyrir fiskveiðiárið 2006/2007 var 193 þús. tonn. Á undanförunum árum hefur landaður aflí verið nokkuð umfram heildaraflamark, eða á bilinu 5–14% síðustu fjögur fiskveiðiár.

Meðalþyngd þorsks eftir aldri hefur lækkað verulega á síðustu árum og var meðalþyngd flestra aldursflokka í stofnmælingu haustið 2006, afla ársins 2006 og stofnmælingu í mars 2007 í eða við sögulegt lágmark. Holdafar fisks í stofnmælingunum hefur hins vegar lítið breyst á undanförunum árum. Líklega má rekja þessa þróun að einhverju leyti til minna aðgengis þorsks að loðnu.

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska að vori (SMB) og hausti (SMH) hafa farið lækandi undanfarin tvö ár og gefa ekki fyrirheit um góða nýliðun á næstu árum. Bæði SMB og SMH gefa svipaða mynd af þróun stofnsins, en stofnaukningin á árunum 1996–1998 er ekki eins áberandi í SMH, auk þess sem vísitölur í SMH hafa ekki lækkað eins mikið á síðustu árum.

Í núverandi stofnmati eru árgangar 2001–2006 allir metnir mjög lélegir eða frekar lélegir. Bæði veiðihlutfall og veiðidánartala hafa farið lækandi á síðustu árum en veiðihlutfallið hefur alltaf verið yfir 25%. Frá upptöku aflareglu árið 1995 hefur meðalveiðihlutfall verið um 31% og meðalveiðidánartala 0.63 en með aflareglu var stefnt að 25% veiðihlutfalli og áætlað að það leiddi til meðalveiðidánartölu nálægt 0.4. Hrygningarstofninn hefur vaxið lítillega á undanförunum árum en viðmiðunarstofninn (fjögurra ára og eldri) staðið því sem næst í stað. Ef núgildandi aflareglu verður áfram fylgt er líklegast að viðmiðunarstofn og hrygningarstofn haldist óbreyttur að stærð á komandi árum. Að teknu tilliti til óvissu í stofnmati eru hins vegar verulegar líkur á að stofninn fari undir sögulegt lágmark ef áfram verður veitt samkvæmt núgildandi aflareglu. Viðmiðunarstofninn í upphafi árs 2007 er um 650 þús. tonn og aflamark næsta fiskveiðiárs samkvæmt gildandi aflareglu 178 þús. tonn.

Mat á viðmiðunarstofninum árið 2007 hefur lækkað um 13% miðað við spá sem gerð var árið 2006. Um 40% af lækuninni er vegna lægri meðalþyngda í afla en gert var ráð fyrir en 60% vegna lækunar í mati á stærð árganga. Mat sem byggt er eingöngu á SMB vísitölum 2007 bendir til þess að stofninn sé nokkuð minni en aldurs-aflagreining sem lögð er til sem grundvöllur útreikninga aflamarks en stofnmat byggt á SMH bendir til þess að viðmiðunarstofninn kunni að vera nokkuð stærri.

Í ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar á síðasta ári var lögð áhersla á að reynt yrði að grípa til aðgerða sem leiddu til þess að miklar líkur væru á að hrygningarstofninn stækkaði frá því sem nú er, enda stærð hans talin einn af mikilvægustu þáttunum sem áhrif hafa á árgangastærð. Nefnd sjávarútvegsráðherra um langtímanýtingu þorskstofnsins sem skilaði skýrslu í apríl 2004 komst að þeirri niðurstöðu að hagkvæmasta veiðihlutfallið væri á bilinu 18–23% og í neðri mörkum þess bils þegar nýliðun er með þeim hætti sem verið hefur undanfarin ár. Áhættugreining bendir til að umtalsverðar líkur eru á að hrygningarstofn stækki á næstu fjórum árum ef veiðihlutfall er 20% eða minna.

Undanfarin ár hefur Hafrannsóknastofnunin lagt til að aflareglu verði breytt og veiðihlutfall lækkað, en þeirri ráðgjöf hefur ekki verið fylgt. Stærð veiðistofns er nú metinn nálægt sögulegu lágmarki og stærð hrygningarstofnsins er aðeins um helmingur þess sem talið er að gefi hámarks afrakstur. Nýliðun síðustu sex árin hefur verið slök og meðalþyngd allra aldurshópa er í sögulegu lágmarki. Í ljósi þessa telur Hafrannsóknastofnunin mikilvægt að veiðihlutfall verði nú þegar lækkað og að aflamark á komandi árum miðist við 20% af viðmiðunarstofni í stað 25% sem verið hefur. Vegna bágs ástands uppvaðandi árganga, er lagt til að ekki verði að þessu sinni tekið tillit til aflamarks yfirstandandi fiskveiðiárs við útreikning aflamarks fiskveiðiárið 2007/2008 eins og ella væri gert við beitingu aflareglunnar. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að aflí næsta fiskveiðiárs verði takmarkaður við 130 þús. tonn. Auk þess leggur stofnunin til að núverandi reglur um hámarks-möskvastærð og lokanir á hrygningarslóð verði í gildi enn um sinn.

22.2. Ýsa

Ýsuaflinn á árinu 2006 var tæp 98 þús. tonn eða mjög svipaður og árið áður. Fyrir fiskveiðiárið 2006/07 lagði Hafrannsóknastofnunin til 95 þús. tonna aflahámark og heildaraflamark var ákveðið 105 þús. tonn.

Nýliðun ýsu hefur oftast verið mjög góð á síðustu árum. Árgangar 1998–2000 og 2002 eru allir stórir og árgangur 2003 mjög stór. Árgangur 2001 er talinn lítill og árgangar 2004, 2005 og 2006 nærri meðallagi. Þessi góða nýliðun leiddi til mikillar stækkunar á ýsustofninum á árunum 2002–2007.

Stærð stofns þriggja ára og eldri ýsu í ársbyrjun 2007 er metin 300 þús. tonn. Við mat á stærð stofnsins var stuðst við aldursgreindan afla og aldursskiptar vísitölur úr stofnmælingum botnfiska í mars og október. Nokkurt ósamræmi er á milli niðurstaðna eftir því við hvora stofnmælinguna var stuðst þar sem

haustvísitölur hafa gefið minni stofn. Niðurstaða með marsvísitölum frá 2007 gefur til kynna að stofninn sé minni en gert var ráð fyrir í fyrra en vegna tregðu í líkönum yrði stofnmat byggt á SMB mun hærra en stofnmælingin í mars 2007 gefur tilefni til. Því var ákveðið að styðjast við gögn úr bæði haust og marsstofnmælingum við mat á stofnstærð ýsu.

Meðalveiðidánartala 4–7 ára fisks árið 2006 er nú metin 0.66 eða umtalsvert yfir því marki sem að var stefnt og leiðir til sjálfbærrar nýtingar stofnsins ($F=0.47$). Meðalveiðidánartala sömu aldurshópa fyrir árið 2007 er hins vegar áætluð 0.48.

Borið saman við síðustu úttekt er stofninn nú metinn aðeins minni í fjölda en gert var ráð fyrir í síðustu úttekt. Einnig hefur hlutfallsleg stærð einstakra árganga breyst nokkuð. Meðalþyngd flestra árganga er áfram mjög lág sem endurspeglar lélegan vöxt ýsu árin 2006 og 2005. Þessi lélegi vöxtur hefur leitt til minni hlutdeildar uppvaðandi árganga í veiðinni og aukins veiðialags á eldri ýsu. Í framreikningum er gert ráð fyrir að vöxtur verði áfram svipaður og árið 2006 og að uppvaðandi árgangar komi seinna inn í veiðina en venjulega.

Stóri árgangurinn frá 2003 er enn smávaxinn og er hann orðinn nálægt heilu ári á eftir meðalárgangi í vexti.

Undanfarin ár hefur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar miðast við að meðalveiðidánartala 4–7 ára fisks fari ekki yfir 0.47. Myndi það leiða til um 120 þús. tonna afla á næsta ári. Hafrannsóknastofnunin leggur til að frekar verði horft til stærðar ýsu en aldurs við ákvörðun aflamarks til þess að ná fram sem skynsamlegastri nýtingu stofnsins. Í stað þess að miða við meðalfiskveiðidaða 4–7 ára ýsu verði miðað við meðalfiskveiðidaða ýsu af þeirri stærð sem samsvarar 4–7 ára ýsu við venjulegar aðstæður en það er $F=0.35$. Slík viðmiðun gefur rúmlega 95 þús. tonna afla á árinu 2008 ef gefnar forsendur um áframhaldandi lélegan vöxt fara eftir.

Af ofangreindum ástæðum leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli ýsu fiskveiðiárið 2007/2008 verði 95 þús. tonn.

2.3. Ufsi

Ufsaafllinn árið 2006 var tæp 76 þús. tonn sem er um 44% aukning frá árinu 2003, og hefur aflinn aukist um 5–10 þús. tonn á ári frá 2001. Aflinn árin 1998–2001 var hins vegar sá minnsti síðastliðna hálföld, aðeins ríflega 30 þús. tonn á ári. Veiðistofn í ársbyrjun 2007 er metinn um 249 þús. tonn sem er rúmum 50 þús. tonnum minna en gert var ráð fyrir í síðustu úttekt. Ufsastofninn var í lágmarki árin 1997–2000 vegna lélegrar nýliðunar en hefur stækkað umtalsvert síðan þá. Mat á stærð árganganna frá 1998–2000 og 2002 bendir til að þeir séu umtalsvert sterkari en árgangarnir frá árunum 1987–1995, en aðrir nýlegir árgangar eru metnir slakir.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að afli á fiskveiðiárinu 2007/2008 fari ekki yfir 60 þús. tonn. Með þeim afla eru líkur á því að veiðidánartala (F_{4-9})

stofnsins haldist stöðug og verði nálægt 0.3 sem samrýmist varúðarsjónarmiðum.

2.4. Karfastofnar

Samanlagður afli gullkarfa og djúpkarfa á Íslandsmiðum árið 2006 var tæp 59 þús. tonn og er það rúmlega 4 000 tonna minnkun frá árinu áður.

Gullkarfaafli var áætlaður rúmlega 41 þús. tonn árið 2006 sem er 1 200 tonnum minni afli en árið áður. Sókn í stofninn hefur verið tiltölulega stöðug síðustu árin en afli á sóknareiningu hefur aukist. Vísitölur veiðistofns gullkarfa í stofnmælingu botnfiska lækkuðu verulega á árunum 1987–1995 en hafa aftur farið hækkandi vegna tveggja sterkra árganga frá árunum 1985 og 1990. Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í gullkarfastofninn á fiskveiðiárinu 2007/2008 verði takmörkuð þannig að hámarksafli fari ekki yfir 35 þús. tonn. Nýliðun virðist vera léleg allt frá árinu 1991 og því má búast við mun minni afla er fram líða stundir.

Áætlað er að rúm 17 þús. tonn af **djúpkarfa** hafi veiðst á Íslandsmiðum árið 2006 samanborið við rúm 20 þús. tonn árið 2005 og 33 þús. tonn að meðaltali árin 1996–2000. Minnkandi veiðialag á undanförunum árum skilaði sér í auknum afla á sóknareiningu sem þó er enn lítill. Vísbendingar eru um aukna nýliðun þó að ástand stofnsins sé enn talið slæmt. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að sókn í djúpkarfa á hafsvæðinu frá Austur-Grænlandi um Ísland að Færeyjum verði takmörkuð þannig að hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008 fari ekki yfir 22 þús. tonn. Þessi tillaga er í samræmi við ráðgjöf Alþjóðahafannsóknaráðsins og gildir fyrir allt svæðið frá Austur-Grænlandi um Ísland að Færeyjum.

Karfi í úthafinu veiðist í lögsögu Íslands og Grænlands en einnig á alþjóðlega hluta Grænlandshafs. Aflinn var áætlaður um 82 þús. tonn árið 2006 samanborið við um 74 þús. tonn árið 2005 og 126 þús. tonn árið 2004. Í viðbót við ofangreindan afla bætist óþekktur afli þjóða sem ekki gefa upp sína veiði. Á síðasta ári var afli íslenskra skipa tæp 22 þús. tonn, samanborið við tæp 16 þús. tonn árið 2005. Undanfarin ár hefur stór hluti afla Íslendinga veiðst innan íslensku lögsögunnar á meira en 600 m dýpi. Mikil óvissa ríkir um tengsl þess karfa sem veiðist í úthafinu við annan karfa, m.a. á Íslandsmiðum.

Ráðgjafarnefnd Alþjóðahafannsóknaráðsins lagði til, haustið 2006, að engar veiðar yrðu leyfðar á úthafskarfa árið 2007. Byggðist ráðgjöfin á því að afli og afli á sóknareiningu minnkuðu mikið frá árinu 2003, neikvæðri þróun í bergmálmælingum undanfarinn áratug, mikilli fækkun á fjölda stórkarfa í rannsóknaleiðöngrum, óvissu um stofngerð karfa og að karfi sé hægvahta og seinkynþroska tegund og þar af leiðandi viðkvæmur fyrir ofveiði. Jafnframt lagði nefndin til að veiðar verði ekki leyfðar að nýju nema skýrar vísbendingar komi fram um bætt ástand í úthafinu eða þar til nákvæmari upplýsingar liggja

fyrir um veiðipól. Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin (NEAFC) samþykkti hinsvegar að afli aðildaríkja NEAFC færi ekki yfir 46 þús. tonn á árinu 2007.

Ráðgjafanefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins mun veita ráðgjöf um karfaveiðar í úthafinu fyrir árið 2008 í október 2007. Mun þar m.a. verða byggt á niðurstöðum mælinga á stofnstærð úthafskarfa í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga, Þjóðverja og Rússa í júní–júlí 2007.

2.5. Grálúða

Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera af sama stofni. Heildarafli grálúðu á þessu svæði var tæplega 21 þús. tonn árið 2006 og hefur minnkað um tæp 10 000 tonn á síðustu fjórum árum. Afli Íslendinga árið 2006 var um 12 000 tonn. Afli á sóknareiningu á Íslandsmiðum, sem var í lágmarki árin 1995–1997, jókst umtalsvert á árunum 1998–2001, en hefur síðan minnkað um helming og hefur verið í sögulegu lágmarki síðustu þrjú ár. Þróun stofnvísitölu grálúðu samkvæmt stofnmælingu botnfiska að hausti árin 1996–2006 er í góðu samræmi við þróun í aflabrögðum. Afli á Færeyjamiðum hefur farið minnkandi undanfarin ár, en hefur aukist nokkuð við Austur-Grænland. Ekkert samkomulag er milli þjóða um nýtingu stofnsins. Í ljósi þróunar í aflabrögðum og í stofnmælingum að hausti leggja Alþjóðahafrannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin til að heildarafli grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar árið 2008 fari ekki yfir 15 þús. tonn. Þetta er talið leiða til verulegs samdráttar í sókn frá því sem nú er.

2.6. Lúða

Árið 2006 var landaður afli á Íslandsmiðum 550 tonn. Lengst af hefur skráður lúðuafli Íslendinga verið á bilinu 1 000–2 000 tonn og hefur einkum fengist sem aukaafli við tog- og línuveiðar. Síðastliðin 11 ár hefur lúðuafli á Íslandsmiðum verið innan við 1 000 tonn og er það minnsti afli á svo löngu tímabili frá 1950. Afli á sóknareiningu hefur minnkað mikið á seinni árum, bæði í veiðum og stofnmælingu botnfiska og virðist ástand lúðustofnsins vera afar slæmt. Engar vísbendingar eru um aukna nýliðun í hrygningarstofninn á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin ítrekar fyrri ráðgjöf um að bein sókn í lúðu verði ekki heimilud og að gripið verði til aðgerða til verndunar smálúðu.

2.7. Skarkoli

Skarkolaafli árið 2006 var um 6 400 tonn og hefur aukist um 1 500 tonn frá árinu 2001. Afli á sóknareiningu í dragnót minnkaði úr 400 kg í kasti árið 1991 í um 210 kg í kasti árið 2000 en hefur vaxið nokkuð á síðustu árum. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska var stærð stofnsins árin 1997–2002 um 10% af því sem hann mældist árið 1985. Síðan hafa vísitölur hækkað. Stofnmat með aldursafllaðferð bendir til þess að nýliðun hafi verið léleg á

síðari hluta tunda áratugarins en að veiðidauði hafi líklega minnkað. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska er ekki að vænta góðrar nýliðunar í veiðistofninn á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í skarkola verði áfram takmörkuð og aflamark fiskveiðiárið 2007/2008 fari ekki yfir 5 000 tonn. Auk þess leggur stofnunin til áframhaldandi friðun á hrygningarstöðvum við suður-, suðvestur- og vesturströndina á hrygningartíma.

2.8. Sandkoli

Sandkolaafli jókst úr 1 200 tonnum árið 1987 í tæp 8 000 tonn árið 1997 en hefur minnkað síðan og var um 1 100 tonn árið 2006. Yfir 95% aflans voru veidd í dragnót og eru mikilvægustu veiðisvæðin í Faxaflóa og á Suðvesturmiðum. Afli á sóknareiningu minnkaði um helming frá árinu 1997 til 2000, jókst aftur árin 2001 og 2002, en á fjórum síðustu árum hefur hann minnkað og var minnstur árið 2006. Mat á veiðistofni í upphafi árs 2007 er háð mikilli óvissu þar sem upplýsingar um stærð yngstu árganganna sem eru að koma inn í veiðina eru mjög ónákvæmar. Fyrstu vísbendingar úr afla benda hins vegar til þess að þeir séu ekki stórir. Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í sandkola verði takmörkuð og að aflinn fiskveiðiárið 2007/2008 fari ekki yfir 500 tonn.

2.9. Skrápflúra

Frá árinu 1990 jókst skrápflúruafli úr 650 tonnum í rúm 6 400 tonn árið 1996 en var 3 000–4 000 tonn til ársins 2003 er aflinn minnkaði í 2 800 tonn. Árið 2006 var landaður afli einungis rúm 700 tonn. Skrápflúruafli í kasti með dragnót á svæðinu frá Snæfellsnesi suður og austur um að Stokksnesi var nálægt sögulegu lágmarki á síðasta ári og vísitölur veiðistofns í stofnmælingu botnfiska hafa farið lækkandi undanfarin ár. Í ljósi þess að afrakstursgeta stofnsins er óþekkt leggur Hafrannsóknastofnunin til, í varúðarskyni, að afli á ofangreindu veiðisvæði fari ekki yfir 500 tonn fiskveiðiárið 2007/2008.

2.10. Langlúra

Langlúruafli minnkaði úr tæpum 4 600 tonnum árið 1987 í tæplega 1 300 tonn árið 1990. Ársafli hefur síðan oftast verið á bilinu 1 000–1 800 tonn. Aflinn var um 2 000 tonn árið 2006. Afli á sóknareiningu hjá dragnótábátum var um 1 000 kg í kasti árið 1987 en minnkaði í 330 kg árið 1998. Síðan hefur afli í kasti meira en tvöfaldast og var um 810 kg árið 2006. Fjöldavísitala ungfisks (fiskur 30 cm og minni) í árlegum humarleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar hækkaði umtalsvert frá árinu 1995 til 2001, en hefur síðan farið lækkandi en vísitala veiðistofns (fiskar stærri en 30 cm) hefur þrefaldast. Niðurstöður úr stofnmælingu botnfiska í mars sýna svipaða þróun.

Töluverð óvissa er um stofnstærð langlúru en þau gögng sem fyrir liggja benda til þess að ástand veiðistofns sé nokkuð gott. Vaxandi veiðidauði ásamt lakari nýliðun benda þó til þess að veiðistofninn muni minnka á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin leggur

til að aflamark langlúru á fiskveiðiárinu 2007/2008 fari ekki yfir 2 000 tonn.

2.11. Þykkvalúra

Árið 2006 var þykkvalúruaflinn um 2 700 tonn. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska í mars hefur veiðistofn þykkvalúru minnkað um þriðjung frá árinu 1985 til ársins 2000 en hefur síðan stækkað umtalsvert. Á aðalveiðisvæðinu undan Suðvesturlandi hefur afli í kasti með dragnót aukist úr um 200 kg árin 1993–1998 í um 410 kg árið 2006. Afrakstursgeta stofnsins er ekki þekkt. Hafrannsóknastofnunin leggur til, í varúðarskygni, að hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008 verði 1 600 tonn.

2.12. Stórkjaftra

Á tímabilinu 1951–1973 var landaður ársafla stórkjöftu 400–700 tonn og veiddu erlend skip mestan hluta aflans. Árin 1987–1999 var landaður afli á bilinu 120–420 tonn. Frá árinu 1996 minnkaði aflinn stöðugt og var einungis 67 tonn árið 2003. Afli árið 2006 var 285 tonn. Stórkjaftra veiðist sem meðafli, einkum í dragnót og humarvörpu. Stofnstærð og veiðiþol eru óþekkt.

2.13. Steinbítur

Steinbítsafli á árinu 2006 var 16 400 tonn, en 15 200 tonn árið 2005. Munurinn var aðallega vegna meiri línuafli árið 2006.

Vísitala veiðistofns og nýliðunarvísitala steinbíts í stofnmælingu botnfiska lækkuðu verulega frá árinu 2003 til 2004, síðan hefur nýliðunarvísitalan haldið áfram að lækka og er nú álíka og hún var árið 1990 þegar hún var með lægsta móti. Vísitala veiðistofns hefur hækkað og er nú svipuð og hún var 2003. Stofnstærðin er nú metin heldur minni en árið 2006, en hún hefur farið lækandi frá 2000. Eins og undanfarn ár leggur Hafrannsóknastofnunin til að steinbítsafli miðist við kjörsókn og að hámarksafli á fiskveiðiárinu 2007/2008 fari því ekki yfir 11 þús. tonn. Einnig ítrekar stofnunin að steinbítur á hrygningarslóð á Látragrunni verði áfram friðaður á hrygningar- og klaktíma.

2.14. Blálanga

Blálanga hefur aðallega veiðst sem aukaafli í botnvörpu. Blálönguafli á Íslandsmiðum hefur verið mjög breytilegur á síðustu áratugum, mestur árið 1980, um 8 500 tonn, en minnstur árið 2001 eða einungis 800 tonn. Heildaraflinn árið 2006 var 1 800 tonn, en frá árinu 1985 hefur árlegur afli Íslendinga verið á bilinu 800–2 600 tonn, nema árið 1993 en þá varð aflinn 5 300 tonn vegna veiða á Franshól. Vísbendingar eru um að ástand blálongustofnsins hafi farið batnandi á undanförunum árum, m.a. vegna nýliðunar í veiðistofninn. Þar sem veiðiþol stofnsins er lítt þekkt ber þó að fara varlega við nýtingu hans og takmarka beina sókn. Hafrannsóknastofnunin leggur til áframhaldandi lokun á þekktum hrygningarsvæðum blálongu suður af Vestmannaeyjum og á Franshól

á hrygningartíma frá 15. febrúar – 30. apríl ár hvert.

2.15. Langa

Lönguafli ársins 2006 var rúm 7 200 tonn, 2 000 tonnum meiri en árið 2005. Á árunum 1991–2002 minnkaði lönguafli Íslendinga úr um 5 200 tonnum í um 2 800 tonn sem er minnsti afli í áratugi. Margt bendir til þess að ástand löngustofnsins fari batnandi. Með hliðsjón af því leggur Hafrannsóknastofnunin til að lönguafli fiskveiðiárið 2007/2008 fari ekki yfir 6 000 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa sem hefur verið um 15% aflans á undanförunum árum.

2.16. Keila

Keiluaflinn árið 2006 var um 6 300 tonn eða um 1 400 tonnum meiri en árið 2005. Þar af var afli Íslendinga um 3 500 tonn eða 80% af heildaraflanum. Stærstur hluti aflans er veiddur á línu. Vísbendingar eru um aukna nýliðun í veiðistofninn og hefur smákeila aukist í veiðum á undanförunum árum. Vísitala veiðistofns hefur hækkað á undanförunum árum og er nú um 80% af því sem hún var á árunum 1986–1989. Lagt er til að sókn í keilustofninn verði takmörkuð og að heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2007/2008 fari ekki yfir 5 000 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa, en hann hefur verið milli 25 og 30% aflans á undanförunum árum. Jafnframt er lagt til áframhaldandi veiðibann á uppvaxtarsvæðum við Suð-austurland til verndar smákeilu.

2.17. Skötuselur

Skötuselsaflinn á árinu 2006 var um 2 600 tonn. Fram til ársins 1999 veiddist skötuselur nær eingöngu sem meðafli í humar- og fiskibotnvörpu og var árlegur afli lengst af innan við 1 000 tonn. Árið 1999 var farið að sækja beint í skötusel með vörpu og árið eftir hófst bein sókn með stórríðnum netum og hefur aflinn aukist mikið frá þeim tíma. Mestur varð aflinn árið 2005 um 2 900 tonn.

Aukin nýliðun og stækkun útbreiðslusvæðis tegundarinnar vestur og norður með landinu er talin afleiðing hlýnunar sjávar á undanförunum árum og er skötuselsstofninn nú talinn vera í góðu ástandi og nýliðun er jafnframt góð.

Hafrannsóknastofnunin telur óskynsamlegt að auka sóknina því með hóflegri sókn geta stóru árgangarnir sem eru að bætast í veiðistofninn enst lengur og jafnframt gefið mun meira af sér. Í því ljósi leggur stofnunin til að hámarksafli skötusels fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 verði 2 200 tonn.

2.18. Hrognkelsi

Hrognkelsaaflinn árið 2006 var ríflega 4 000 tonn eða nálægt 65% af meðalafla árána 1971–2005. Töluverðar sveiflur í afla einkenna grásleppuveiðarinnar. Afli náði hámarki, um 13 þús. tonnum, árið 1984 en var minnstur, um og innan við 3 000 tonn, árin 1990 og 1998–2001. Afli á sóknareiningu minnkaði árin 1991–1996 og var árið 1996 tæplega helmingur af meðaltali árána 1980–2006. Vísitala stofnstærðar

samkvæmt stofnmælingu botnfiska sýnir samsvarandi lækkun þessi ár. Á vertíðunum 1998–2005 dró verulega úr sókn og afli á sóknareiningu jókst nokkuð. Árið 2006 var sóknin innan við helmingur af meðaltali árána 1980–2005 en afli á sóknareiningu náði hámarki. Þetta ár var vísitala einnig nálægt hámarki. Stofnmæling í mars 2007 gaf vísitölu sem var um 10% hærra en meðalvísitala árána 1985–2000.

Markaðsaðstæður ráða miklu um sókn í hrognkelsastofninn og skýrir það að talsverðu leyti sveiflur í veiðum á síðustu árum. Hafrannsóknastofnunin telur að fara beri varlega við nýtingu stofnsins en leggur ekki fram tillögu um hámarksafla fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.

2.19. Síld

Á vertíðinni 2006/07 varð síldaraflinn úr **íslenska sumargotsstofninum** tæp 135 þús. tonn. Þrátt fyrir að nokkur óvissa sé í mati á stærð hrygningarstofnsins árið 2007, er talið að ástand stofnsins sé gott. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að hámarksaflinn 2007/2008 verði 130 þús. tonn líkt og á fyrri vertíð.

Árið 2006 veiddu Íslendingar um 157 þús. tonn úr **norsk-íslenska síldarstofninum**. Heildarveiðin er áætluð um ein milljón tonn. Fyrir árið 2007 lagði Alþjóðahafrannsóknaráðið til 1 280 þús. tonna aflamark, og samkvæmt alþjóðlegu samkomulagi frá janúar 2007 verða því aflaheimildir Íslendinga árið 2007 tæp 186 þús. tonn.

Alþjóðahafrannsóknaráðið veitir ekki ráðgjöf um hámarksafla fyrir árið 2008 fyrir en í október 2007.

2.20. Loðna

Heildaraflinn á loðnuvertíðinni 2006/07 varð 377 þús. tonn, en leyft hafði verið að veiða 385 þús. tonn. Haustið 2006 tókst að mæla þann hluta loðnustofnsins sem veiðin á vertíðinni 2007/2008 mun aðallega byggjast á, þ.e. árganginn frá 2005, en meiri óvissa er um eldri árganginn (2004). Mælingin á árganginum frá 2005 og reiknuð meðalframlegð eldri árgangsins miðað við seinustu tvö ár svarar til 308 þús. tonna heildaraflamarks á vertíðinni 2007/08. Samþykkt aflaregla gerir ráð fyrir að 2/3 þessa aflamarks verði úthlutað til bráðabirgða og jafngildir það 205 þús. tonna upphafsafلامarki vertíðina 2007/2008.

Vegna mikillar óvissu í spánni og þess að loðnan bætir ört við sig þyngd yfir sumarmánuðina leggur Hafrannsóknastofnunin enn fremur til að ekki verði leyft að hefja loðnuveiðar fyrir en haustið 2007.

2.21. Kolmunn

Árið 2006 veiddu Íslendingar um 310 þús. tonn af kolmunna. Heildaraflinn árið 2006 í Norður-Atlantshafi er talinn hafa verið tæpar tvær milljónir tonna. Í mars-apríl 2007 mældist stofninn á hrygningarslóð vestan Bretlandseyja um 11,2 milljónir tonna, sem er nokkru meira en mældist árið 2006. Aftur á móti hefur hrygningarstofn kolmunna minnkað um 32% frá 2003–2006 samkvæmt stofnmælingum sem gert var árið

2006. Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til að ekki yrði veitt meira en 980 þús. tonn árið 2007. Íslendingar, Norðmenn, Færeyingar og Evrópusambandið gerðu með sér samkomulag í desember 2005 um veiðar og skiptingu kolmunnastofnsins og á aðalfundi NEAFC í nóvember 2006 var samþykkt að veiðar úr stofninum árið 2007 yrðu 1 847 þús. tonn. Sem skiptist milli veiðipjóða. Samkvæmt þessu samkomulagi er hlutur Íslendinga um 300 þús. tonn árið 2007.

Alþjóðahafrannsóknaráðið veitir ekki ráðgjöf um hámarksafla fyrir árið 2008 fyrir en í október 2007.

2.22. Gullax

Gullax hefur veiðst sem aukaafli í botnvörpu við Ísland um langt árabil. Bein sókn í gullax margfaldaðist árin 1997–1998 og fór ársafllinn úr rúmum 800 tonnum árið 1996 í rúm 13 þús. tonn 1998. Afli undanfarin fjögur ár hefur verið á bilinu 2 700–4 800 tonn, mestur árið 2006. Aflasveiflur skýrast að mestu með misjöfnum áhuga á veiðunum. Upplýsingar um afrakstur stofnsins eru takmarkaðar og ber að fara varlega við nýtingu hans þar til frekari vitneskja liggur fyrir. Hafrannsóknastofnunin ítrekar fyrir ábendingar um að varúðar sé þörf við nýtingu stofnsins en leggur ekki fram tillögu um heildaraflamark fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.

2.23. Humar

Humaraflinn árið 2006 var 1 875 tonn, samanborið við 2 030 tonn árið 2005. Afli á sóknareiningu (kg/klst. í eitt troll) árið 2006 var 66 kg, miðað við 45 kg árið 2005 og 39 kg árið 2004. Veiðistofn humars (6 ára og eldri) árið 2007 er nú metinn um 16 000 tonn eða nokkru stærri en áætlað var á síðasta ári. Stofninn minnkaði í sögulegt lágmark um 1995 sökum slakrar nýliðunar og mikillar sóknar suðaustan lands árin 1991–1994. Vegna sterkari árganga frá árunum um og upp úr 1990 fór nýliðun aftur batnandi á Suðausturmiðum eftir 1995 en var áfram slök á Suðvesturmiðum. Horfur á nýliðun eru enn þá góðar við Suðausturland en lélegastar á miðunum við Reykjanes.

Hafrannsóknastofnunin leggur sem fyrir til að aflinn miðist við kjörsókn og að humaraflinn fiskveiðiárið 2007/2008 fari ekki yfir 1 900 tonn. Einnig leggur stofnunin til að veiðinni verði dreift á milli veiðisvæða með tilliti til nýjustu upplýsinga um stofnstærð hverju sinni.

2.24. Rækja

Rækjuafli á grunnslóð minnkaði úr 4 000 tonnum árið 2001 í 250 tonn árið 2006. Ástand rækjustofna á grunnslóð er einkum slæmt þar sem mikið hefur verið af þorski. Engar veiðar voru leyfðar á grunnslóð undanfarin ár að undanskildum miðunum við Snæfellsnes. Að þessu sinni leggur Hafrannsóknastofnunin til að upphafsafli fyrir veiðisvæðið við Snæfellsnes verði 400 tonn á komandi fiskveiðiári. Lagt er til að veiðar verði ekki hafnar á öðrum

veiðisvæðum á grunnslóð.

Rækjuafli á djúpslóð hefur minnkað úr um 65 þús. tonnum árið 1995 í aðeins 600 tonn árið 2006. Stofnvísitala úthafs-rækju norðan og austan lands lækkaði mjög árin 1998–1999 og gengu úthafs-rækjuveiðar illa árið 1999 í kjölfar mikillar þorsk-gengdar fyrir Norðurlandi árin 1997–1998. Stofnvísitalan lækkaði árið 2000 og mældist svipuð árin 2001 og 2002, en lækkaði aftur árin 2003 til 2005. Stofnmat, sem tekur tillit til afráns þorsks og nýliðunar á rækju, bendir til að stofn úthafs-rækju fari minnkandi og stefni í enn meiri lægð en var árið 1999. Hafrannsóknastofnunin leggur til að afli á úthafs-rækju fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 verði 7 000 tonn.

Á Dohrnbanka og við Austur Grænland veiddust aðeins 5 000 tonn af rækju árið 2006 samanborið við um 12 000 tonn að meðaltali árin 1994–2003. Íslensk skip stunduðu ekki veiðar á Dohrnbanka árið 2006. Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðiráðið (NAFO) lagði til að leyfilegur hámarksafli yrði 12 400 tonn árið 2007 fyrir allar þjóðir. Er það sama tillaga og sl. þrjú ár.

2.25. Hörpudiskur

Engar veiðar voru heimilaðar fiskveiðiárið 2006/2007. Stærð veiðistofnsins í Breiðafirði hefur minnkað ört frá árunum 1993–2000 er stofninn virtist í nokkurri jafnstöðu. Þannig mældist stofninn aðeins um 16% að þyngd árin 2005 og 2006 miðað við fyrrgreint árabíl. Afli skelbáta á sóknareiningu minnkaði jafnframt um 55% frá meðaltali árána 1996–1999 og fram til 2003 er veiðar voru stöðvaðar. Hnignun stofnsins má rekja til stórauðna náttúrulegra dauðsfalla á skelmiðum Breiðafjarðar auk verri nýliðunar árganga frá tímabilinu 1992–1996. Rannsóknir benda til tengsla milli dauðsfalla og frumdyrasýkingar sem greinst hefur. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að veiðar á hörpudiski verði ekki heimilaðar fiskveiðiárið 2007/2008, fimmta árið í röð.

2.26. Kúfiskel

Veiðar á kúfiskel til manndis hafa verið stundaðar síðan 1987 og hefur ársafli verið mjög breytilegur eða frá 1 100 og upp í 14 300 tonn árið 2003. Árið 2006 var landaður afli 450 tonn. Hafrannsóknastofnunin leggur til að aflamark verði bundið við ákveðin veiðisvæði. Í varúðarskyni leggur stofnunin einnig til að afli á tilteknu tímabili (4–7 ár) verði að jafnaði ekki meiri en 2,5% af áætlaðri stofnstærð eða samtals 31 500 tonn fiskveiðiárið 2007/2008 fyrir svæðið frá Garðskaga réttisælis að Ingólfshöfða.

2.27. Beitungóngur

Gildruveiðar á beitungungi hófust í Breiðafirði árið 1996 og hafa sókn og ársafli verið mjög breytileg. Mestur var aflinn árið 1997, tæp 1 300 tonn, en nánast enginn árin 1998 og 2002. Aflinn var 839 tonn árið 2006. Lítið er vitað um stofnstærð beitungungs við Ísland en nokkrar rannsóknir voru þó stundaðar á títunda áratugnum.

2.28. Hvalir

Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni. Árið 2006 hófust atvinnuveiðar að nýju og veittu stjórnvöld leyfi fyrir veiðum á 9 langreyðum og 30 hrefnum á fiskveiðiárinu 2006/07. Veiðar hófust í október og alls veiddust sjö langreyðar og ein hrefna í atvinnuskyni á árinu 2006.

Í samræmi við ákvæði hvalveiðisáttmálans var veiddur takmarkaður fjöldi lang- og sandreyða í rannsóknaskyni árin 1986–1989. Árið 2003 hófust veiðar í rannsóknaskyni á samtals 200 hrefnum og ráðgert er að þeim ljúki með veiðum á 39 hrefnum árið 2007.

Samkvæmt talningum sem fram fóru árið 2001 eru um 67 þús. hrefnur á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af um 44 þús. á íslenska landgrunninu og er stofnstærðin nú nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Hverfandi líkur eru á að árlegar veiðar á 200 hrefnum næstu 20 ár muni færa stofnstærðina niður fyrir 80% af upprunalegri stærð. Á sama hátt er ólíklegt að við árlegar veiðar á 400 hrefnum minnki stofninn niður fyrir 70% á sama tímabili. Ljóst er að hrefniveiðar þær sem hófust 2003 í rannsóknaskyni og nema samtals 200 dýrum á fimm árum, munu ekki hafa teljandi áhrif á stofninn og samrýmast markmiðum um sjálfbæra nýtingu. Hafrannsóknastofnun leggur því til að veiðum verði haldið innan við 400 dýr á ári og jafnframt að veiðum verði háttáð í samræmi við dreifingu hrefnu á íslenska landgrunninu.

Samkvæmt talningum voru um 18 900 langreyðar á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen (EGI) árið 1995. Niðurstöður talninga frá 2001 sýna marktæka fjölgun langreyða og að heildarstofninn sé nú um 24 þús. dýr. Árlegar veiðar á 150 langreyðum næstu 20 ár eru taldar sjálfbærar verði eingöngu veitt á hefðbundnum hvalveiðimiðum vestur af landinu. Ef veiðar eru einnig stundaðar utan þess svæðis eru veiðar á 200 langreyðum innan marka sjálfbærni.

Talningar benda til að sandreyðarstofninn sem Íslendingar hafa veitt úr sé a.m.k. um 10 500 dýr. Þar sem veiðar úr stofninum voru mjög takmarkaðar á síðustu áratugum má telja víst að þær hafi ekki haft alvarleg áhrif á stofninn.

2.29. Selir

Alls bærust upplýsingar um veiðar á 482 selum við Ísland árið 2006, þar af voru 192 landselir, 286 útselir, tveir vöðuselir, ein blöðruselur og kampselur. Samkvæmt talningum í ágúst 2006 var stofnstærð landsels metin um 12 þús. dýr og hefur stofninn því minnkað talsvert síðan árið 1980, er hann var metinn um 34 þús. dýr. Haustið 2005 voru útselskópar taldir allt í kring um landið og stofninn metinn um 6 000 dýr en í síðustu heildartalningu árið 2002 var hann metinn um 5 500 dýr og hafði þá minnkað umtalsvert frá 1990 þegar hann var talinn 12 þús. dýr.

Tafli 1.

Tillögur um hámarksafla fiskveiðiarin 2007/2008 og 2006/2007, ásamt aflamarki samkvæmt ákvörðun stjórnvalda fiskveiðiaríð 2006/2007 (þús. tonn).

TACs recommended by the Marine Research Institute for the quota years 2007/2008 and 2006/2007, and national TACs for the quota year 2006/2007 (thous. tonnes).

Tegund <i>Species</i>	Tillaga 2007/2008 <i>Recomm. TAC 2007/2008</i>	Tillaga 2006/2007 <i>Recomm. TAC 2006/2007</i>	Aflamark 2006/2007 <i>National TAC 2006/2007</i>
Þorskur (<i>Cod</i>)	130 ¹⁾	- ¹⁾	193
Ýsa (<i>Haddock</i>)	95	95	105
Ufsi (<i>Saithe</i>)	60	80	80
Gullkarfi (<i>Golden redfish</i>)	35	35	57 ²⁾
Djúpkarfi (<i>Deep-sea redfish</i>)	22 ³⁾	22 ³⁾	2)
Úthafskarfi (<i>Pelagic redfish</i>)	- ¹⁰⁾	- ¹⁰⁾	21.1 ⁴⁾
Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	15 ³⁾	15 ³⁾	15 ⁴⁾
Skarkoli (<i>Plaice</i>)	5	5	6
Sandkoli (<i>Dab</i>)	0.5	1	2
Skráplúra (<i>Long rough dab</i>)	0.5	0.5	1.5
Langlúra (<i>Witch</i>)	2	2	2.4
Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>)	1.6	1.6	2
Steinbítur (<i>Wolffish</i>)	11	12	13
Íslensk sumargotssíld (<i>Herring</i>)	130	130	130
Norsk- íslensk vorgotssíld (<i>Atlanto-Scandian herring</i>)	- ⁵⁾	1 280	185.7 ⁴⁾
Loðna (<i>Capelin</i>)	205 ⁶⁾	370	385
Kolmunnur (<i>Blue whiting</i>)	- ⁵⁾	980	300 ⁴⁾
Langa (<i>Ling</i>)	6	5	5
Keila (<i>Tusk</i>)	5	5	5
Skötuselur (<i>Anglerfish</i>)	2.2	2.2	3
Humar (<i>Nephrops</i>)	1.9	1.7	1.8
Rækja-grunnsl. (<i>Inshore shrimp</i>)	0.4 ^{6),7)}	0.2 ^{6),7)}	
Rækja-djúpsl. (<i>Offshore shrimp</i>)	7 ⁶⁾	7 ⁶⁾	7
Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	0	0	0
Kúfiskel (<i>Ocean quahog</i>)	31.5	31.5	0
Hrefna (<i>Common minke whale</i>)	400 ⁸⁾	400 ⁸⁾	69 ⁹⁾
Langreyður (<i>Fin whale</i>)	200 ⁸⁾	200 ⁸⁾	9

¹⁾ Útreiknað aflamark reiknað samkvæmt núgildandi aflareglu (breytt 2006) er 178 þús. tonn fyrir fiskveiðiaríð 2007/2008, samanborið við 193 þús. tonn fiskveiðiaríð 2006/2007. Hafrannsóknastofnunin leggur til að aflareglu verði breytt. *Calculated TAC according to current catch rule (changed in 2006) for cod is 178 thous. tonnes for the quota year 2007/2008, compared with 193 thous. tonnes for the quota year 2006/2007. It is recommended to reevaluate the harvest control rule.*

²⁾ Aflamark óskipt milli gullkarfa og djúpkarfa. *National TAC applies to both golden redfish and deep-sea redfish.*

³⁾ Aflamark á öllu útbreiðslusvæði stofns fyrir almanaksár. *TAC for the total area of distribution for calendar year.*

⁴⁾ Aflamark ákvæðið fyrir Ísland. *National TAC set for Iceland only.*

⁵⁾ Ráðgjöf fyrir almanaksárið 2008 veitt í október. *Recommended TAC for calendar year 2008 will be given in October.*

⁶⁾ Tillaga um afla í upphafi vertíðar. *Provisional TAC.*

⁷⁾ Svæðið við Snæfellsnes. *Snæfellsnes area.*

⁸⁾ Veiðum verði dreift í hlutfalli vð útbreiðslu tegundar. *Catch distributed according to the distribution of the species.*

⁹⁾ Þar af 39 í vísindaskyni. *Whereof 39 for scientific purposes.*

¹⁰⁾ Ráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins hefur lagt til að engar veiðar verði leyfðar árið 2007. Nefndin leggur fram tillögur um veiðar ársins 2008 á haustfundi sínum í október. *ACFM recommends that no fishing takes place in 2007. Advice for 2008 will be given by ACFM in October.*

Tafli 2.

Aðrar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.

Additional advice for the quota year 2007/2008.

Porskur — Auk breytinga á aflareglu eru lagðar til áframhaldandi svæðalokanir á hrygningarslóð, og að reglur um hámarksmöskvastærð neta verði áfram í gildi enn um sinn.

Karfi — Aflamarki verði úthlutað aðskilið fyrir gullkarfa og djúpkarfa.

Lúða — Bein sókn verði ekki heimiluð og gripið verði til aðgerða til verndunar smálúðu.

Skarkoli — Áframhaldandi friðun á hrygningarstöðvum við suður-, suðvestur- og vesturströndina á hrygningartíma.

Steinbítur — Áframhaldandi friðun á hrygningarsvæðum á Látragrunni á hrygningar- og klaktíma.

Blálanga — Þekktum hrygningarsvæðum verði áfram lokað á hrygningartíma.

Keila — Lagt til áframhaldandi veiðibann á afmörkuðum uppvaxtarsvæðum við Suður- og Suðausturland til verndar smákeilu.

Humar — Lagt er til að leyfilegum humarafla verði skipt eftir svæðum með tilliti til stofnstærðar á hverju svæði.

Kúfskel — Lagt til að leyfilegu aflamarki verði úthlutað eftir svæðum með tilliti til stofnstærðar á hverju svæði.

Cod — *It is recommended to reevaluate the harvest control rule. Regulation act on the closure of spawning areas during spawning season and that the minimum legal mesh size of gillnets to be still in effect.*

Redfish — *Quota should be given separately for *Sebastes marinus* and deep-sea *S. mentella* on the continental shelf in Icelandic waters.*

Atlantic halibut — *Ban on directed halibut fishery and implementation of conservation act in order to protect juveniles.*

Plaice — *Continuing closure of the spawning areas off the South-, Southwest- and West coast of Iceland for during the spawning season.*

Atlantic wolffish — *Continuing closure of the spawning areas off the West coast of Iceland (Látragrunn) during spawning season.*

Blue ling — *Continuing closure of known spawning areas during spawning time.*

Tusk — *Continuing ban on fishery in determinate nursery areas in South- and Southeast Icelandic waters in order to protect juveniles.*

Nephrops — *It is recommended that allowed catch should be divided by areas according to stock size in each area.*


Ocean quahog — *It is recommended that allowed catch should be divided by areas according to stock size in each area.*


1. UMHVERFISÞÆTTIR *Environmental conditions*

Árferði í sjónum við Ísland hefur einkum verið metið af gögnum sem safnað er í vorleiðangri ár hvert. Í þeim leiðangri er farið um miðin umhverfis landið til þess að athuga almennt ástand sjávar, gróður og átu. Áhersla er lögð á sambærilega gagnasöfnun frá ári til árs til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða bæði í hlýja og kalda sjónum við landið. Endurteknar athuganir hafa einnig verið gerðar á öðrum árstímum en um skemmri tíma. Niðurstöður hafa leitt í ljós að ástand sjávar er mjög breytilegt frá ári til árs á hinum ýmsu svæðum við landið og í kjölfar þess framvinda gróðurs og átu, sérstaklega á hafsvæðunum sunnan og norðan landsins. Rannsóknir undanfarinna ára benda til þess að hlýsjór á norðurmiðum stuðli oftast að aukinni heildarframleiðni, en flókið samspil margra mismunandi umhverfisþátta hefur áhrif á fæðukeðjuna og afrakstur nytjastofna á Íslandsmiðum. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um árferðið í sjónum við Ísland undanfarin misseri og tengslin við fyrri ár. Ítarlegri upplýsingar er að finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, Þættir úr vistfræði sjávar, Fjölrit Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 130 (2007).

1.1. Hiti og selta á Siglunessniði

Í meira en hálfa öld hafa hiti og selta verið mæld árlega að vori út af Siglunesi (mynd 1.1). Þessar athuganir hafa oftast reynst endurspeglar almennt ástand sjávar á norðurmiðum og innflæði hlýs og selturíks Atlantssjávar inn á hafsvæðið. Eftir hlýviðrisskeið á norðanverðu Norður-Atlantshafi tók að kólna á sjöunda áratugnum. Svonefnd hafísár 1965–71 tóku við með köldum og seltulitlum pólsjó í Íslandshafi. Eins og sjá má hafa skipst á hlý og köld ár síðan árið 1971 og voru árin 1979 og 1995 köldustu árin eftir hafísárin. Niðurstöður síðasta áratugar sýna að heldur hlýnaði á Norðurmiðum eftir 1995. Má segja að sjávarhiti og selta hafi haldist yfir eða nálægt meðaltali síðan 1998. Allt árið 2003 var sjávarhiti með því hæsta sem mælst hefur frá því að reglulegar mælingar hófust upp úr 1970. Árið 2004 mældist sjávarhiti á Norðurmiðum heldur lægri en árið 2003 en áfram vel yfir meðallagi og selta var jafnframt með herra móti. Árið 2005 og 2006 lækkuðu hiti og selta við Norður- og Austurland en voru þó um eða yfir meðallagi. Vorið 2007 var hiti yfirborðslaga (0–50 m) um meðallag en seltan heldur





Mynd 1.2. Frávik frá meðalhita (°C) árána 1970–2007 á mismunandi svæðum umhverfis Ísland í maí/júní.

Fig. 1.2. Temperature (°C) in Icelandic waters in May/June for the years 1970 to 2007.

undir langtímameðaltali. Undir yfirborðslögum (50–150 m) voru hiti og selta þó yfir meðallagi og endurspeglar það hærri hita og seltu í hlýsjónum sunnan og vestan við landið undanfarin ár (mynd 1.2).


1.2. Botnhiti

Hiti sjávar við botn á Íslandsmiðum endurspeglar hitadreifingu í efri lögum sjávar. Botnhitinn er að jafnaði lægri fyrir norðan og austan landið fyrir áhrif kaldsjávar úr norðri en hærri fyrir sunnan og vestan land vegna áhrifa hlýsjávar úr suðri. Á mynd 1.2. má sjá meðalhita úr vatnssúlunni yfir botni á nokkrum stöðvum umhverfis landið. Meðaltal er tekið af hitamælingum í vatnssúlunni 50 til 100 m yfir botni, lengri súlu ef dýpið er meira.

Botnhiti á landgrunninu er yfirleitt lægstur í febrúar–mars og hæstur í ágúst–september eða jafnvel síðar á árinu. Árssveifla er að vonum mest þar sem grynnt er við landið, en minnkar með vaxandi dýpi. Utan við landgrunnsbrúnina norðan og austan lands er botnhiti alltaf undir 0°C (djúpsjór Norðurhafa). Úti fyrir miðju Norðurlandi (í Eyjafjarðarál, dýpi allt að 700 m) nær kaldur djúpsjórinn langt inn að landi og skiptir Norðurlandi í vestari og eystri hluta. Í landgrunnsflöðunum sunnan og vestan lands fer botnhiti einnig lækkanði með vaxandi dýpi, en þó fer hann ekki mikið niður fyrir 4°C.

Dýpi mælistöðva á mynd 1.2. er mismunandi og ársveiflan því mismikil. Mynd 1.2. sýnir frávik botnhita frá meðalhita að vori (maí/júní) á völdum mælistöðvum síðan 1970. Stokksnes 3 er við landgrunnsbrún nærri hitaskilum suðaustanlands sem skýrir skammtímabreytileika botnhita líkt og gerðist 2005 er kaldur sjór barst að austan eftir landgrunninu. Stöðvarnar sunnan lands sýna að hiti hefur verið yfir meðallagi síðustu tíu árin eða svo og hlýrri sjór jafnvel meira áberandi vestan lands en sunnan og var lítið lát á hlýindum við botn á þessum slóðum árið 2006 og fyrri hluta árs 2007.

Fyrir norðan og austan land eru hitabreytingar jafnan tiltölulega litlar. Þetta kemur vel fram á Siglunesi 3 þar sem botndýpi er mikið. Á síðustu árum má merkja ívið hærri botnhita á landgrunninu norðan- og austanlands (Krossanesi 3 og Langanesi NA1) þó heldur hafi hann lækkað 2005 og 2006.



Mynd 1.3. Átumagn (g þurrvgigt m^{-2} , 0–50 m) að vorlagi á Siglunes-sniði árin 1961–2007. Súlnurnar sýna meðaltöl allra stöðva á sniðinu. Gildið fyrir árið 2007 er bráðabirgðatala sem getur breyst við endanlega úrvinnslu.

Fig. 1. 3. Zooplankton biomass (g dry weight m^{-2} , 0–50 m) in spring at Siglunes section in 1961–2007. The columns show means for all stations at the section. Provisional value for 2007.

1.3. Dýrasvif


Átan gegnir mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar, því að auk þess að vera fæða uppsjávarfiskistofna eins og síldar og loðnu er hún aðalfæða allra fiskistofna á meðan þeir eru á lirlu- og seiðastigi. Jafnvel er talið, að það geti skipt sköpum fyrir afkomu fisklirfanna að nóg sé af átu þegar lirlurnar eru að byrja að afla sér fæðu. Þannig hafa rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar sýnt marktæk tengsl á milli átumagns að vorlagi fyrir suðvestan landið annars vegar, og fjölda þorskeiða í ágúst og nýliðunar þorsks hins vegar. Þótt þessi tengsl séu ekki mjög náin, eru þau samt vísbending um að samband sé á milli vaxtar og viðgangs lífvera í lægstu þrepum fæðustigans og þeirra sem ofar eru.

Árlegar sveiflur í átumagni fyrir sunnan og norðan landið eru nokkurn veginn í takt. Á mynd 1.3 eru sýndar niðurstöður mælinga á átumagni á Siglunes-sniði en þaðan ná gögnin lengst aftur í tímann.

Árið 2006 var mikil áta fyrir Norðurlandi, um tvisvar sinnum meiri en í meðalári, en bráðabirgðaniðurstöður benda til að átumagn á Siglunes-sniði í maí 2007 sé heldur undir meðallagi.

2. Ástand nytjastofna


2.1. ÞORSKUR *Gadus morhua*



2.1.1. Afli, sókn og árgangskipan í veiðum

Heildarafli úr íslenska þorskstofninum árið 2006 var rúm 196 þús. tonn samanborið við tæp 214 þús. tonn árið 2005. Líkt og á síðasta ári er meðtalinn afli Færeyinga utan miðlínu á Færeyjahrygg en hann var árið 2006 um 800 tonn samanborið við um 4 000 tonn að meðaltali árin 2003–2005. Úthlutað aflamark fiskveiðiárið 2005/2006 var 198 þús. tonn en heildarafliinn varð 209 þús. tonn. Undanfarin fjögur fiskveiðiár hefur landaður afli verið á bilinu 5–14% umfram heildarafلامark (tæp 6% á síðastliðnu fiskveiðiári). Þorskaflí á tímabilinu 1955–2006 er sýndur á mynd 2.1.1. og frá 1905 í töflu 3.1.1. Aflamark og afli eftir fiskveiðiárum eru sýnd í töflu 2.1.1. ásamt afla erlendra skipa.

Afli á sóknareiningu í botnvörpu og línu breyttist ekki teljandi á síðasta ári miðað við árið 2005. Afli á



ÞORSKUR. Veiðisvæði þorsks við Ísland árið 2006 (tonn/sjm²). Öll veiðarfæri. Veiðisvæði mismunandi veiðarfæra eru sýnd í viðauka 5.2.

Cod. Fishing grounds in 2006 (tonnes/nm²). All gears combined. Further information by gear type are given in Appendix 5.2.

TAFLA 2.1.1
ÞORSKUR. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildarafلامark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonna) árin 1984–1991 og fiskveiðiárin 1991/92–2006/2007.

Cod. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–1991 and the quota years 1991/92–2006/2007.

Ár Year	Tillaga Rec. TAC	Heildarafلامark National TAC	Aflamark Færeyinga Quota (Faroes) ¹⁾	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others) ¹⁾	Afli alls Total catch
1984 ¹⁾	200	242 ²⁾	2.0	281	2.0	283
1985 ¹⁾	200	263 ²⁾	2.0	323	3.0	326
1986 ¹⁾	300	300 ²⁾	2.0	365	3.0	369
1987 ¹⁾	300	330 ²⁾	2.0	390	2.0	392
1988 ¹⁾	300	350	2.0	376	2.0	378
1989 ¹⁾	300	325	2.0	354	2.0	356
1990 ¹⁾	250	300	2.0	333	2.0	335
1991 ³⁾	240	245	1.5	243	2.0	244
1991/92 ⁴⁾	250	265	1.0	273	2.0	274
1992/93 ⁴⁾	190	205	0.7	240	0.8	241
1993/94 ⁴⁾	150	165	0.7	196	0.8	197
1994/95 ⁴⁾	130	155	0.7	164	0.7	165
1995/96 ⁴⁾	Aflaregla	155 ⁵⁾	0.7	169	0.7	170
1996/97 ⁴⁾	Aflaregla	186 ⁵⁾	0.7	201	0.6	202
1997/98 ⁴⁾	Aflaregla	218 ⁵⁾	0.7	227	0.4	227
1998/99 ⁴⁾	Aflaregla	250 ⁵⁾	1.0	253	1.1	254
1999/00 ⁴⁾	Aflaregla	250 ⁵⁾	1.0	256	1.2	257
2000/01 ⁴⁾	Aflaregla	220 ⁶⁾	1.0	222	1.2	223
2001/02 ⁴⁾	Aflaregla	190 ⁶⁾	1.0	217	1.2	218
2002/03 ⁴⁾	Aflaregla	179 ⁶⁾	1.0	197	1.3	198
2003/04 ⁴⁾	Aflaregla	209 ⁶⁾	1.0	219	5.7	225
2004/05 ⁴⁾	Aflaregla	205 ⁶⁾	1.0	207	6.7	214
2005/06 ⁴⁾	Lækka veiðihlutfall	198 ⁶⁾	1.0	202	7.2	209
2006/07 ⁴⁾	Lækka veiðihlutfall	193 ⁶⁾	1.0	-	-	-

¹⁾ Almanaksár. Calendar year.


²⁾ Í reglugerðum um stjórn botnfiskveiða 1984–87 var umframafli ekki áætlaður vegna ákvæða um heimildir sóknarmarksskipa, tilfærslu milli fisktegunda, flutnings milli ára og afla smábáta. Quota regulations for demersal species during the years 1984–1987 did not provide for extra catches due to effort quota and other flexibilities in the system.

³⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. January–August 1991.

⁴⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. Quota year September–August.


⁵⁾ Samkvæmt aflareglu. According to catch rule.

⁶⁾ Samkvæmt endurskoðaðri aflareglu (2000 og 2006). According to an amended catch rule (2000 and 2006).




Mynd 2.1.1. ÞORSKUR. Heildarafli (þús. tonna) árin 1955–2006 og meðalveiðidánartala (F) 5–10 ára þorsks sama tímabil.

Fig. 2.1.1. COD. Total landings (thous. tonnes) 1955–2006 and mean F_{5-10} during the same period.



Mynd 2.1.2. ÞORSKUR. Þorskaflí á sóknareiningu eftir veiðarfærum árin 1991–2006 (miðað við 100 árið 1991).

Fig. 2.1.2. COD. Relative changes in CPUE by fishing gear during 1991–2006 (1991=100).



Mynd 2.1.3. ÞORSKUR. Aldursdreifing afla (% af fjölda) 2006.

Fig. 2.1.3. COD. Age distribution in the 2006 catch (% by number).

sóknareiningu í net jókst hins vegar lítillega frá síðasta ári og hefur því aukist nokkuð frá 2004 þegar hann mældist í sögulegu lágmarki (mynd 2.1.2.).

Hlutfallsleg aldersdreifing aflans árið 2006 er sýnd á mynd 2.1.3. Megin uppistaða veiðanna 2006 í fjölda var sex ára þorskur eða um 35% af aflanum (mynd 2.1.3.). Aðrir aldersflokkar voru mun minna áberandi og nú er hinn smái 2001 árgangur (fimm ára) kominn að fullu inn í veiði sem leiðir til þess að hlutfallslegt vægi annarra aldersflokka eykst í afla.

2.1.2. Meðalþyngd, kynþroski og holdafar

Meðalþyngd þorsks eftir aldri hefur lækkað verulega á síðustu árum og er meðalþyngd flestra aldursflokka í stofnmælingu að hausti (SMH) 2006, afla 2006 og stofnmælingu í mars (SMB) 2007 í eða við sögulegt lágmark (töflur 3.1.2. og 3.1.4.). Holdafar fisks sem er veginn í stofnmælingunum hefur hins vegar breyst lítið á undanföllum árum þannig að breyting í meðalþyngd orsakast af því að fiskurinn er styttri miðað við aldur.

Lækkandi meðalþyngdir 5–8 ára þorsks hafa verið tengdar minnkandi magni og viðveru loðnu við Ísland sem kom vel fram í fæðusýnum í stofnmælingu að hausti á árunum 2003–2005. Nokkra aukningu á loðnumagni í þorskmögum mátti sjá í október 2006 miðað við undangengin ár. Á árunum 2004–2007 sást töluvert af loðnu í þorskmögum í stofnmælingu í mars út af Norður- og Norðvesturlandi en heildarmagn loðnu í þorskmögum í mars var mun minna á árunum 2003–2007 en árin á undan.

Mjög breytilegt er frá ári til árs á hvaða svæðum loðna finnst í þorskmögum í mars og er erfitt að finna samhengi þeirra gagna við vöxt þorsks. Engin fylgni hefur fundist milli vaxtar 1–3 ára þorsks og magns loðnu við landið enda benda fæðusýni til þess að rækja, botndýr, ljósáta og annað dýrasvif sé mikilvægasta fæða þessa aldurshóps. Fremur lítið er þó vitað um magn þessara fæðutegunda annarra en rækju.

Auk loðnu virðist magn nokkurra annarra mikilvægra fæðutegunda hafa dregist saman á undanföllum árum. Rækja er töluvert mikilvæg fæðutegund hjá smæsta þorskinum en magn rækju hefur minnkað verulega á undanföllum árum, einkum á grunnslóð. Sandsíli er ein af algengustu fæðutegundum þorsks og fleiri botnfiska á vissum svæðum og árstímum en er ekki mjög áberandi í fæðusýnum sem tekin eru í stofnmælingum. Þó hefur mátt sjá sandsíli í þorskmögum í stofnmælingu að hausti, einkum ungsíli og bendir þróunin þar til verulegrar minnkunar á stofnstærð sílis. Svipaða þróun má sjá í sýnum sem er safnað úr afla fiskiskipa en þar er síli mjög áberandi fæðutegund á sumum svæðum. Kolmunnir var algengur í fæðu þorsks fyrir austan og suðaustan land á árunum 2002–2004 en síðan þá virðist hafa dregið úr áti þorsks á kolmunna. Einnig má sjá vaxandi magn síldar vestanlands, einkum í mögum stærri þorsks.

Nokkuð gott samband er á milli meðalþyngdar þorsks í stofnmælingu í mars og meðalþyngdar í afla sama ár. Meðalþyngd í afla er yfirleitt hærri bæði vegna vaxtar og vals veiðarfæra. Síðustu ár hefur meðalþyngd 10–13 ára þorsks í afla hins vegar verið mun lægri en í stofnmælingu. Þessi munur skýrist af aukinni sókn með línu á grunnslóð norðanlands undanföllum árum þar sem hæg vaxta þorsks er herra hlutfall aflans. Sókn með netum á vertíðarsvæðunum sunnanlands hefur hins vegar dregist saman en 10–14 ára fiskur kom aðallega í net á þessum svæðum. Líklegt


er því að lækkan á meðalþyngd eldri fisks stafi að hluta til af breyttu sóknarmynstri en einnig getur verið að þetta sé áhrif mikillar sóknar í stærsta fisk hvers aldurshóps.

Árið 2007 lækkaði kynþroskahlutfall fimm ára þorska umtalsvert eða úr um 29% niður í 16% og hjá sjö og átta ára lækkaði hlutfallið einnig en þó minna. Kynþroskahlutfall þriggja og fjögurra ára stóð í stað en hjá sex ára hækkaði það um rúm 5%. Kynþroski er að mestu háður stærð og aldri fisksins en kynþroskahlutfall eftir aldri er yfirleitt hærra þegar meðallengdir eru háar. Hængar verða að öllu jöfnu fyrr kynþroska en hrygnur. Meðalkynþroskaaldur, þ.e. sá aldur þegar helmingur árgangs nær kynþroska, hefur lækkað úr tæplega 6,5 árum í 1983 árganginum niður í u.þ.b. sex ár í 2001 árganginum. Þessi lækkan er nokkuð jöfn yfir allt tímabilið. Unnið er að rannsóknunum á þeim þáttum sem gætu hafa haft áhrif á breytingu kynþroskaaldurs.

2.1.3. Vísitölur í stofnmælingum

Heildarvísitala í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) ásamt mati á mæliskekku frá 1985–2007 er sýnd á mynd 2.1.4. Stofnvísitala þorsks árið 2007 lækkaði frá 2006 og er um 40% lægri en árið 2004. Lækkunina frá 2004 má meðal annars rekja til aukins vægis árgangs 2001 sem var lélegur og lækkunar meðalþyngdar eftir aldri. Fyrsta mat á 2006 árgangnum í SMB bendir til að hann sé lítil eða heldur minni en 2005 árgangurinn. Aldursgreindar fjölda-vísitölur úr stofnmælingunni eru sýndar í töflu 3.1.11.

Stofnmæling að hausti (SMH) nær yfir stærra svæði en SMB en stöðvanetið er ekki jafn þétt. Vísitala þorsks í SMH árið 2006 er líkt og í SMB, lægri en árið áður og hefur ekki verið lægri síðan haustið 2002. Mæliskekkan árið 2006 er metin fremur lítil vegna jafnrar útbreiðslu þorsksins. Bæði SMB og SMH gefa svipaða mynd af þróun stofnsins (mynd 2.1.4.), en stofnaukningin á árunum 1996–1998 er



Mynd 2.1.4. ÞORSKUR. Þyngdarvísitölur úr stofnmælingu í mars (heil lína) og að hausti (punktur). Skyggða svæðið og lóðréttu línurnar sýna staðalfrávik í mati á vísitölum.

Fig. 2.1.4. Cod. Biomass indices from spring (solid line) and autumn (dots) groundfish surveys. Shaded area and vertical lines show one standard deviation in the estimates.

ekki eins áberandi í SMH. Auk þess hafa vísitölur í SMH ekki lækkað eins mikið á síðustu árum.

2.1.4. Stofnmat og forsendur

Mat á stærð þorskstofnsins (tafla 3.1.7.) er byggt á aldursgreindum afla og aldursskiptum vísitölum úr SMB. Gert er ráð fyrir að náttúrulegur dauði sé fasti (0.2 í öllum aldursflokkum þriggja ára og eldri). Eins og á síðustu árum er mat á stærð þorskstofnsins byggt á nokkrum mismunandi reiknilíkönunum sem byggjast á svipuðum grunnforsendum en hafa þó nokkuð ólíkar forsendur varðandi ýmsa skekkjuliði (sjá Viðauka 5.1.).

Mat á fjölda fiska í hverjum aldurshópi er umreiknað yfir í stofnþyngdir með því að leggja saman margfeldi af fjölda fiska og meðalþyngd. Gefnar eru þrjár mismunandi stofnþyngdir:

- Viðmiðunarstofn (fjögurra ára og eldri), er notaður til að reikna út aflamark samkvæmt aflareglu og byggist á meðalþyngd eftir aldri í afla.
- Stofnþyngd (fjögurra ára og eldri) er byggð á meðalþyngd í SMB. Þar sem veiðarnar beinast mest að stærstu einstaklingum uppvaðandi árganga, er stofn reiknaður með þessum hætti nær því að gefa rétta mynd af raunverulegri lífþyngd þorsks í upphafi árs en þegar notaðar eru aflþyngdir.
- Hrygningarstofn er reiknaður út frá fjölda kynþroska fiska á hrygningartíma, ásamt meðalþyngd kynþroska fisks og kynþroskahlutfalli í SMB.

Til margra ára var spáð fyrir um meðalþyngd þorsks í afla út frá áætlaðri stærð loðnustofnsins. Með breyttri útbreiðslu loðnunnar var meðalþyngdum spáð of háum. Undanfarin tvö ár hefur verið gert ráð fyrir óbreyttum aflþyngdum þar sem ekki hefur verið unnt að spá fyrir um stærð loðnustofnsins. Þessi aðferð leiddi til 3% vanmats á þyngdum í afla árið 2005 en 6% ofmats árið 2006. Við útreikninga á aflamarki næsta fiskveiðiárs þarf að áætla meðalþyngd eftir aldri í afla á úttektarárinu.

Til að spá fyrir um meðalþyngdir í afla árið 2007 var notað samband meðalþyngdar í afla og meðalþyngdar í stofnmælingu árið 2006. Meðalþyngdir í afla árið 2008 voru síðan áætlaðar þær sömu og árið 2007.

Kynþroskahlutfall í framreikningum er byggt á meðaltali kynþroska þorsks í SMB á árunum 2005–2007.

Stofnstærð var framreiknuð með sama líkani og notað var við stofnmatið og er þar tekið tillit til óvissu í stofnmati og líkindadreifing framreiknaðrar stofnstærðar metin. Þannig er gert ráð fyrir 15% úttektarskekku með sjálffylgni 0,2 og að meðalþyngd-


ir í afla eftir 2006 séu log-normaldreifðar með meðaltal jafnt gildi ársins 2005, 13% staðalfrávik og sjálffylgni 0,4.

2.1.5. Ástand og horfur

NÝLIÐUN: Árgangar frá 2001 til 2006 eru allir metnir undir langtímameðaltali (170 milljónir nýliða við þriggja ára aldur). Þar af er 2001 árgangurinn sá lélegasti frá upphafi, eða 64 milljónir fiska. Árgangurinn frá 2004 er metinn sá fjórði minnsti eða 81 milljónir fiska (tafla 3.1.12. og mynd 2.1.6.). Fyrstu mælingar á 2006 árganginum benda til þess að hann verði einungis um 140 milljónir fiska. Meðalnýliðun þessara sex síðustu árganga er einungis um 117 milljónir fiska. Til samanburðar er meðalnýliðun árganganna frá 1997 til 2000, sem borið hafa uppi veiðina og stofninn á undanförunum árum, metinn á um 170 milljónir þriggja ára nýliða.


FISKVEIÐIDAUDI: Veiðihlutfallið, þ.e. afli í þyngd sem hlutfall af viðmiðunarstofni, á síðustu fjórum árum, hefur verið nokkuð stöðugt eða um 30% (mynd 2.1.7.). Þó þetta sé umtalsverð lækun miðað við veiðihlutfall árunna fyrir upptöku aflareglunnar (40% að meðaltali árin 1988–1993) þá er það tæplega 20% hærra en stefnt var að. Annar mælikvarði á sókn í stofninn, veiðidánartala 5–10 ára fisks í fjölda er enn mjög há eða um 0.6 á síðustu fjórum árum. Þetta er 50% hærri veiðidánartala en áætlað var að aflaregla gæfi til lengri tíma litið ($F_{5-10}=0.4$). Líklegt er að fiskveiðidaudi á yfirstandandi ári og á árinu 2008 lækki ekki frá því sem nú er ef núverandi aflareglu verður fylgt (tafla 2.1.2.).

VIÐMIÐUNARSTOFN: Þróun í stofnstærð þorsks ræðst af nýliðun, veiðiálagi í hverjum aldursflokki og meðalþyngd eftir aldri. Þróun í stærð viðmiðunarstofnsins á undanförunum árum (mynd 2.1.9., tafla 3.1.9.) sýnir að hann náði sögulegu lágmarki á árunum 1992–1995 þegar hann var um 550 þús. tonn. Ástæða þessa er fyrst og fremst mjög mikil sókn á árunum á undan og lélegri nýliðun á síðari hluta níunda áratugarins og upphafi þess tíunda. Í kjölfar lækkanði veiðihlutfalls og tilleggs meðalárganganna




Mynd 2.1.5. ÞORSKUR. Stærð viðmiðunarstofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns á hrygningartíma árin 1955–2007 í þús. tonna.

Fig. 2.1.5. COD. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass at spawning time during the period 1955–2007 (thous. tonnes).




Mynd 2.1.6. ÞORSKUR. Áætluð stærð þorskárganganna 1960–2006. Fjöldi við þriggja ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.1.6. COD. Estimated year class size 1960–2006 at age 3 (in millions).



Mynd 2.1.7. ÞORSKUR. Veiðihlutfall (%) og veiðidánarstuðlar (F_{5-10}) frá árinu 1955.


Fig. 2.1.7. COD. Harvest ratio (%) and fishing mortality (F_{5-10}) since 1955.



Mynd 2.1.8. ÞORSKUR. Uppsöfnuð líkindadreifing aflamarks fiskveiðiárin 2008/2009 og 2009/2010 miðað við að aflamark verði samkvæmt aflareglu.

Fig. 2.1.8. COD. Cumulative probability plots of estimated TAC in the fishing years 2008/2009 and 2009/2010 assuming TAC according to the harvest control rule.

frá 1997 til 2000 stækkaði stofninn og var um 800 þús. tonn árið 2004. Vegna lélegra árganga allt frá 2001, ásamt lækkanði meðalþyngdum og mikilli sókn, hefur viðmiðunarstofninn minnkað undanfarin þrjú ár og er nú metinn um 650 þús. tonn í upphafi árs 2007. Þegar hinn slaki 2004 árgangur kemur inn í viðmiðunarstofninn sem fjögurra ára í upphafi árs 2008 minnkar stofninn enn frekar og er því spáð að hann nálgist sögulegt lágmark og verði um 570 þús.



Mynd 2.1.9. ÞORSKUR. Stærð viðmiðunar- og hrygningarstofns ásamt framreikningum til ársins 2011 miðað við að aflfi verði samkvæmt aflareglu. Heila, breiða línan sýnir miðgildi. Líkur eru 50% á að gildin lendi milli punktalínanna og 90% líkur á að þau lendi innan skyggða svæðisins.

Fig 2.1.9. COD. Biomass 4+ using catch weights and spawning stock estimate. Prognosis is based on catch according to the catch rule. The continuous bold line represents the median, the dotted lines the 25 and 75% percentiles and the shaded area 5 and 95% percentiles.


tonn. Til lengri tíma litið, ef fylgt er núverandi aflareglu, er líklegast að viðmiðunarstofninn verði í kringum 600 þús. tonn fram til ársins 2011 (mynd 2.1.9.). Að sama skapi eru umtalsverðar líkur á því að hann geti farið undir sögulegt lágmark ef óbreyttri aflareglu er fylgt.

HRYGNINGARSTOFN: Hrygningarstofninn hefur verið mjög lítill síðustu 35 ár (mynd 2.1.5.) samanborið við fyrri hluta síðustu aldar, en náði sögulegu lágmarki árið 1993 (var rúm 120 þús. tonn). Frá þeim tíma hefur hrygningarstofninn stækkað og er talið að hann hafi verið tæp 230 þús. tonn árið 2005. Á síðustu tveimur árum hefur hrygningarstofninn minnkað nokkuð og er metinn um 180 þús. tonn árið 2007. Ef fylgt er núverandi aflareglu, er líklegast að hrygningarstofninn haldist óbreyttur að stærð næstu fjögur árin (mynd 2.1.9.). Engu að síður eru umtalsverðar líkur á því að hann fari undir sögulegt lágmark ef áfram verður veitt samkvæmt núgildandi aflareglu.

AFLI OG AFLASAMSETNING: Aflareglu sú sem nú er í gildi kveður á um að aflamark næsta fiskveiðiárs reiknist sem 25% af meðaltali viðmiðunarstofns í upphafi úttektaárs og aflamarks líðandi fiskveiðiárs. Ef stjórnvöld fylgja núverandi aflareglu verður aflamark næsta fiskveiðiárs 178 þús. tonn (tafla 2.1.2.). Til samanburðar hefði aflamark reiknað út samkvæmt fyrri aflareglu verið 163 þús. tonn. Munurinn stafar fyrst og fremst af því að í núverandi útreikningum er hinn lélegi árgangur frá 2004, sem verður fjögurra ára árið 2008, ekki inni í aflamarki.

Samkvæmt líkindadreifingu aflamarks árin 2008/2009 og 2009/2010, miðað við að aflareglu verði fylgt (mynd 2.1.8), eru um 50% líkur á að aflfi verði minni en 160 þús. tonn 2008/2009 og minni en 150 þús. tonn fiskveiðiárið 2009/2010.

Spá um aldursdreifingu þorskaflans árið 2007 (mynd 2.1.10.) sýnir að um 72% aflans af fjölda verði árgangur 1999–2002 (5–8 ára). Hlutdeild 3–4 ára þorsks er áætluð um 22%. Ástæða minnkandi vægis 5–8 ára þorsks í afla miðað við árið 2005 er hinn lélegi 2001 árgangur. Árið 2008 má gera ráð fyrir að árgangarnir frá 2002 og 2003 verði mest áberandi í aflanum eða samtals um 57% af fjölda. Árið 2007 verður 10 ára og eldri þorskur um 2% af



Mynd 2.1.10. ÞORSKUR. Spá um aldursdreifingu í aflanum (% af fjölda) árin 2007–2008.

Fig. 2.1.10. COD. Prognosis of percentage age distribution (% by numbers) in the 2007 and 2008 catches.

fjölda í afla en um 2,4% árið 2008. Til samanburðar má nefna að á síðari hluta sjötta áratugar síðustu aldar var hlutfall 10 ára og eldri þorsks að meðaltali um 16% af fjölda landaðra fiska.


ÓVISSA Í STOFNMATI OG SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR: Eins og kunnugt er ríkir talsverð óvissa í mati á stofnstærð á hverjum tíma og er þessi óvissa í raun grunnur að varúðarnálgun við stjórn fiskveiða. Munur á núverandi mati á viðmiðunarstofni og mati sl. árs er vel innan tölfræðilegra skekkjumarka sem þá lágu fyrir. Í úttektinni árið 2006 var talið líklegast að viðmiðunarstofn í upphafi árs 2007 yrði um 745 þús. tonn (nú metinn 649 þús. tonn) og hrygningarstofn 245 þús. tonn (nú 182 þús. tonn). Mat á viðmiðunarstofninum hefur því lækkað um 13% og á hrygningarstofninum um 26%. Um 40% af minnkun viðmiðunarstofnsins er vegna lægri meðalþyngda í afla en gert var ráð fyrir en 60% vegna endurmats á stærð árganga en nær allir árgangar eru nú metnir minni en í fyrra. Sömu þættir hafa áhrif á metna stærð hrygningarstofnsins en til viðbótar því kemur lækkun í mældu kynþroskahlutfalli eftir aldri miðað við það sem spáð var í fyrra. Lækkun vísitalna í SMB 2007 í samanburði við 2006 er það mikil að ekkert líkan nær að fylgja henni eftir. Ef mat á stærð stofnsins byggðist eingöngu á vísitölum ársins 2007 úr SMB sýna niðurstöður að viðmiðunarstofn í upphafi árs geti verið um 565 þús. tonn.

TAFLA 2.1.2									
ÞORSKUR. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonna) árið 2009.									
Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2009 for different management strategies.									
2007				2008				2009	
Áætlaður affli Pred. landings	Stofn 4+ Stock4+	Hrygn. stofn Spawn.stock	F ⁽¹⁾	Aflhámark TAC	Stofn 4+ Stock4+	Hrygn. stofn Spawn.Stock	F ⁽¹⁾	Stofn 4+ Stock4+	Hrygn. stofn Spawn.stock
195	649	182	0.61	100	570	206	0.30	662	252
				130	570	198	0.40	628	233
				160	570	190	0.52	594	194
				200	570	179	0.69	548	156
Aflaregla Catch rule				178	570	186	0.59	574	180

¹⁾ Meðalveiðidánartala 5–10 ára þorsks.
F=Average fishing mortality of age groups 5–10.

Töluverður munur er einnig á núverandi stofnmati sem byggist á vísitölum úr SMB og stofnmati sem byggist á vísitölum úr SMH. Þannig er viðmiðunarstofn í upphafi árs 2007 metinn 620–690 þús. tonn þegar byggt er á mælingum úr SMB. Þegar byggt er á mælingum úr SMH er stofninn metinn 720–830 þús. tonn. Ástæða þessa munar er ekki þekkt. Þar sem stofnmælingin í mars 2007 bendir til að stofninn sé enn minni en niðurstöður úr stofnmatslíkani, sem að byggir á stofnvísitölum árána 1985–2007, var ákeðið að byggja mat á stærð þorskstofnsins á líkönum sem samstillt eru eingöngu með vísitölum úr SMB og vísitölum SMH því ekki notaðar beint í matið.

Þróun í vísitölum í stofnmælingu með netum (SMN) frá 1996 til 2006 er ekki í samræmi við þróun hrygningarstofns samkvæmt aldurs-aflalíkani. Var þróun vísitalna SMN lægri en gera hefði mátt ráð fyrir samkvæmt líkönum. Veruleg aukning var í SMN vísitölum árið 2007 miðað við fyrri ár.




Mynd 2.1.11. ÞORSKUR. Uppsöfnuð líkindadreifing á stærð hrygningarstofns árið 2011 miðað við að veitt sé mismunandi hlutfall af viðmiðunarstofni. Metinn hrygningarstofn árið 2007 og sá hrygningarstofn sem gefur hámarksafurkastur eru sýndir til viðmiðunar. Myndin sýnir að með 25% veiðihlutfalli eru yfir 35% líkur á að hrygningarstofn ársins 2011 verði minni en hann er metinn nú. Með 22% veiðihlutfalli eru líkurnar orðnar um 15% og nánast hverfandi við lægra veiðihlutfall.

Fig. 2.1.11. Cod. Cumulative distribution of the spawning stock biomass in 2011 based on harvesting different proportion of biomass 4+. Estimated spawning stock in 2007 (183) and Bmsy are shown for reference. The figure shows that if the current HCR is followed, the probability that the spawning stock in 2011 will be below the current estimate is more than 35% but around 15% if the harvest ratio is reduced to 22% and negligible if the ratio is lower.

2.1.6. Ráðgjöf

Í ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar í fyrra var lögð áhersla á að gripið yrði til aðgerða sem leiddu til þess að hrygningarstofninn stækkaði, enda er stærð hans talinn einn af mikilvægustu þáttunum sem hafa áhrif á árgangastærð þorsks. Umhverfisskilyrði sem eru óviðráðanleg, skipta einnig máli en auka má stærð og fjölbreytileika hrygningarstofns með rétttri stýringu veiða. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að stór hrygningarstofn með mikinn aldurs- og stærðarbreytileika hrygnir yfir lengra tímabil og á stærra svæði og er þar af leiðandi ekki eins viðkvæmur fyrir tímabundnum eða staðbundnum umhverfissveiflum.

Eins og fram kom í skýrslu um ástand nytjastofna á síðasta ári, var ályktun nefndar sjávarútvegráðherra um mat á aflareglunni, sem skilaði skýrslu í apríl 2004, sú að hagkvæmasta veiðihlutfallið væri á bilinu 18–23%. Jafnframt kom fram að þegar ástand hrygningarstofnsins væri með sama hætti og nú, þá taldi nefndin að hagkvæmara væri að veiðialagið lægi í neðri mörkum þessa bils. Það er því ljóst að þær



Mynd 2.1.12. ÞORSKUR. Uppsöfnuð líkindadreifing hrygningarstofns árið 2011 sem hlutfall af mati 2007 miðað við að veitt sé mismunandi hlutfall af viðmiðunarstofni. Myndin sýnir að með 25% veiðihlutfalli eru aðeins um 30% líkur á að hrygningarstofn ársins 2011 verði minni en hann er metinn nú. Með 22% veiðihlutfalli eru líkurnar orðnar um 10% og nánast hverfandi við lægra veiðihlutfall.

Fig. 2.1.12. Cod. Cumulative distribution of spawning stock biomass as a fraction of 2007 estimate in 2011 based on harvesting different proportion of biomass 4+. The figure shows that if the current HCR is followed, the probability that the spawning stock in 2011 will be below the current estimate is more than 30% but around 10% if the harvest ratio is reduced to 22% and negligible if the ratio is lower.

tæknilegu breytingar á aflareglu sem gerðar voru af hálfu stjórnvalda á síðasta ári taka ekki á megin niðurstöðum nefndarinnar um lækkingu aflamarks niður fyrir 25%.

Mynd 2.1.11. sýnir líkindadreifingu á stærð hrygningarstofns árið 2011 miðað við mismunandi veiðihlutfall og mynd 2.1.12. sýnir líkindadreifingu hrygningarstofns árið 2011 sem hlutfall af hrygningarstofni 2007. Árið 2011 er hér notað til viðmiðunar því mat á hrygningarstofni byggist þá eingöngu á árgöngum sem þegar eru til mælingar á. Rétt er að taka fram að greiningar sem þessar taka ekki á öllum óvissuþáttum og því ber að túlka niðurstöðurnar sem lágmarksáhættu.


Áhættugreiningin sýnir að ef áfram verður veitt samkvæmt núgildandi aflareglu þá eru miklar líkur á að hrygningarstofninn árið 2011 verði minni en hann er nú. Til þess að líkur séu miklar (meira en 90%) á að hrygningarstofninn stækki frá því sem nú er þarf að lækka veiðihlutfall í 20% eða minna á næstu fjórum árum.

Eins og að framan greinir reiknast aflamark næsta fiskveiðiárs samkvæmt núgildandi aflareglu 178 þús. tonn. Undanfarin ár hefur Hafrannsóknastofnunin lagt til að aflareglu verði breytt og veiðihlutfall lækkað, en þeirri ráðgjöf hefur ekki verið fylgt. Stærð veiðistofns er nú metinn nálægt sögulegu lágmarki og stærð hrygningarstofnsins er aðeins um helmingur þess sem talið er að gefi hámarks afkastur. Nýliðun síðustu sex árin hefur verið slök og meðalþyngd allra aldurshópa er í sögulegu lágmarki. Í ljósi þessa telur Hafrannsóknastofnunin mikilvægt að veiðihlutfall verði nú þegar lækkað og að aflamark á komandi árum miðist við 20% af viðmiðunarstofni í stað 25% sem verið hefur. Vegna bágs ástands uppvaxandi árganga, er lagt til að ekki verði að þessu sinni tekið tillit til aflamarks yfirstandandi fiskveiðiárs við útreikning aflamarks fiskveiðiárið 2007/2008 eins og ella væri gert við beitingu aflareglunnar. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að afli næsta fiskveiðiárs verði takmarkaður við 130 þús. tonn. Auk þess leggur stofnunin til að núverandi reglur um hámarks-möskvastærð og lokanir á hrygningarslóð verði í gildi enn um sinn.

2.1.8. Þorskstofninn í Barentshafi

Íslendingar stunduðu þorskveiðar í Barentshafi og við Svalbarða á fyrri hluta 20. aldar. Veiðar lágu hins vegar niðri um langt árabli, eða til ársins 1993. Það ár veiddu íslensk skip rúmlega 9 000 tonn af þorski í svokallaðri Smugu. Á næstu þremur árum var ársaflinn milli 23 og 37 þús. tonn. Frá árinu 1997 hefur afli íslenskra skipa verið á bilinu 1 500 til 7 600 tonn og var tæp 6 000 tonn á síðasta ári. Frá árinu 1999 hafa árlegar aflaheimildir Íslendinga takmarkast við 6 000–8 900 tonn.

Mesti afli úr þorskstofninum í Barentshafi á síðari hluta 20. aldar var árið 1969 en þá var hann um



Mynd 2.1.14. ÞORSKUR. Stærð hrygningarstofnsins í Barentshafi og veiðidánartölur (F) 5–10 ára árin 1970–2006.


Fig. 2.1.14. COD. Spawning stock biomass in Barents Sea at spawning time and mean F_{5-10} during the period 1970–2006.

1 200 þús. tonn. Frá árinu 1990 hefur aflinn verið á bilinu 212–771 þús. tonn. Á síðustu þremur árum hefur aflinn aukist úr um 550 þús. tonnum í 640 þús. tonn. Þessar tölur innhalda mat á óskráðum afla sem ekki er tilgreindur í opinberum löndunartölum. Mat á óskráðum afla er á bilinu 30–130 þús. tonn á síðustu árum.

Frá árinu 1994 hefur veiðidánartalan verið há, eða á bilinu 0.5–1.0 og er nú metin 0.66 fyrir árið 2006. Árgangar sem komið hafa inn í veiðistofninn á undanförunum árum hafa verið nálægt meðallagi og hrygningarstofni í ársbyrjun 2007 var metinn 574 þús. tonn (mynd 2.1.14). Nýliðun er talin verða undir meðallagi á næstu árum. Alþjóðahafrannsóknaráðið leggur til að veitt verði samkvæmt aflareglu árið 2008 og að aflinn fari ekki yfir 409 þús. tonn, sem samsvarar veiðidánartölu 0.51.

2.1.9. Þorskstofninn við Grænland

Þorskveiðar á landgrunninu við Grænland hófust að marki upp úr 1925 og var aflinn árið 1931 um 120 þús. tonn. Fram að síðari heimstyrjöld var ársaflinn milli 60 og 130 þús. tonn. Eftir tiltölulega litlar veiðar frá 1940–1945 jókst aflinn jafnt og þétt og náði



Mynd 2.1.15. ÞORSKUR VIÐ GRÆNLAND. Heildaraffli (þús. tonna) árin 1925–2006.

Fig. 2.1.15. GREENLAND COD (OFFSHORE). Total landings (thous. tonnes) since 1925.

hann hámarki árið 1962, um 450 þús. tonnum. Aflinn hélst á bilinu 350–430 þús. tonn til ársins 1968, en minnkaði mjög hratt og var kominn undir 100 þús. tonn árið 1973 (mynd 2.1.15.). Síðan þá hefur afli verið mjög lítill ef undanskilin eru tímabilin um og eftir 1980 og 1988–1990 en þá náði aflinn yfir 50 þús. tonnum sum ár. Aflaaukningu á þessum árum má að mestu rekja til stóru árganganna frá 1973, 1984 og 1985. Aflinn á síðustu 13 árum hefur verið undir 1 000 tonnum nema á síðasta ári en þá var hann um 2 400 tonn. Samkvæmt upplýsingum um aflasamsetningu frá árinu 2006 og 2007 þá samanstóð aflinn af nokkuð mörgum aldurshópum og að hluta til beyndist veiðin að stórum hrygnandi fiski sem fannst í mjög þéttum torfum á Austur-Grænlandsmiðum. Þorskur við Grænland er talinn eiga uppruna sinn á þremur meginhrygningarsvæðum, innfjarðar, landgrunnskanti Grænlands og frá Íslandi. Innfjarðaafli hefur, sögulega séð, verið mun minni en aflinn á landgrunninu. Á síðustu árum hefur innfjarðaafli aukist umtalsvert og var á síðasta ári rúm 7 000 tonn.

Um miðja síðustu öld er hrygningarstofn þorsks við Grænland talinn hafa verið yfir ein milljón tonna en stofninn hrundi í kringum 1970 vegna ofveiði og umhverfisbreytinga. Hrygningarstofninn á síðustu 35 árum hefur verið mjög lítill að undanskildum einstökum árum þegar í stofninn hafa bæst árgangar sem líklega má rekja til seiðareks af Íslandsmiðum. Þessir árgangar skiluðu sér aftur á Íslandsmið sem kynþroska fiskur. Þannig er metið að um 100 milljónir fiska af árgangi 1973 hafi komið inn á Íslandsmið sem sjö ára fiskur árið 1980 og átta ára fiskur árið 1981. Síðasta ganga þorsks frá Grænlandi er talin hafa verið árið 1990, þegar rúmlega 30 milljónir fiska úr árgangi 1984, þá sex ára eru taldar hafa gengið á Íslandsmið.

Stofnmælingar á þorski við Grænland sem fram hafa farið frá haustinu 1982 benda til þess að árgangurinn frá 2003 sé um helmingur af stærð 1984 árgangsins. Þar sem engar seiðamælingar fara lengur fram í Grænlandssundi er ekki ljóst hvort rekja megi þessa auknu nýliðun til seiðareks frá Íslandi, líkt og var með árgangana frá 1973 og 1984. Hins vegar er útbreiðsla þessa árgangs með svipuðum hætti og oft hefur verið með árganga sem að síðar hafa skilað sér á Íslandsmið.


Alþjóðahafrannsóknaráðið leggur til að þorskveiðar verði áfram mjög takmarkaðar við Grænland.

2.2. ÝSA *Melanogrammus aeglefinus*




2.2.1. Afli, sókn og árgangaskipan

Ýsuaflinn á árinu 2006 varð tæp 98 þús. tonn og nánast sá sami og árið 2005 en ýsuaflir hefur ekki verið meiri frá árinu 1965. Fyrir fiskveiðiárið 2006–07 lagði Hafrannsóknastofnunin til 95 þús. tónna aflahámark og úthlutað heildaraflamark var 105 þús. tonn (tafla 2.2.1.). Á fyrstu níu mánuðum yfirstand-



Mynd 2.2.1. ÝSA. Heildaraflir (þús. tónna) árin 1979–2006 og meðalveiðidánartala (F) 4–7 ára ýsu sama tímabil.

Fig. 2.2.1 HADDOCK. Total landings (thous. tonnes) 1979–2006 and mean F_{4-7} during the same period.



ÝSA. Veiddisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

HADDOCK. Fishing grounds in 2006. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

andi fiskveiðiárs var landaður afli svipaður og á sama tíma á síðasta fiskveiðiári. Mynd 2.2.1. sýnir árlegan ýsuafla og veiðidánartölur árinna 1979–2006. Afli frá árinu 1950 er tilgreindur í töflu 3.2.1.

Undanfarin ár hefur hlutfall ýsu sem veitt er á línu og í dragnót farið hækkandi en hlutdeild afla í net og botnvörpu lækkandi. Ýsuaflir ársins 2006 skiptist þannig að 47% aflans veiddust í botnvörpu, 39% á línu, 13% í dragnót og 1% í net.

TAFLA 2.2.1.

ÝSA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tónna) 1984–2006/07.


HADDOCK. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–2006/07.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others) ¹⁾	Afli alls Total landings
1984 ¹⁾	55	60	47	1	48
1985 ¹⁾	45	60	50	1	51
1986 ¹⁾	50	60	47	1	48
1987 ¹⁾	50	60	40	1	41
1988 ¹⁾	60	65	53	1	54
1989 ¹⁾	60	65	62	1	63
1990 ¹⁾	60	65	66	1	67
1991 ¹⁾	38	48	40	1	41
1991/92 ³⁾	50	50	47	1	48
1992/93 ³⁾	60	65	47	1	48
1993/94 ³⁾	65	65	56	1	57
1994/95 ³⁾	65	65	60	1	61
1995/96 ³⁾	55	60	53	1	54
1996/97 ³⁾	40	45	50	1	51
1997/98 ³⁾	40	45	37	1	38
1998/99 ³⁾	35	35	45	1	46
1999/00 ³⁾	35	35	41	1	40
2000/01 ³⁾	30	30	39	1	40
2001/02 ³⁾	30	41	44	1	45
2002/03 ³⁾	55	55	55	1	56
2003/04 ³⁾	75	75	78	1	79
2004/05 ³⁾	90	90	96	1	97
2005/06 ³⁾	105	105	97	1	98
2006/07 ³⁾	95	105			

¹⁾ Almanaksár. Calendar year.

²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. January–August 1991.

³⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. Quota year September–August.




Ýsuafli fyrir Norður- og Austurlandi hefur aukist verulega á undanförunum árum frá því að vera um 6% heildaraflans árið 2002 í um 20% árin 2005 og 2006. Stofnmælingar benda hins vegar til að árin 2005–2007 hafi um 40% af ýsustofninum verið út af Norður- og Austurlandi.

Samkvæmt aflaskýrslum fiskiskipa minnkaði ýsuafli á sóknareiningu í öll helstu veiðarfæri milli áruna 2005 og 2006 en er þó enn talsvert há. Allt frá árinu 2001 hefur afli á sóknareiningu í botnvörpu aukist um 70% en vísitölur í stofnmælingu botnfiska í mars hafa þrefaldast á sama tíma. Þessi munur liggur bæði í útbreiðslu stofnsins utan hefðbundinna veiðisvæða og hægum vexti sem veldur því að uppvaxandi árgangar eru lengur að ná veiðanlegri stærð. Fyrstu vísibendingar um aflu á sóknareiningu ársins 2007 (janúar–mars) benda til að hann sé heldur minni en á sama tímabili árið 2006.

Brottkast ýsu árið 2006 var metið um 2,5% af þyngd sem er helmingsminnkun frá árinu 2005 og nálægt meðaltali síðustu fimm ára. Þetta er mun minna en árin 1991–1998 þegar brottkast er talið hafa numið um 30–50% af fjölda og 8–20% af lönduðum aflu.

Aldursdreifing ýsu í aflu árið 2006 er sýnd á mynd 2.2.2 borið saman við áætlaða aldurskiptingu frá maí 2006. Þar sést að hlutfall tveggja til fjögurra ára ýsu í aflu er lægra en gert var ráð fyrir. Dreifing smáýsu er ein skýringin á þessum mun en samamburður á útbreiðslu ýsu í stofnmælingum og dreifingu veiðanna árið 2006 bendir til að skörun veiðisvæða ýsu og útbreiðslusvæðis tveggja til fjögurra ára ýsu hafi verið óvenju lítil sem skýrir lítið brottkast árið 2006. Fyrirfram hafði verið búist við aukningu á brottkasti þar sem meginhluti stóra árgangsins frá 2003 var af þeirri stærð árið 2006 sem gjarnan er kastað fyrir borð.

Skipting aflans í fjölda eftir aldri er sýnd í töflu 3.2.5.



2.2.2. Meðalþyngd og kynþroski

Meðalþyngd ýsu er reiknuð út frá gögnum úr SMB (tafla 3.2.3). Meðalþyngdin hefur lækkað undanfarin fjögur ár og árið 2007 var meðalþyngd flestra aldursflokka nærri sögulegu lágmarki. Gögnin benda til að vöxtur ýsu hafi verið mjög hægur árið 2006 eins og árið 2005. Meðalþyngd ýsu hefur verið nokkuð breytileg milli árganga og yfirleitt lægri hjá stórum árgöngum eins og 1990, 1995 og 2003. Meðalþyngd árgangs 2003 er sú minnsta sem sést hefur, sem er í samræmi við að árgangurinn er sá stærsti sem mælst hefur.

Meðalþyngd í aflu fylgir meðalþyngd í stofnmælingum nokkuð vel en er þó meiri hjá yngstu aldursflokkunum þar sem veiðarnar beinast að stærstu einstaklingunum (töflur 3.2.2. og 3.2.3.). Leiðir það til þess að hægvaxta árgangar koma seinna inn í veiðina en þeir sem vaxa hraðar.

Gögn um kynþroska eftir aldri eru fengin úr SMB (tafla 3.2.4.). Kynþroskahlutfall eftir aldri var mun lægra á árunum 1985–1990 en síðar, jafnvel þó að meðalþyngd hafi að öllu jöfnu verið há á sama tíma. Kynþroskahlutfall eftir aldri hefur lækkað undanfarin fjögur ár vegna hægari vaxtar en kynþroskahlutfall eftir stærð hefur breyst lítið.

2.2.3. Stofnmælingar

Ýsa er sú tegund sem mest fæst af í stofnmælingum botnfiska (SMB) í mars og október. Allir aldursflokkar ýsu koma vel fram í stofnmælingunum þannig að marktæk mæling á stærð árgangs liggur fyrir strax á fyrsta aldursári (tafla 3.2.6.).

Aldursgreindar vísitölur úr stofnmælingum botnfiska eru sýndar í töflum 3.2.9. og 3.2.10. Þar sést að árgangar 1998–2000, 2002 og 2003 eru allir stórir, árgangur 2001 lítil og árgangar 2004, 2005 og 2006 nærri meðallagi. Heildarvísitölur úr stofnmælingunum eru settar fram á mynd 2.2.3. og þar sést að vísitölurnar hækkuðu mikið á árunum 2001–2003 þegar lífþyngd stóru árganganna frá 1998–2000 jókst hratt.

Frá árinu 2003 hafa heildarvísitölur verið mjög háar og hlutfallsleg mæliskekka lítil vegna jafnrar útbreiðslu ýsunnar.

2.2.4. Forsendur stofnmats

Við stofnmat á ýsu var notast við nokkur mismunandi aldurs-afla líkön sem öll byggjast á aldursgreindum afla og aldursgreindum vísitölum úr stofnmælingum í mars og október.

Gert var ráð fyrir að afföll af öðrum orsökum en vegna skráðs afla væru 0.2. Setja má spurningarmerki við þá forsendu, sérstaklega í ljósi þess að brottkast á ýsu var verulegt eins og fram hefur komið. Auk brottkasts geta óskráð afföll smáýsu vegna smugs í gegnum möskva og skiljur verið veruleg.


Í framreikningum er gert ráð fyrir að árin 2007 og 2008 verði vöxtur svipaður og árið 2006 þegar ýsa óx mjög hægt. Í framreikningum er tekið tillit til þess að hægvaxta árgangar koma seinna inn í veiðina en ella.

Gert er ráð fyrir að aflu ársins 2007 verði 105 þús. tonn.


2.2.5. Ástand stofnsins og horfur

Öll stofnmatslíkön sýna að ýsustofninn er mjög stór og mjög stórir árgangar eru að koma inn í veiðina. Yfirleitt er mjög gott samræmi milli stofnmatslíkana sem taka tillit til sömu gagna. Nokkur munur er þó á niðurstöðum líkana sem byggjast á SMB og stofnmælingunni að hausti (SMH) og er munurinn mestur í mati á yngstu árgöngunum. Samkvæmt niðurstöðum líkana sem byggjast á SMB er stærð ýsustofnsins í byrjun árs 2007 á bilinu 305–345 þús. tonn en 235–250 þús. tonn ef byggt er á SMH. Í úttekt árið 2006 var sambærilegur munur á niðurstöðum byggðum á SMB og SMH. Þá var ákveðið að byggja ráðgjöf á stofnmati sem studdist við SMB vegna þess að tímaröðin er lengri og nær yfir fleiri stóra árganga sem hægt er að bera nýjustu árganga saman við.

Í ár var ákveðið að byggja ráðgjöf á líkani sem nýtir báðar stofnmælingarnar til samstillingar enda



Mynd 2.2.4. Ýsa. Stærð veiðistofns (þriggja ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1984–2007 (þús. tonna).
Fig. 2.2.4. Haddock. Fishable stock (3+) and spawning stock biomass during the period in 1984–2007 (thous. tonnes).




Mynd 2.2.5. Ýsa. Áætluð stærð ýsuárganganna 1972–2006. Fjöldi við tveggja ára aldur (í milljónum).
Fig. 2.2.5. Haddock. Estimated size of year classes 1972–2006 at age 2 (numbers in millions).

hefur haustmælingin staðið í 12 ár og stóru árgangarnir frá 1998 og 1999 nýtast til samanburðar. Hægur gangur veiðanna fiskveiðiárið 2005/06 miðað við útlutað aflamark og minna af yngri ýsu í afla en gert var ráð fyrir getur bent til að stofninn sé minni en áætlað var þó að aðrar skýringar geti einnig verið á því eins og lýst var hér að framan.

Samkvæmt stofnmatinu byggðu á báðum stofnmælingunum er stofnstærð ýsu þriggja ára og eldri 300 þús. tonn í upphafi árs 2007. Meðalveiðidánartala 4–7 ára ýsu árið 2006 er metin 0.66 sem er yfir því marki sem stefnt var að (0.47). Þessi háa veiðidánartala stafar að verulegu leyti af því að veiðialag færðist af 3–4 ára ýsu yfir á eldri ýsu. Á árinu 2007 er metið að veiðidánartalan verði um 0.48.

Mynd 2.2.4. sýnir stærð veiðistofns og hrygningarstofns ýsu árin 1984–2007, mynd 2.2.5. árgangastærð árin 1972–2006, tafla 3.2.6. stofnstærð í fjölda eftir aldri, tafla 3.2.7. veiðidánartölu eftir aldri og tafla 2.2.2. niðurstöður framreikninga.

Spá um aldursskiptingu aflans árin 2007 og 2008 er sýnd á mynd 2.2.6. Þar sést að gert er ráð fyrir að árgangar 2002 og 2003 verði um 80% aflans í fjölda bæði árin og hlutur þess síðarnefnda sýnu stærri eða 52 og 64% árin 2007 og 2008.



Mynd 2.2.6. Ýsa. Spá um aldursskiptingu (% af fjölda) í afla 2007 og 2008.
Fig. 2.2.6. Haddock. Prognosis of percentage age distribution (in numbers) in 2007 and 2008 catches.

TAFLA 2.2.2.									
Ýsa. Áhrif mismunandi aflahámarks á ætlaða stofnstærð (þús. tonn) árið 2009.									
HADDOCK. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2009 for different management strategies.									
2007				2008				2009	
Áætlaður afl <i>Pred. landings</i>	3+ stofn 3+ <i>stock</i>	Hr. stofn Sp. <i>stock</i>	F ¹⁾	Aflhá- mark TAC	3+ stofn 3+ <i>stock</i>	Hr. stofn Sp. <i>stock</i>	F ¹⁾	3+ stofn 3+ <i>stock</i>	Hr. stofn Sp. <i>stock</i>
105	300	164	0.48	90	285	177	0.33	265	193
				95	285	177	0.36	260	190
				100	285	177	0.38	256	187
				110	285	177	0.42	248	180
				120	285	177	0.47	240	173

¹⁾ F=Veiddánartala 4–7 ára ýsu. F=Fishing mortality of age groups 4–7.

2.2.6. Skýringar við stofnmat

Í síðustu úttekt var stofnstærð ýsu þriggja ára og eldri í upphafi árs áætluð 332 þús. tonn en 300 þús. tonn nú. Munurinn stafar að mestu af því að við stofnmatið í ár er stuðst við báðar stofnmælingarnar og gefur það minni stofn en stofnmat sem byggist eingöngu á SMB.

Eins og undanfarin ár er stofnmatið háð töluverðri óvissu enda er stofninn stærri en hann hefur verið á því tímabili sem er haft til viðmiðunar eða frá árinu 1985 og árgangur 2003 er allt að tvöfalt stærri en nokkur árgangur á því tímabili.

Stærsti óvissuþátturinn undanfarin ár hefur þó verið mat á vexti ýsunnar en vöxtur ýsu hefur verið mjög hægur síðastliðin ár, einkum árin 2005 og 2006. Í síðustu úttekt var gert ráð fyrir að vöxtur ýsu á árinu 2006 yrði sá sami og 2005 þegar vöxtur var sá lélegasti sem sést hafði. Mælingar sýna að vöxtur ársins 2006 var hægur en þó tæpum 5% betri en árið 2005. Er gert ráð fyrir að vöxtur árána 2007 og 2008 verði svipaður og ársins 2006 en frávik þar frá hafa veruleg áhrif á stærð stofnsins og aflabrogð.

Brottkastsmælingar gefa ekki tilefni til að ætla að brottkast á smáýsu hafi mikil áhrif á stofnstærð ýsu í dag en hafði líklega töluverð áhrif á árunum 1991–1998.

2.2.7. Tillögur um hámarksafli 2007/2008

Tafla 2.2.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda og ýsuafli frá árinu 1984.

Á árunum 2000–2005 lagði Hafrannsóknastofnunin til að meðalfiskveiðidauði 4–7 ára ýsu færi ekki yfir 0.47. Árið 2006 lagði stofnunin hins vegar til að frekar væri horft til stærðar ýsu en aldurs við ákvörðun aflamarks og miðað við að meðalfiskveiðidauði ýsu sé af þeirri stærð sem samsvarar 4–7 ára ýsu við venjulegar aðstæður. Er þetta m.a. gert til að forðast óhóflegt veiðiálag á eldri aldursflokka ýsu þar sem verulegur hluti 2003 árgangsins verður undir viðmiðunarmörkum á komandi fiskveiðiári. Slík viðmiðun (F=0.35) gefur 95 þús. tonna afli fiskveiðiárið 2007/2008 meðan F=0.47 gefur 120 þús. tonn.

Í ljósi framangreindra atriða leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli á fiskveiðiárinu 2007/2008 fari ekki yfir 95 þús. tonn.


2.3. UFSI *Pollachius virens*



2.3.1. Afli, sókn og árgangaskipan

Ufsaaflinn árið 2006 var tæp 76 þús. tonn. Þetta er um 44% aukning heildarafla frá árinu 2003, og hefur aflinn aukist um 5–12 þús. tonn á ári frá 2001 (mynd 2.3.1. og tafla 3.3.1.). Árin 1998–2001 var aflinn rétt ríflega 30 þús. tonn, sem er minnsti ufsaflí á Íslandsmiðum frá því í síðari heimstyrjöld. Afli á fiskveiðiarinu 2005/06 var nálægt heildaraflamarkinu eða um 78 þús. tonn.

Um 5% ufsaaflans á árinu 2006 veiddust í net og jókst netafli um ríflega fjórðung frá árinu 2005. Hlutdeild botnvörpu í heildarafla árið 2006 var tæplega 85% en hefur lengst af verið yfir 60%. Í aflanum árið 2006 var hlutdeild fjögurra ára ufsa um 36% af heildarfjölda eða mun hærri en hún hefur verið um áratuga skeið. Næstur í fjölda var sex ára ufsi eða um 21% af heildarfjölda. Aldurssamsetning aflans 2006 er sýnd á mynd 2.3.2. ásamt spá sem gerð var við úttekt vorið 2006. Skipting ufsaaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1987–2006 er sýnd í töflu 3.3.5. og veiðidánartölur í töflu 3.3.7.




Mynd 2.3.1. UFSI. Heildaraflí (þús. tonna) árin 1974–2006 og meðalveiðidánartala (F) 4–9 ára ufsa á sama tímabili.

Fig. 2.3.1. SAITHE. Total landings (thous. tonnes) 1974–2006 and mean F_{4-9} during the same period.

Veiðidauði í ufsastofninum náði hámarki árið 1995 en hefur minnkað síðan (mynd 2.3.1.). Á undanföllum árum hefur ufsagengd á Íslandsmiðum aukist og nýliðun batnaði umtalsvert. Sérstaklega eru árgangarnir frá 1998, 1999, 2000 og 2002 góðir. Hins vegar benda nýjustu stofnmælingar til að nýliðun eftir það sé léleg.

2.3.2. Vöxtur og kynþroski

Árið 2006 var meðalþyngd 3–10 ára ufsa í afla 10–25% minni en meðalþyngd sömu aldurshópa árin 1987–2005 (tafla 3.3.2.). Hjá ufsa er marktækt neikvætt samband milli árgangastærðar og meðalþyngdar. Enn fremur eru dæmi þess að meðalþyngd árgangs standi nánast í stað eða minnki með aldri.




UFSI. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Öll veiðarfæri sýnd. Dekkstu svæðin sýna mesta veiði (tonn/sjm²).

SAITHE. Fishing grounds. All gear. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

Slíkar breytingar hafa verið túlkaðar sem vísbendingar um að umtalsverður fjöldi hægvaxta ufsa hafi gengið inn á íslenskt hafsvæði. Þó verður að hafa í huga að erfitt er að greina á milli þess hvort þéttleiki dragi úr vexti eða meðalþyngd minnki vegna göngu ufsa af öðrum hafsvæðum.

Gögn um meðalþyngd ufsa í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) eru notuð sem þyngdir í veiði- og hrygningarstofni í stofnmati. (tafla 3.3.3.). Lítið er um ufsa eldri en átta ára og því er meðaltal árunna 1985–2007 fyrir 9–14 ára ufsa frekar notað. Þyngdir aldurshópa úr SMB sýna svipaðar breytingar og þyngdir í lönduðum afla frá ári til árs, þó að breytileiki í meðalþyngd hvers aldurshóps sé ívið meiri í stofnmælingu en í afla. Meðalþyngd 3–8 ára ufsa í stofnmælingu 2007 var um 15–30% minni en meðalþyngd sömu aldurshópa 1987–2006.

Upplýsingar um kynþroskahlutfall fengnar úr lönduðum afla frá árunum 1982–2004 og SMB frá 1985 eru afar misvísandi. Þetta stafar sennilega af



Mynd 2.3.2. UFSI. Aldursdreifing í afla 2006 (% af fjölda). Mat frá í maí 2006 og áætlun ári síðar byggð á gögnum úr afla.

Fig. 2.3.2. SAITHE. Age distribution in the 2006 catch (% by number). Prognosis in May 2006 and estimate based on samples from landings.

takmörkuðum gögnum um kynþroska vegna vandkvæða við að ná í sýni úr óslægðum afla. Við mat á kynþroska var því notað meðaltal aldurshópa í SMB. Kynþroski 3–14 ára í þessu stofnmati var settur jafn meðalkynþroska þessara aldurshópa í stofnmælingum 1985–2007 (tafla 3.3.4.). Þetta er breyting frá því í síðustu úttekt þegar notað var líkan þar sem hlutfall kynþroska fjögurra til átta ára ufsa var metið sem fall af aldri og árgangastærð, byggt á gögnum úr SMB.

2.3.3. Ástand stofnsins og nýliðun


Veididánartölur voru metnar með aldursgreindum aflagögnum í ADCAM-líkani. Þetta er breyting frá stofnmati 2006 þegar notað var tölfraðilegt aldurs-aflalíkan sem gerði ráð fyrir sama veiðanleika aldurshópa í veiðinni árin 1974–2005. Árið 2006 var þróun ufsastofnsins sýnd frá 1962 en vegna misræmis milli meðalþyngda og upplýsinga um fjölda fiska í afla fyrstu árin var tímaröðin styt. Gögn úr SMB um fjölda í aldurshópi voru notuð til samstillingar, eins og gert hefur verið síðan 2002 (tafla 3.3.10.). Auk ADCAM og tölfraðilega aldurs-aflalíkansins var til hliðsjónar við stofnmatið beitt þremur mismunandi stofnmatsaðferðum (XSA, ADAPT og TSA, sjá Viðauka 5.1.). Aðferðirnar gáfu nokkuð svipaðar niðurstöður um þróun stofnstærðar en áherslumunur var á öðrum niðurstöðum. Skipt var um stofnmatslíkan vegna þess að forsenda um óbreyttan veiðanleika hvers aldurshóps allt matstímabilið er nokkuð mikil einföldun og niðurstöður tölfraðilega aldurs-aflalíkansins voru nokkuð frábrugðnar niðurstöðum annarra líkana um stærð árganga og veiðimynstur.

Gögn um afla á sóknareiningu eru ekki notuð við samstillingu líkana þar sem óvíst er að hve miklu leyti þau endurspeglar þróun í stofnstærð. Bæði er það vegna þess að líklega forðast skipstjórnarmenn ufsa þegar lítið er eftir af úthlutuðu aflamarki eða ufsaverð lágt, og einnig eru aldursskiptar vísitölur veiðiskipa háðar aldursgreindum afla. Hvort tveggja getur skekkt stofnmatið. Gögn um afla fiskiskipa á sóknareiningu og úr SMH sýna þó svipaða aukningu árin 2000–2005 og kemur fram í stofnmatinu. Hins vegar lækkaði heildarvísitala ufsa í SMB 2006 og aftur

2007 og sama gildir um afla á sóknareiningu árið 2006 og fyrstu þrjá mánuði ársins 2007.

Við úttekt á ufsastofninum í ár með ADCAM er gert ráð fyrir göngum ufsa inn á íslensk hafsvæði árin 2000–2003 eins og í fyrra stofnmati. Hins vegar hafa þær ekki teljandi áhrif á niðurstöður enda er síðasti árgangur sem talið er að hafi gengið á Íslandsmið (1992) nú horfinn úr veiði.

Árgangarnir frá 1986–1997 eru metnir á bilinu 8–32 milljónir þriggja ára nýliða en árgangarnir frá 1998–2000 55–85 milljónir þriggja ára nýliða (mynd 2.3.3.). Árgangur 2000 er nú metinn 85 milljónir þriggja ára nýliða, umtalsvert minni en í síðasta stofnmati þegar hann var metinn 100 milljónir. Árgangur 2002 hefur einnig minnkað í endurmati. Hann var í fyrra metinn 78 milljónir en er nú metinn 62 milljónir 3 ára nýliða. Mat á stærð árganga 2001, 2003 og 2004 er lágt en árgangurinn frá 2002 er metinn rúmar 60 milljónir. Mikil óvissa er í mati árganga 2001–2004, þar sem upplýsingar um ufsa úr stofnmælingu botnfiska eru mjög breytilegar. Batnandi nýliðun undanfarin ár skýrir að hluta til stækkun veiðistofnsins og hrygningarstofns (mynd 2.3.4.).




Mynd 2.3.4. UFSI. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1974–2007 miðað við þyngdir úr stofnmælingu í mars (þús. tonna).

Fig. 2.3.4. SAITHE. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1974–2007 using spring survey weights (thous. tonnes).

Ekki er til áreiðanleg mæling á stærð árganga sem eru að koma inn í veiðina. Í framreikningum nú var notað lágt gildi, aðeins 10 milljónir þriggja ára nýliða, fyrir stærð árganga 2005 sem hefur aðeins verið mældur sem tveggja ára ufsi í SMB 2007.

Stofnmatið sýnir að þrátt fyrir að aflinn hafi aukist undanfarin fimm ár hefur veiðidánartala haldist nokkuð stöðug á tímabilinu (mynd 2.3.1.). Gert er ráð fyrir að í ársbyrjun 2007 hafi veiðistofn (fjögurra ára fiskur og eldri) verið 249 þús. tonn og hrygningarstofn um 137 þús. tonn þegar reiknað er með þyngdum í SMB á sama hátt og í síðustu úttektum (mynd 2.3.4.). Þetta er talsvert lægra en áætluð stærð veiðistofns í síðasta stofnmati og skýrist af því að mat á stærð árganganna frá 2000 og 2002 hefur lækkað samanborið við stofnmatið 2006. Meðalþyngdir í stofni hafa auk þess stöðugt minnkað



Mynd 2.3.3. UFSI. Stærð árganganna 1971–2005. Fjöldi við þriggja ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.3.3. SAITHE. Year classes 1971–2005 at age 3 (in millions).

og skýra hluta ofangreindra breytinga. Mat á stærð veiðistofns lækkaði um 27% miðað við stofnmatið 2006 og stafa 23% af fækkun í stofni og annarri aldurssamsetningu en áætlað var en 6% af lægri meðalþyngdum en reiknað var með vorið 2006.

Ef gert er ráð fyrir að aflinn árið 2007 verði nokkru minni en heildaraflamark fiskveiðiársins 2006/07, eða um 70 þús. tonn, er reiknað með að veiðistofn ufsa í ársbyrjun 2008 verði um 222 þús. tonn og að hrygningarstofn verði um 141 þús. tonn. Hafa ber í huga að töluverð óvissa er í mati á stærð ufsastofnsins enda er nú stór, illa ákvarðaður árgangur (2002) að bætast við stofninn og talsverð óvissa í spám um þyngdir og kynþroska.

Stærð ufsastofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd veiðistofns á árunum 1974–2007 er sýnd í töflu 3.3.6. Samantekt um fjölda þriggja ára nýliða, stærð hrygningarstofns, veiðidánartölu fjögurra til ný ára og ufsafla við Ísland er sýnd í töflu 3.3.8.

2.3.4. Tillögur um hámarksafna fiskveiðiárið 2007/2008

Tafla 2.3.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og ufsafla síðan árið 1984.

Langtíma meðalnýliðun í ufsastofninum er talin vera um 40 milljónir þriggja ára nýliða og hámarks-

afrakstur á nýliða um 1,7 kg. Hámarksafrakstur til lengri tíma lítið er því um 70 þús. tonn. Sé hins vegar miðað við nýliðun árabilið sem gögnin ná yfir (rúmar 30 milljónir árin 1974–2006) má reikna með að langtíma hámarksafrakstur sé nálægt 50 þús. tonnum.

Í framreikningum á stofnstærð, sem sýndir eru í töflu 2.3.2., er gert ráð fyrir að árgangurinn frá 2002 sé 62 milljónir þriggja ára nýliða, 2003 árgangur 27 milljónir, en árgangur 2004 og 2005, sem lítið hefur orðið vart í SMB, séu aðeins um 10 milljónir þriggja ára nýliða. Við mat á stærð hrygningarstofns er kynþroski eftir aldri árin 2008–2009 settur jafn meðal-kynþroska í SMB 1985–2007. Meðalþyngd eftir aldri í stofni sama tímabil var sett sem meðaltal árána 2005–2007 (tafla 3.3.3). Meðalþyngdir í afla 2007 og 2008 í framreikningi eru jafnframt meðaltöl árána 2004–2006. Spá um aldurskiptingu afla árin 2008 og 2009 er sýnd á mynd 2.3.6.

Miðað við ofangreindar forsendur eru áhrif mismunandi afla á ufsastofninn eins og kemur fram í töflu 2.3.2.


- Ef veidd verða 50 þús. tonn af ufsa verður sókn um 25% minni fiskveiðiárið 2007/08 en árið 2006, veiðistofn minnkar nokkuð en hrygningarstofn breytist lítið.

TAFLA 2.3.1. Ufsi. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonna) 1984–2006/07. SAITHE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–2006/07.					
Ár	Tillaga	Heildaraflamark	Afli Íslendinga	Afli annarra þjóða	Afli alls
Year	Recommended TAC	National TAC	Landings (Iceland)	Landings (others) ¹⁾	Total landings
1984 ¹⁾	65	70	61	2	63
1985 ¹⁾	60	70	55	2	57
1986 ¹⁾	60	70	64	2	66
1987 ¹⁾	65	70	78	2	80
1988 ¹⁾	75	80	74	3	77
1989 ¹⁾	80	80	80	2	82
1990 ¹⁾	90	90	95	3	98
1991 ²⁾	65	65	69	2	71
1991/92 ³⁾	70	75	86	2	88
1992/93 ³⁾	80	92	76	2	78
1993/94 ³⁾	75	85	67	2	69
1994/95 ³⁾	70	75	50	1	61
1995/96 ³⁾	65	70	40	1	41
1996/97 ³⁾	50	50	37	1	38
1997/98 ³⁾	30	30	32	1	33
1998/99 ³⁾	30	30	31	1	32
1999/00 ³⁾	25	30	30	0	30
2000/01 ³⁾	25	30	32	0	32
2001/02 ³⁾	25 ⁴⁾	37 ⁵⁾	36	0	36
2002/03 ³⁾	35	45 ⁶⁾	47	0	47
2003/04 ³⁾	50	50	56	0	56
2004/05 ³⁾	70	70	70	1	71
2005/06 ³⁾	80	80	78	0	78
2006/07 ³⁾	80	80			

¹⁾ Almanaksárið. *Calendar year.*
²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*
³⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. *Quota year September–August.*
⁴⁾ Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til ýmsar friðunaraðgerðir og að bein sókn í ufsa yrði bönnuð. *ICES recommended area closures and no directed saithe fishing.*
⁵⁾ Heildaraflamark hækkað úr 30 í 37 við lok ársins 2001. *National TAC increased from 30 to 37 thous. tonnes at end of 2001.*
⁶⁾ Heildaraflamark hækkað úr 37 í 45 í upphafi árs 2003. *National TAC increased from 37 to 45 thous. tonnes at beginning of 2003.*

TAFLA 2.3.2.									
UFSI. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonna) árið 2009.									
Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2009 for different management strategies.									
2007					2008			2009	
Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn. stofn. Spawn. stock	$F^{(1)}$	Afli Catch	Afla- hámark TAC	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn. stofn. Spawn. stock	$F^{(1)}$	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn. stofn. Spawn. stock
249	137	0.29	70	50	222	141	0.23	196	137
				60	222	141	0.28	185	129
				70	222	141	0.34	174	120

¹⁾ F = Meðalveiðidánartala 4-9 ára ufsa. Mean fishing mortality of age groups 4-9.



Eins og að ofan greinir var nýliðun í ufsastofninum léleg árin 1990–1997 en árgangar 1998 og 1999 eru yfir meðallagi og árgangar 2000 og 2002 með stærstu árgöngum. Hins vegar eru árgangar 2001 og 2003 metnir undir meðallagi og árgangur 2004 talinn vera mjög lélegur. Veruleg óvissa ríkir um stærð uppvaxandi árganga. Samkvæmt núverandi stofnmati náðu veiði- og hrygningarstofn sögulegu lágmarki 1997–2000.


Með hliðsjón af því sem að ofan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin til að sókn í ufsastofninn verði áfram takmörkuð þannig að ufsaafli á fiskveiðiárinu 2007/2008 fari ekki yfir 60 þús. tonn. Með þeim hætti eru líkur á því að veiðidánartala stofnsins haldist stöðug og verði nálægt 0.3, en talið er að sú sókn samrýmist varúðarsjónarmiðum.

- Við 60 þús. tonna afla verður sókn á fiskveiðiárinu 2007/08 svipuð og árið 2006, veiðistofn minnkar úr 222 þús. tonnum 2008 í um 185 þús. tonn árið 2009 og hrygningarstofn minnkar nokkuð á næstu tveimur árum.
- Við 70 þús. tonna afla verður sókn á fiskveiðiárinu 2007/08 sennilega ríflega 10% meiri en árið 2006, veiðistofn minnkar um ríflega 20% og hrygningarstofn um 15% frá 2008 til 2009.

2.4. KARFASTOFNAR

Sebastes marinus
Sebastes mentella


Sebastes viviparus



Þrjár tegundir karfa eru veiddar við Ísland: Gullkarfi (*Sebastes marinus*), litli karfi (*S. viviparus*) og *S. mentella*, sem talinn er skiptast í að minnsta kosti tvo stofna; djúpkarfa sem er á landgrunni og landgrunnshlíðum Austur-Grænlands, Íslands og Færeyja og úthafskarfa í Grænlandshafi og nærliggjandi hafsvæðum. Mikil óvissa hefur þó ríkt um tengsl þessara stofna.

Árið 1982 hófust veiðar á úthafskarfa, sem framán af var nær eingöngu veiddur á 200–400 m dýpi. Íslendingar hófu veiðar úr stofninum árið 1989. Frá árinu 1994 þróuðust veiðarnar hratt þannig að æ stærri hluti aflans var veiddur á meira en 500 m dýpi og árin 1998–2000 voru yfir 90% íslenska aflans veidd á meira en 600 metra dýpi. Hlutfallið lækkaði hins vegar í um 65% árið 2001 vegna sóknarstýringar eftir svæðum, en jókst aftur í um 85% árin 2002–2005. Árið 2006 voru yfir 90% íslenska aflans veidd á meira en 600 metra dýpi. Sá karfi sem veiðst hefur á meira en 500 m dýpi hefur verið mun stærri og minna sýktur af sníkjudýrum en sá sem veiðst hefur grynna. Niðurstöður erfðarannsóknna benda til þess að karfi á þessum tveimur dýptarsviðum sé ekki af sama stofni.

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld gefið út sameiginlegt heildaraflamark fyrir gullkarfa og djúpkarfa sem veiðist í landgrunnskantinum. Samanlagður heildaraflur gullkarfa og djúpkarfa á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar frá árinu 1970 er sýndur á mynd 2.4.1., en hann komst mest í tæp 190 þús. tonn árið 1976. Afli þessara tegunda var nokkuð stöðugur á árunum 1985–1994, eða á bilinu 110–125 þús. tonn, en var á árunum 1996–2006 á bilinu 55–83 þús. tonn. Samanlagður afli árið 2006 var um 63 þús. tonn. Tafla 3.4.1. sýnir heildarafla gull- og djúpkarfa á Íslandsmiðum frá árinu 1950 og tafla 3.4.3. sýnir heildarafla karfa eftir svæðum frá árinu 1969.



GULLKARFI. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn á sjm²).


REDFISH (*S. MARINUS*). Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes nm²).

Litli karfi er smæstur karfategunda við Ísland og finnst einkum suður og suðvestur af landinu. Við aðrar karfaveiðar veiðist oft lítilsháttar af honum. Frá árinu 1997 hafa verið stundaðar tilraunaveiðar á litla karfa fyrir Suðurlandi. Aflinn varð tæplega 1 200 tonn árið 1997 en hefur minnkað jafnt og þétt og einungis níu tonnum var landað árið 2006. Algeng lengd litla karfa í stofnmælingu botnfiska er 15–25 cm. Þar sem rannsóknir og veiðar á þessari tegund hafa verið takmarkaðar til þessa er lítið vitað um stofnstærð og veiðiþol.

2.4.1. Gullkarfi


2.4.1.1. Afli og sókn

Talið er að gullkarfi á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar sé af sama stofni. Heildaraflur gullkarfa á svæðinu frá árinu 1978 er sýndur í töflu 3.4.3. og mynd 2.4.2. Á síðustu árum hafa 90–95% aflans verið veidd á Íslandsmiðum. Heildaraflinn var




Mynd 2.4.1. **GULLKARFI** og **DJÚPKARFI.** Samanlagður heildaraflur (í þús. tonna) af báðum tegundum árin 1970–2006 á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar.

Fig. 2.4.1. **REDFISH (*S. marinus* and deep-sea *S. mentella*).** Total landings (thous. tonnes) of both species 1970–2006 from East-Greenland, Iceland and Faroese waters.



Mynd 2.4.2. **GULLKARFI.** Afli á Íslandsmiðum, heildaraflur á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar 1970–2006 og vísitala afla á tog tíma árin 1986–2006.

Fig. 2.4.2. **REDFISH (*S. marinus*).** Landings from Icelandic grounds 1970–2006, total landings from East-Greenland, Iceland and Faroese waters and CPUE index during 1986–2006.



Mynd 2.4.3. **GULLKARFI.** Vísitölur veiðistofns samkvæmt stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum 1985–2007 og sókn í stofninn árin 1985–2006.

Fig. 2.4.3. **REDFISH (*S. marinus*).** Indices of fishable stock 1985–2007 and effort during the period 1985–2006.

mestur árið 1982 eða yfir 130 þús. tonn og hafði þá aukist úr 49 þús. tonnum frá árinu 1978. Frá árinu 1983 minnkaði árlegur aflur jafnt og þétt úr 106 þús. tonnum í 55 þús. tonn árið 1992 og á tímabilinu 1993–2006 var hann á bilinu 33–50 þús. tonn, mestur árin 1993 og 2002 og minnstur árið 2004.

Gullkarfaafli á Íslandsmiðum minnkaði nokkuð stöðugt úr 98 þús. tonnum árið 1982 í um 34 þús. tonn árið 1996. Frá 1997–2005 var aflinn á bilinu 32–49 þús. tonn, mestur árið 2002 og minnstur árið 2004. Aflinn var rúmlega 41 þús. tonn árið 2006 sem er um 1 000 tonna minnkun frá árinu áður. Mestur hluti þess gullkarfa sem veiddur er á Íslandsmiðum veiðist í botnvörpu. Aflur á sóknareiningu minnkaði verulega á árunum 1991–1993, en jókst frá árinu 1999 fram til ársins 2004, þegar hann var svipaður því sem hann var árið 1986 (mynd 2.4.2.). Síðustu tvö árin hefur dregið úr afla á sóknareiningu á ný.

Þegar sóknin í gullkarfa var sem mest á árunum 1990–1995 lækkuðu vísitölur veiðistofns í SMB hratt, en samfara minni sókn hækkuðu vísitölurnar aftur (mynd 2.4.3.). Sóknin hefur aukist frá 2004 þegar hún var í lágmarki og samfara því hafa vísitölur veiðistofns í SMB lækkað lítillega.

2.4.1.2. Lengdardreifing og árgangaskipan

Meðallengd gullkarfa í afla minnkaði á árunum 1994–1996 sem rekja má til þess að á þessu tímabili var sterkur árgangur frá 1985 að koma inn í veiðina. Árgangurinn frá 1985 mældist sterkur sem ungvíði í SMB árin 1986–1989 og fór verulega að bera á honum í veiði árið 1995, þá 10 ára. Á árunum 1995–2002 var hlutdeild þessa árgangs 30–40% aflans. Á árunum 2000 og 2001 minnkaði meðallengd gullkarfa í afla en hefur aukist síðan. Eins og árin 1994–1996 var minni meðallengd rakinn til sterks árgangs, að þessu sinni árgangsins frá 1990 sem kemur nú fram í veiðistofni sem 34–37 cm karfi. Áætlað er að um 27–30% aflans árin 2003–2005 hafi verið af þessum árgangi en var árið 2006 um 23%. Árgangurinn frá 1996 er nú að koma í meiri mæli inn í veiðina og er áætlað að um 12% aflans árið 2006 hafi verið af þessum árgangi.

2.4.1.3. Ástand gullkarfastofnsins

Niðurstöður úr SMB sýna að veiðistofn gullkarfa minnkaði hratt frá 1985–1995 en hefur farið hægt vaxandi síðan (mynd 2.4.3.). Veiðistofninn er enn tilþöglulega lítill miðað við árið 1987 og er vísitalan nú um 50% af því sem hún var þá. Sterki árgangurinn frá 1985 hefur nú að mestu skilað sér í veiðistofninn sem 36–39 cm fiskur sem og árgangurinn frá 1990 í vaxandi mæli. Þessir tveir árgangar skýra aukinn afla á sóknareiningu hjá togarafлотanum árin 1999–2005 samanborið við árin þar á undan (mynd 2.4.2.) ásamt takmörkun á sókn á síðustu árum. Vísbendingar eru um að árgangur frá 1996 sé sæmilegur að stærð og er hann að koma í auknum mæli inn í veiðina.

Á undanförunum árum hefur aldurs-lengdarlíkan (BORMICON) verið notað til að meta þróun í stofnstærð gullkarfa og áhrif mismunandi veiðialags á komandi árum. Niðurstöðurnar eru í góðu samræmi við niðurstöður stofnmælingar og afla á sóknareiningu hjá togarafлотanum. Niðurstöður líkansins benda til þess að stofnstærð gullkarfa muni haldast stöðug eða aukast lítillega á næstu fjórum árum við ársafla allt að 35 þús. tonnum. Stofninn mun hins vegar minnka eftir það. Eftir að sterki árgangurinn frá 1990 hefur veiðst upp mun afrakstur stofnsins minnka í um 20 þús. tonn þar sem nýliðun hefur verið léleg síðan.

2.4.1.4. Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2007/2008

Tafla 2.4.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um samanlagt aflahámark fyrir gullkarfa og djúpkarfa, ákvarðanir stjórnvalda um aflamark og heildarafla á Íslandsmiðum frá árinu 1984. Síðastliðin 13 ár hefur Hafrannsóknastofnunin gert aðgreindar tillögur um aflahámark djúpkarfa og gullkarfa.

Veiðistofn gullkarfa samkvæmt stofnmælingu botnfiska hefur stækkað hægt frá árinu 1995. Veiðistofninn er nú áætlaður um 50% af því sem hann var metinn árið 1987. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að gullkarfaafli á Íslandsmiðum fiskveiðiárið 2007/2008 verði að hámarki 35 þús. tonn. Þetta er í samræmi við ráðleggingar Alþjóðahafrannsóknaráðsins, sem leggur til að heildarafl gullkarfa á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar fari ekki yfir 37 þús. tonn árið 2008.

Hlutfall gullkarfa í heildarveiði gull- og djúpkarfa hefur verið breytilegt, en vísbendingar eru um að það sé að hækka. Það má meðal annars rekja til minnkandi djúpkarfaafli (sjá kafla 2.4.2.3.). Sameiginlegt heildaraflamark fyrir þessar tegundir getur leitt til aukinnar sóknar í þá tegund sem hagkvæmast er að sækja í hverju sinni og í kjölfarið meiri afla en ráðlegt er. Hafrannsóknastofnunin ítrekar fyrri ráðgjöf sína um að heildaraflamarki tegundanna verði úthlutað að skildu.

TAFLA 2.4.1. GULLKARFI og DJÚPKARFI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1984–2006/07. SEBASTES MARINUS and DEEP-SEA S. MENTELLA. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–2006/07.						
Ár Year	Tillaga gullkarfi Rec. TAC <i>S. marinus</i>	Tillaga djúpkarfi Rec. TAC <i>S. mentella</i>	Heildaraflamark ⁴ National TAC	Afli Íslendinga ⁴ Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða ⁴ Landings (others)	Afli alls ⁴ Total landings
1984 ¹⁾	90 ⁴		110	108	1	108
1985 ¹⁾	90 ⁴		110	91	1	92
1986 ¹⁾	85 ⁴		100	86	1	87
1987 ¹⁾	75 ⁴		95	88	1	89
1988 ¹⁾	75 ⁴		85	94	1	95
1989 ¹⁾	75 ⁴		77	92	1	92
1990 ¹⁾	80 ⁴		80	91	1	93
1991 ²⁾	55 ⁴		55	63	1	64
1991/92 ³⁾	90 ⁴		90	92	1	93
1992/93 ³⁾	90 ⁴		104	103	1	104
1993/94 ³⁾	80 ⁴		90	93	1	94
1994/95 ³⁾	25	40	77	91	1	92
1995/96 ³⁾	25	35	65	71	1	72
1996/97 ³⁾	30	35	65	74	1	75
1997/98 ³⁾	35	30	65	68	1	69
1998/99 ³⁾	35	30	65	73	1	74
1999/00 ³⁾	35	25	60	63	2	65
2000/01 ³⁾	35	22	57	58	2	60
2001/02 ³⁾	30	30	65	66	1	67
2002/03 ³⁾	35	30	60	65	2	67
2003/04 ³⁾	35	22	57	48	1	49
2004/05 ³⁾	35	22	57	62	1	63
2005/06 ³⁾	35	22	57	58	1	59
2006/07 ³⁾	35	22	57	-	-	-

¹⁾ Almanaksár. *Calendar year.*
²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*
³⁾ Fiskveiðarárið september–ágúst. *Quota year September–August.*
⁴⁾ Sameiginlega fyrir gull- og djúpkarfa. *Both *Sebastes marinus* and *S. mentella*.*

2.4.2. Djúpkarfi

2.4.2.1. Afli og sókn

Í samræmi við ákvörðun Alþjóðahafrannsóknaráðsins er fjallað um djúpkarfa á landgrunni og í landgrunnshlíðum á svæðinu frá Austur-Grænlandi um Ísland að Færeyjum sem sérstaka stjórnunareiningu.

Áætlaður djúpkarfaafli sem veiðist á ofangreindu svæði jókst úr 17 þús. tonnum árið 1978 í um 84 þús. tonn árið 1994 (tafla 3.4.3., mynd 2.4.4.). Frá árinu 1995 hefur árlegur afli minnkað jafnt og þétt úr 56 þús. tonnum í um 22 þús. tonn árin 2004–2006 sem var minnsti djúpkarfaafli síðan 1979.


Á Íslandsmiðum var áætlaður djúpkarfaafli rúm 17 þús. tonn árið 2006 sem er svipað og árin 2001 og 2004. Árlegur afli náði hámarki árið 1994 og var þá um 57 þús. tonn, en var á bilinu 29–38 þús. tonn árin 1996–2000. Hlutfall djúpkarfaafli á Íslandsmiðum sem hlutfall af heildarafla gull- og djúpkarfa var á bilinu 28–60% frá árinu 1992 til ársins 2006, lægst árið 2002.

Afli og sókn á Íslandsmiðum hefur dregist verulega saman frá 1994. Afli á sóknareiningu í botnvörpu minnkaði hratt á árunum 1986–1994 en jókst lítillega til ársins 2000. Síðan þá hefur afli á sóknareiningu breyst lítið (mynd 2.4.4.).

2.4.2.2. Ástand djúpkarfastofnsins


Heildarafli djúpkarfa á Íslandsmiðum jókst verulega á árunum 1988–1994. Afli hefur farið minnk-

andi síðan 1995 og var árin 2001–2006, að árinu 2003 undanskildu, sá minnsti frá lokum 8. áratugar síðustu aldar. Afli á sóknareiningu í botnvörpu minnkaði mjög mikið á fyrri hluta síðasta áratugar en hefur aukist lítillega frá árinu 1994 með minni afla og sókn (mynd 2.4.4.). Lengdardreifing í afla sýnir að minna veiðist nú af djúpkarfa stærri en 40 cm. Vísitölur fyrir djúpkarfa úr stofnmælingu botnfiska að haustlagi 2000–2006 hækkðu umtalsvert frá árinu 2000 til 2001, en þess ber að geta að skekkjumörk á matinu árið 2001 voru rúm (mynd 2.4.5.). Frá 2002 hefur vísitalan verið svipuð frá ári til árs.




DJÚPKARFI. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn á sjm²).

DEEP-SEA REDFISH (*S. MENTELLA*). Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Þjóðverjar hafa stundað stofnmælingar á ýmsum tegundum botnfiska við Austur-Grænland frá árinu 1985. Rannsóknirnar ná niður á allt að 400 m dýpi og ná þ.a.l. aðeins yfir útbreiðslu smæsta djúpkarfans. Þær gefa þó vísendingar um nýliðun. Á árunum 1995–1998 mældist mikið af smáum djúpkarfa, 20–30 cm að lengd. Svo virðist sem hann hafi fært sig frá Austur-Grænlandi á síðustu árum því að mjög lítið fannst af honum í leiðöngrum Þjóðverja á árunum 1999–2002. Í leiðöngrum haustin 2003–2006 mældist mikið af smáum djúpkarfa og var vísitalan svipuð og á árunum 1995–1998, sem bendir til þess að um sterkan árgang geti verið að ræða. Þar sem uppeldisslóðir djúpkarfa sem veiðist við Ísland eru að öllum líkindum við Austur-Grænland gefa þessar rannsóknir væntingar um aukna nýliðun í veiðistofni djúpkarfa á komandi árum. Lengdardreifing afla íslenskra togara styður þetta einnig. Þó ber að geta þess að smár karfi hefur einnig fengist við úthafskarfaveiðar og því eru líkur til þess að við Austur-Grænland sé einnig uppvaxtarsvæði úthafskarfans. Þannig er óvíst hversu stór hluti smákarfa sem vaxið hefur upp við Austur-Grænland á undanförunum árum



skilar sér í djúpkarfastofninn sem veiðist á landgrunninu.

2.4.2.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008


Með tilliti til ástands stofnsins leggja Alþjóðahaf-rannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin til að sókn í djúpkarfa á svæðinu frá Austur-Grænlandi um Ísland og að Færeyjum verði takmörkuð þannig að hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008 fari ekki yfir 22 þús. tonn. Jafnframt er lagt til að aflamarki gull- og djúpkarfa á Íslandsmiðum verði haldið aðskildu (sjá kafla 2.4.1.4.).

2.4.3. Úthafskarfaveiðar

2.4.3.1. Afli

Karfi í Grænlandshafi veiðist að hluta til í lög-sögum Grænlands og Íslands en einnig í hinum alþjóðlega hluta Grænlandshafs og nærliggjandi svæðum. Tafla 3.4.4. sýnir afla helstu veiðipjóða frá árinu 1982 og heildarafli er sýndur á mynd 2.4.7. Aflinn var á bilinu 110–180 þús. tonn 1993–2004, mestur árið 1996. Áætlað er að árið 2005 hafi heildarveiðin verið tæp 74 þús. tonn, sem er um 50 þús. tonnum minni afli en árið 2004 og minnsti afli síðan í upphafi 9. áratugar síðustu aldar. Árið 2006 jókst heildarafli lítillega og var tæp 82 þús. tonn. Í ofangreindum aflatölum er ekki meðtalinn óþekktur afli skipa er stunda veiðar án heimilda Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar. Vísendingar eru um að árlegur afli þeirra hafi verið yfir 20 þús. tonn á undanförunum árum.

Afli Íslendinga jókst úr tæpum 4 000 tonnum árið 1989 í rúm 63 þús. tonn árið 1996. Árin 1997–2004 var afli Íslendinga 37–49 þús. tonn (tafla 3.4.4. og mynd 2.4.6.). Afli Íslendinga árið 2005 var 16 þús. tonn, sem er minnsti afli frá 1992, en var 22 þús. tonn árið 2006. Meirihluti aflans frá árinu 1996 hefur verið veiddur á meira dýpi en 600 m. Mest hefur veiðst innan íslensku lögsögunnar. Áætlað er að á síðustu fimm árum hafi að meðaltali um 70% afla



helstu veiðipjóða verið veidd á meira en 600 m dýpi, en að jafnaði yfir 85% af afla Íslendinga. Veiðar á úthafskarfa í Grænlandshafi hafa vanalega staðið fram í september-október ár hvert en lauk í ágúst árið 2006 m.a. vegna þess að alþjóðlegi úthafskarfaflotinn flutti sig til og hóf veiðar á karfa með flotvörpu á alþjóðlegu hafsvæði í Noregshafi.


2.4.3.2. Ástand stofnsins/stofnanna

Stofnstærð karfa í Grænlandshafi var síðast mæld í júní/júlí 2005 í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga, Þjóðverja og Rússa. Niðurstöður bergmálmælinga gáfu til kynna að stofnstærð úthafskarfa hefði minnkað úr 2,2 milljónum tonna árið 1994 í 550 þús. tonn árið 2005. Karfastofninn ofan 500 m dýpis mældist stærstur suður og suðvestur af Hvarfi líkt og sumrin 1999 og 2001, sem er mun sunnar og vestar en árin þar á undan. Síðan árið 1999 hefur jafnframt verið beitt svokallaðri trollaðferð til þess að meta stofnstærð karfa neðan þess dýpis sem bergmálmælingin nær til. Árið 2005 mældust þannig tæp 700 þús. tonn af karfa, sem var svipað og mældist árið 2003, en er 30% minnkun frá árinu 2001. Mælingarnar eru þó ekki vel sambærilegar vegna breytinga sem urðu á framkvæmd leiðangursins árið 2005. Mest var um karfa neðan 500 m dýpis innan íslenskrar lögsögu og á landhelgismörkunum suðvestur af Reykjanesi. Athygli vekur að frá árinu 2001 hefur karfa, >40 cm, fækkað mikið og mældist árið 2005 einungis um 25% af því sem hann mældist árið 2001. Þessi stærð af karfa hefur verið uppistaða aflans sem veiddur er við og innan landhelgismarka Íslands. Niðurstaðna úr sameiginlegum leiðangri Íslendinga, Rússa og Þjóðverja á þessu svæði, sem fram fer í júní-júlí 2007, er að vænta haustið 2007.

Afli á sóknareiningu á meira en 500 m dýpi dróst saman frá árunum 1994–1997 hjá þeim þjóðum sem skrá upplýsingar um veiðar eftir dýpi, en var á árunum 1997–2003 nokkuð breytilegur. Afli á sóknareiningu hefur minnkað verulega frá árinu 2003 og var sá minnsti í 10 ár árið 2005. Afli á sóknareiningu jókst lítillega árið 2006. Veiðar dýpra en 500 m eru að mestu stundaðar á tímabilinu apríl-júlí og er þá aðallega veiddur karfi stærri en 40 cm. Aðalveiðisvæðið á þessum tíma hefur verið við Reykjanes-hrygg og út af Vesturlandi, um 150–230 sjómílar frá Íslandi og er togdýpi þá yfirleitt meira en 600 m.

Afli á sóknareiningu minnkaði verulega frá 1995–1999, þegar togað er á minna dýpi en 500 m, en jókst á árunum 2000–2001. Afli á sóknareiningu hefur dregist lítið eitt saman frá 2001–2006. Veiðar grynna en á 500 m dýpi eru að mestu stundaðar frá júlí til október og hefur veiðisvæðið á undanförunum árum verið u.þ.b. 600–700 sjómílar suðvestur af Reykjanesi. Mest er um 35–37 cm karfa í veiðinni.

Hafrannsóknastofnunin hefur um langt árabil talið að við úthafskarfaveiðar í Grænlandshafi sé veitt úr tveimur karfastofnum og að stofnmat og ráðgjöf ættu að taka mið af því. Ráðgjafarnefnd Alþjóðahaf-



ÚTHAFSKARFI. Veiðisvæði íslenskra skipa árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

PELAGIC REDFISH (*S. MENTELLA*). Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2006. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

rannsóknaráðsins gengur hins vegar út frá því að um einn stofn sé að ræða í ráðgjöf sinni. Nefndin lagði til árið 2006, í ljósi neikvæðrar þróunar á stofnstærð úthafskarfans, að engar veiðar yrðu leyfðar árið 2007 og ekki væri hægt að ráðleggja veiðar á úthafskarfa nema skýrar vísendingar komi fram um aukningu í stofninum eða þar til nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um veiðipól. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC) samþykkti að afli ársins 2007 færi ekki yfir 46 þús. tonn.

2.4.3.3 Tillögur um hámarksafla árið 2008


Ráðgjafarnefnd Alþjóðahafsrannsóknaráðsins mun veita ráðgjöf um karfaveiðar í úthafinu fyrir árið 2008 í október 2007. Mun þar m.a. verða byggt á niðurstöðum mælinga á stofnstærð karfa í Grænlandshafi og aðliggjandi hafsvæðum í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga, Þjóðverja og Rússa í júní-júlí 2007.

2.5. GRÁLÚÐA *Reinhardtius hippoglossoides*



2.5.1. Afli og sókn


Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera af sama stofni. Heildarafli grálúðu á þessu svæði var rúm 21 þús. tonn árið 2006 og hefur minnkað um 10 þús. tonn á síðustu fjórum árum (mynd 2.5.1. og tafla 3.5.1.). Afli á Íslandsmiðum var um 12 þús. tonn árið 2006 og hefur ekki verið minni síðan árið 1999. Afli utan íslensku lögsögunnar var rúm 10 þús. tonn árið 2006, tæp 9 000 tonn við Austur-Grænland og tæp 1 000 tonn við Færeyjar. Hlutdeild afla á Íslandsmiðum var um og yfir 90% af heildaraflanum á árunum 1982–1992 en minnkaði ört eftir það og hefur verið 50–70% frá árinu 1996. Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins og Hafrannsóknastofnunarinnar undanfarin níu fiskveiðiar hefur miðast við heildaraflamark fyrir Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar en ekkert samkomulag er um skiptingu aflans. Um langt árabil hafa íslensk stjórnvöld úthlutað öllu ráðlögðu heildaraflamarki til íslenska flotans. Grænlandsk stjórnvöld úthlutaðu 10 þús. tonnum af grálúðu árið 2006 en veiðar við Færeyjar eru háðar sóknarmarki. Þetta hefur leitt til þess að heildaraflamark á undanförunum árum hefur verið langt umfram ráðgjöf.



Mynd 2.5.1. **GRÁLÚÐA**. Afli á Íslandsmiðum og heildarafli (þús. tonna) við Ísland, Austur-Grænland og Færeyjar 1976–2006.


Fig. 2.5.1. **GREENLAND HALIBUT**. Landings from Icelandic grounds and total landings (thous. tonnes) from East-Greenland, Icelandic and Faroese waters in 1976–2006.

Afli íslenska togaraflotans á sóknareiningu var nokkuð jafn árin 1985–1989 en minnkaði síðan ár frá ári og var í lágmarki árin 1995–1997 (mynd 2.5.2.). Afli á sóknareiningu á þessum þremur árum var einungis tæp 30% af meðaltali árunum 1985–1989. Afli á sóknareiningu tvöfaldaðist á árunum 1998–2001, en hefur síðan minnkað um helming og hefur verið í sögulegu lágmarki síðustu þrjú ár, einungis fjórðungur þess sem hann var árið 1985. Frá árinu 1999 hefur sóknin þrefaldast og er nú metin sambærileg við sókn á fyrri hluta 10. áratugar síðustu aldar. Sam-



GRÁLÚÐA. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

GREENLAND HALIBUT. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.5.2. **GRÁLÚÐA**. Afli á sóknareiningu hjá íslenska togarafлотanum 1985–2006 og stofnvísitala úr stofnmælingu botnfiska að hausti 1996–2006.

Fig. 2.5.2. **GREENLAND HALIBUT**. CPUE of the Icelandic fishing fleet 1985–2006 and survey indices from the Icelandic autumn survey 1996–2006.

kvæmt upplýsingum úr afladagbókum skipa er veiða við Austur-Grænland hefur afli á sóknareiningu aukist umtalsvert á síðustu tveimur árum.

2.5.2. Ástand stofnsins

Þar sem aldursákvörðanir grálúðu eru mjög ónákvæmar er ekki talið mögulegt að beita aldursafllíkönunum til að meta ástand stofnsins. Stofnmæling að hausti sýnir að stofninn stækkaði nokkuð á tímabilinu 1996–2001 en hefur minnkað umtalsvert á síðustu árum (mynd 2.5.2.). Vísitala stofnstærðar síðustu fjögur árin er innan við helmingur þess sem hún mældist á árunum 1996 til 2002. Þróun í aflabrögðum botnvörpuflotans er í nokkuð góðu samræmi við stofnmælingar.

Þótt ekki sé hægt að skýra með viðhlítandi hætti þær sveiflur sem verið hafa í aflabrögðum síðastliðin

<p style="text-align: center;">TAFLA 2.5.1. GRÁLÚÐA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum íslenskra stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1984–2006/07. GREENLAND HALIBUT. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC in Icelandic waters and landings (thous. tonnes) 1984–2006/07.</p>					
Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark fyrir Ísland ³⁾ National TAC in Icelandic waters ³⁾	Afli á Íslandsmiðum ³⁾ Landings from Icelandic waters ³⁾	Afli á öðrum miðum ¹⁾ Landings in other areas ¹⁾	Afli alls Total landings
1984 ¹⁾	25	30	30.2	3.9	34.1
1985 ¹⁾	25	30	29.2	2.9	32.2
1986 ¹⁾	25	30	31.3	2.0	33.1
1987 ¹⁾	25	30	44.9	1.9	46.8
1988 ¹⁾	30	30	49.6	1.7	51.3
1989 ¹⁾	30	30	59.4	2.1	61.1
1990 ¹⁾	30	30	37.4	2.0	39.4
1991 ²⁾	27	33	31.2	2.5	33.7
1991/92 ³⁾	25	25	30.3	3.5	33.8
1992/93 ³⁾	30	30	34.5	6.7	41.3
1993/94 ³⁾	25	30	29.5	8.4	37.6
1994/95 ³⁾	30 ⁴⁾	30	26.4	8.9	35.3
1995/96 ³⁾	20 ⁴⁾	20	22.3	13.8	36.1
1996/97 ³⁾	15 ⁴⁾	15	17.7	13.3	31.0
1997/98 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11.0	9.8	20.8
1998/99 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11.2	9.3	20.5
1999/00 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11.5	12.0	23.5
2000/01 ³⁾	20 ⁴⁾	20	20.0	11.3	31.3
2001/02 ³⁾	20 ⁴⁾	20	19.2	9.9	29.1
2002/03 ³⁾	23 ⁴⁾	23	20.3	10.2	30.5
2003/04 ³⁾	20 ⁴⁾	23	15.8	11.3	27.1
2004/05 ³⁾	15 ⁴⁾	15	13.0	11.0	24.0
2005/06 ³⁾	15 ⁴⁾	15	12.7	9.5	22.2
2006/07 ³⁾	15 ⁴⁾				

¹⁾ Almanaksárið. *Calendar year.*
²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*
³⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. *Quota year September–August.*
⁴⁾ Tillögur um aflahámark fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. *TAC recommendation applied to East-Greenland/Iceland /Faeroes.*

10 ár er ástand stofnsins nú slæmt miðað við síðari hluta 9. áratugarins.

2.5.3. Horfur og tillögur um hámarksafli 2007/2008

Tafla 2.5.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um heildaraflamark og grálúðuafla frá árinu 1984. Á árinu 2006 lögðu Hafrannsóknastofnunin og Alþjóðahafrannsóknaráðið til að heildarafli við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar á árinu 2007 færi ekki yfir 15 þús. tonn. Miðað við að 15 þús. tonna aflamark Íslendinga náist á yfirstandandi fiskveiðiarí og að afli

við Færeyjar og Austur-Grænland verði svipaður og á síðasta fiskveiðiarí er áætlað að heildaraflinn á árinu 2007 verði milli 20 til 25 þús. tonn. Ekkert samkomulag er milli þjóðanna um nýtingu stofnsins og heildarafli hefur verið umfram ráðgjöf um langt árabíl. Við óbreytt ástand eru því miklar líkur á að sókn í stofninn verði áfram umfram afrakstursgetu hans.


Í ljósi þróunar í aflabrogðum og í stofnmælingum að hausti leggja Alþjóðahafrannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin til að heildarafli grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar árið 2008 fari ekki yfir 15 þús. tonn.

2.6. LÚÐA *Hippoglossus hippoglossus*



2.6.1. Afli

Árið 2006 var landaður lúðuaflí á Íslandsmiðum 550 tonn. Afli Íslendinga var um 480 tonn eða um 87% heildaraflans. Síðastliðin 11 ár hefur lúðuaflí á Íslandsmiðum verið innan við 1 000 tonn, en það hefur ekki gerst síðan á árum seinni heimstyrjaldarinnar þegar litlar fiskveiðar voru stundaðar á Íslandsmiðum (mynd 2.6.1. og tafla 3.6.1.).




Mynd 2.6.1. LÚÐA. Heildaraflí (þús. tonn) árin 1965–2006.

Fig. 2.6.1. HALIBUT. Total landings during the period 1965–2006 (thous. tonnes).


Landaður afli úr botnvörpu minnkaði úr rúmum 1 000 tonnum árin 1985 og 1986 í um 200 tonn árið 1998 og hefur síðan verið á bilinu 160–220 tonn. Afli á línu var um 1 100 tonn árið 1991, en minnkaði hratt og var kominn niður í um 200 tonn árið 1997 og hefur síðan verið á bilinu 190–265 tonn. Árin 2004–2006 fengust 70–84% af heildarafla Íslendinga í þessi tvö veiðarfæri.

Lúðuaflí í dragnót hefur ekki verið hátt hlutfall af heildarlúðuafla á undanfönum árum, en fór þó í 20% sum ár. Í dragnót fengust 38 tonn árið 2006.




Mynd 2.6.2. LÚÐA. Afli dragnótabáta á sóknareiningu (kg í kasti) 1979–2006.

Fig. 2.6.2. HALIBUT. CPUE (kg per set) from seiners during the period 1979–2006.



LÚÐA. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

HALIBUT. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.6.3. LÚÐA. Vísitala veiðistofns (stofnþyngd) í stofnmælingu í mars 1985–2007. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölunni.

Fig. 2.6.3. HALIBUT. Biomass index in the Icelandic groundfish survey in spring 1985–2007. Shaded area show one standard deviation in the estimate.

2.6.2. Afli á sóknareiningu og stofnvísitölur

Afli á sóknareiningu í dragnót var tiltölulega mikill frá árinu 1979 til ársins 1985, mestur 38 kg í kasti árið 1984. Eftir það minnkaði afli á sóknareiningu mjög hratt og frá 1988 hefur hann verið undir tveimur kg í kasti (mynd 2.6.2). Þetta sýnir að lúðugengd á grunnslóð hefur verið lítil í tæpa tvo áratugi.

Vísitala lúðu í stofnmælingu botnfiska árin 1985–2006 sýnir svipaða þróun og afli á sóknareiningu í dragnót. Vísitala lúðu minnkaði hratt á fyrri hluta þessa tímabils og hefur verið í lágmarki frá árinu 1992 (mynd 2.6.3). Þessar niðurstöður staðfesta að ástand lúðustofnsins fór ört versnandi á tímabilinu 1985–1990 og þrátt fyrir lítilsháttar hækkun vísitölnnar á síðustu árum er stofninn enn í mikilli lægð.


2.6.3. Tillögur um hámarksaflla fiskveiðiárið 2007/2008

Lúða sem veiðst hefur í stofnmælingu botnfiska er að langstærstum hluta þriggja til fimm ára ókynþroska fiskur. Þessir aldurshópar hafa verið í mikilli lægð í rúman áratug og bendir það ótvírætt til þess að viðkomubrestur hafi orðið í stofninum. Þetta ástand er orðið svo langvinnt að fyrirsjáanlegt er að stofninn muni áfram verða í lágmarki á næstu árum.

Í ljósi þess sem að framan greinir er afar brýnt að grípa nú þegar til aðgerða til verndar lúðustofninum.


Hafrannsóknastofnunin leggur til, sem fyrr, að fyrsta skref í þeim aðgerðum verði að banna beina sókn í lúðu. Hafrannsóknastofnunin mun jafnframt á næstu vikum kynna frekari tillögur að aðgerðum til verndunar lúðustofnsins við Ísland.

2.7. SKARKOLI *Pleuronectes platessa*



2.7.1. Afli

Landaður skarkolaafli árið 2006 var um 6 400 tonn og hefur aukist um 1 500 tonn frá árinu 2001 (mynd 2.7.1., tafla 3.7.1.). Skarkolaafli á Íslandsmiðum frá 1950 er sýndur í töflu 3.7.1. Afli var mestur 14 500 tonn árið 1985 en var á bilinu 10–14 þús. tonn á árunum 1986–1997, en á bilinu 4 900–7 100 tonn síðan þá.




Mynd 2.7.1. **SKARKOLI**. Heildarafli (þús. tonna) árin 1965–2006.
Fig. 2.7.1. **PLAICE**. Total landings during the period 1965–2006 (thous. tonnes).

Uppistaða skarkolaafli á síðustu árum hefur verið í dragnót. Á árunum 1991–1992 veiddist tæpur helmingur aflans í botnvörpu en það hlutfall fór niður fyrir 20% árið 1995. Frá árinu 1996 hefur hlutfall afla í botnvörpu aukist og verið á bilinu 24–33%. Veidar með öðrum veiðarfærum, einkum netum, voru um 5% á síðasta ári.


2.7.2. Afli á sóknareiningu og stofnvísitala

Skipting aflans árið 2006 eftir aldri (mynd 2.7.2.) sýnir að mest veiddist af sex og sjö ára skarkola og voru þessir aldursflokkar tæp 40% af fjölda landaðra fiska.




Mynd 2.7.2. **SKARKOLI**. Hlutfallsleg aldursdreifing (% af fjölda) í lönduðum afla 2006.

Fig. 2.7.2. **PLAICE**. Percentage age distribution (% by numbers) of the 2006 landings.



SKARKOLI. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

PLAICE. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).




Mynd 2.7.3. **SKARKOLI**. Afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótabátum og í botnvörpu (kg/klst) 1991–2006.

Fig. 2.7.3. **PLAICE**. CPUE from seiners (kg/set) and from bottom trawl vessels (kg/hour) in 1991–2006.

Afli á sóknareiningu í dragnót á aðalveiðisvæðinu frá Horni suður um að Stokksnesi er reiknaður sem meðalafli úr köstum þar sem skarkolaafllinn var meiri en 10% aflans í hverju kasti. Samkvæmt afladagbókum dragnótabáta minnkaði skarkolaafli á sóknareiningu á ofangreindu svæði á árunum 1991–2000, úr um 400 kg í kasti í um 210 kg, en hefur síðan hækkað nokkuð á síðustu árum og var um 270 kg á síðasta ári (mynd 2.7.3.).

Á undanförunum árum hefur orðið nokkuð ör þróun í dragnótaveiðum. Tekin hefur verið í notkun ný gerð tóga og stærri og aflmeiri bátar eru við veiðar. Þá hefur notkun á svonefndum steinastiklum undir dragnótina farið vaxandi á sumum miðum. Þetta verður að hafa í huga þegar afli í kasti er notaður sem hlutfallslegur mælikvarði á breytingar á stofnstærð, en erfitt er að meta slík áhrif tölulega. Samkvæmt afladagbókum hefur dregið töluvert úr sókn í skarkola frá árinu 1997.

Afli á sóknareiningu í botnvörpu (kg/klst.), þar sem skarkolaafli var meira en 25% aflans, minnkaði um þriðjung frá árinu 1991 til ársins 2000, úr 200 í 140 kg/klst. (mynd 2.7.3.). Árið 2001 jókst aflinn í um 160 kg/klst. og í um 200 kg/klst. árin 2005 og 2006.



Mynd 2.7.4. SKARKOLI. Vísitölur veiðistofns (stofnþyngd) og ungfisks (fjöldi fiska) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2007.

Fig. 2.7.4. PLAICE. Abundance indices for fishable stock (biomass) and juveniles (number of fish) in groundfish survey in March 1985–2007.

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska (SMB) í mars árin 1985–2006 benda til þess að veiðistofn skarkola hafi minnkað verulega. Vísitala veiðistofns á árunum 1997–2002 mældist að meðaltali aðeins rúmur tífundi hluti þess sem hún mældist við upphaf SMB árið 1985 og innan við helmingur þess sem hún mældist árið 1991 (mynd 2.7.4.). Vísitölur hafa þó heldur hækkad frá árinu 2000.

Útreikningar á stofnþróun, byggðir á aldurs-aflagreiningu, benda til þess að stofninn hafi minnkað um helming á síðasta áratug síðustu aldar og að veiðidánartalan hafi verið há fyrri hluta þess tímabils en hafi lækkað um helming síðan þá. Nýliðun (fjöldi þriggja ára fiska) virðist vera lélegri á síðari hluta síðasta áratugar en hún var árin þar á undan.

Tafla 2.7.1. SKARKOLI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1991/92–2006/07.

PLAICE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1991/92–2006/07.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1991/92	10 000	11 000	10 200
1992/93	10 000	13 000	12 400
1993/94	10 000	13 000	12 300
1994/95	10 000	13 000	11 100
1995/96	10 000	13 000	11 000
1996/97	10 000	12 000	10 300
1997/98	9 000	9 000	8 100
1998/99	7 000	7 000	7 500
1999/00	4 000	4 000	4 900
2000/01	4 000	4 000	4 900
2001/02	4 000	5 000	4 400
2002/03	4 000	5 000	5 400
2003/04	4 000	4 500	5 800
2004/05	4 000	5 000	6 200
2005/06	4 000	5 000	5 700
2006/07	5 000	6 000	

2.7.3. Horfur og tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008

Tafla 2.7.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark og ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark síðan árið 1991.

Mat á núverandi stöðu stofnsins er mjög ónákvæmt þar sem ekki eru til aldursskiptar stofnstærðarvísitölur til að samstillja aldurs-aflagreiningu. Áreiðanlegar upplýsingar um nýliðun árganga í veiðistofninn eru heldur ekki fyrir hendi en vísbendingar úr SMB benda til að búast megi við slakri nýliðun á komandi árum. Ekki er hægt að útiloka að nýliðunarbrestur undanfarinna ára geti verið vegna lítills hrygningarstofns. Enn sem komið er hefur stofninn sýnt lítill viðbrögð við þeim aflsamdrætti sem verið hefur í nær áratug. Þó virðist sem ástand hans versni ekki og líklegt er að veiðidaði hafi minnkað nokkuð.


Með hliðsjón af ofangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008 verði takmarkaður við 5 000 tonn. Einnig er lagt til að áfram verði stuðlað að verndun hrygnandi skarkola með lokun veiðisvæða á hrygningartíma, líkt og gert hefur verið á síðastliðnum fjórum vertíðum.

2.8. SANDKOLI *Limanda limanda*




2.8.1. Afli og sókn

Fram til ársins 1984 veiddist sandkoli aðallega sem aukaafli við veiðar á öðrum tegundum og var þá oftast kastað. Frá árinu 1984 jókst landaður afli nokkuð stöðugt og náði hámarki árin 1996 og 1997, tæpum 8 000 tonnum (mynd 2.8.1. og tafla 3.8.1.). Á árinu 2006 var aflinn um 1 100 tonn og 1 400 tonn á fiskveiðiárinu 2005/06, þar af 1 200 tonn á skilgreindu aflamarkssvæði sem nær frá Faxaflóa suður um að Stokksnesi.



Mynd 2.8.1. SANDKOLI. Heildaraflí (þús. tonna) árin 1984–2006.

Fig. 2.8.1. DAB. Total landings during the period 1984–2006 (thous. tonnes).




Mynd 2.8.2. SANDKOLI. Afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnotabátum úr öllum köstum þar sem sandkoolaflí er skráður og á dýpi minna en 100 m.

Fig. 2.8.2. DAB. CPUE (kg per set) from seiners from settings where dab is recorded in the catch and depth is less than 100 m.

Sandkolaveiðar hafa fyrst og fremst verið stundaðar í Faxaflóa, við Reykjanes og með suðurströndinni austur að Stokksnesi. Yfir 95% aflans veiðast í dragnót og eru mikilvægustu veiðisvæðin í Faxaflóa og á Suðvesturmiðum.

Meðalafli sandkola í kasti í dragnót á svæðinu frá Faxaflóa að Stokksnesi minnkaði um helming á árabílinu 1997 til 2000 (mynd 2.8.2.). Árin 2001–2002 jókst afli í kasti hins vegar verulega, en á fjór-



SANDKOLI. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

DAB. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

um síðustu árum hefur hann minnkað aftur og var minnstur árið 2006.

2.8.2. Ástand stofnsins

Gögn til að aldurskipta sandkoolafla eru ein göngu til fyrir tímabilið 1993 til 2006. Mat samkvæmt aldurs-aflagreiningu sýnir að árgangar endast stutt í veiði og að heildardánartala hafi verið mjög há á undanförunum árum. Mikill afli á árunum 1996 og 1997 byggðist að verulegum hluta á stórum árgöngum frá 1988–1991. Árgangar frá 1993–1995 voru litlir og nú horfnir úr veiðistofninum. Árgangar sem á eftir komu hafa að öllu jöfnu verið minni en árgangar 1988–1995. Á árunum 2002 og 2003 stóð árgangur 1997 hins vegar undir nær helmingi af um

TAFLA 2.8.1.

SANDKOLI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) á aflamarkssvæðinu fiskveiðiárin 1995/96–2006/07.

DAB. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) from the quota area in the quota years 1995/96–2006/07.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1995/96	7 000	-	6 800
1996/97	7 000	-	8 200
1997/98	7 000	7 000	6 000
1998/99	7 000	7 000	4 300
1999/00	7 000	7 000	2 700
2000/01	4 000	5 500	2 300
2001/02	4 000 ¹⁾	4 000	3 800
2002/03	7 000 ²⁾	7 000	4 300
2003/04	7 000	7 000	3 600
2004/05	5 000	5 000	2 600
2005/06	2 500	4 000	1 200
2006/07	1 000	2 000	

¹⁾ Upphafstillaga (3 000 tonn), endurskoðuð í janúar 2002. Initially 3 000 t, reevaluated in January 2002.

²⁾ Upphafstillaga (4 000 tonn), endurskoðuð í janúar 2003. Initially 4 000 t, reevaluated in January 2003.

4 000 tonna ársafla en hann er nú að mestu horfinn úr veiðistofninum. Afli yngri árganga bendir ekki til þess að þeir séu stórir. Veiðin árið 2006 byggðist að mestu á fimm til sjö ára fiski eða árgöngunum frá 1999–2001.

2.8.3. Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2007/2008

Tafla 2.8.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og sandkoolafla síðan fiskveiðiárið 1995/96. Er líklegt

að sandkoolaflinn á yfirstandandi fiskveiðiári verði svipaður eða minni en á því síðasta. Mat á veiðistofni í upphafi árs 2007 er háð mikilli óvissu þar sem upplýsingar um stærð yngstu árganganna frá árunum 2002 og 2003 sem eru að koma inn í veiðina eru mjög ónákvæmar. Fyrstu vísbendingar úr afla benda hins vegar til þess að þeir séu ekki stórir. Veiðidánartala virðist einnig nokkuð há.

Í ljósi þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að dregið verði úr sókn í stofninn og að sandkoolaflinn fiskveiðiárið 2007/2008 fari ekki yfir 500 tonn.


2.9. SKRÁPFLÚRA *Hippoglossoides platessoides*



2.9.1. Afli og sókn


Fram til ársins 1987 veiddist skrápflúra aðallega sem aukaafli við veiðar á öðrum tegundum og var að mestu leyti kastað. Fyrstu árin eftir að byrjað var að landa skrápflúru var aflinn innan við 2 000 tonn. Á árunum 1995–1997 var landaður afli yfir 5 000 tonn, mestur 1996 eða 6 400 tonn. Árin 1998–2002 var aflinn milli 3 000 og 4 000 tonn, en hefur síðan farið minnkandi og var einungis rúm 700 tonn árið 2006 (mynd 2.9.1., tafla 3.9.1.). Um 80–90% skrápflúru-aflans eru veidd á aflamarkssvæðinu frá Snæfellsnesi, suður um að Stokksnesi, en þetta hlutfall fór niður í um 70% árin 2002–2003.

Afli í kasti í dragnót frá árinu 1991, í öllum köst-um þar sem skrápflúra var skráð, er sýndur á mynd 2.9.2. Afli í kasti á aðalveiðisvæðunum minnkaði á árunum 1991 til 1997, úr 990 kg í 380 kg. Síðan jókst afli í kasti og var rúm 600 kg árin 2002–2003, en minnkaði aftur og var einungis 340 kg árið 2006.




Mynd 2.9.1. SKRÁPFLÚRA. Heildarafli (þús. tonna) árin 1987–2006.

Fig. 2.9.1. LONG ROUGH DAB. Total landings during the period 1987–2006 (thous. tonnes).



Mynd 2.9.2. SKRÁPFLÚRA. Afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótábátum árin 1991–2006 og vísitala veiðistofns á suðursvæði í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2007.

Fig. 2.9.2. LONG ROUGH DAB. CPUE (kg per set) from seiners during the period 1991–2006 and indices of the fishable stock abundance on the southern grounds in the groundfish survey since 1985.



SKRÁPFLÚRA. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

LONG ROUGH DAB. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

Vísitala veiðistofns skrápflúru úr stofnmælingu botnfiska í mars bendir til þess að veiðistofninn hafi stækkað árin 1989–1999, síðan hefur vísitalan lækk-að umtalsvert, en var þó há árin 2002–2003 (mynd 2.9.2). Árin 2005–2007 var vísitalan mjög lág. Mis-ræmis gætir í þróun stofnsins samkvæmt afladagbók-um og vísitölum úr stofnmælingum botnfiska. Lík-legustu skýringar eru þær að veiðarnar beinast eink-um að takmörkuðum hluta hans, þ.e. elsta hluta hrygningarstofnsins á afmörkuðum svæðum. Þó sýna bæði vísitölur og afladagbækur lækkun frá 2002.

2.9.2. Horfur og tillögur um hámarksafli fisk-veiðiárið 2007/2008

Tafla 2.9.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnun-arinnar, ákvörðun stjórnvalda, heildaraflamark og skrápflúruafli á aflamarkssvæðinu frá Snæfellsnesi

TAFLA 2.9.1.			
SKRÁPFLÚRA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um afla-hámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) á aflamarkssvæðinu fiskveiðiárin 1995/96–2006/07.			
LONG ROUGH DAB. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) from the quota area in the quota years 1995/96–2006/07.			
Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1995/96	5 000		5 300
1996/97	5 000		4 400
1997/98	5 000	5 000	3 400
1998/99	5 000	5 000	3 300
1999/00	5 000	5 000	2 800
2000/01	5 000	5 000	2 800
2001/02	5 000	5 000	2 500
2002/03	5 000	5 000	2 100
2003/04	5 000	5 000	1 600
2004/05	5 000	5 000	800
2005/06	2 000	3 500	600
2006/07	500	1 500	

suður um að Stokksnesi frá því fiskveiðiárið 1995/96. Allt frá fiskveiðiárinu 1997/98 til og með 2004/05 var úthlutað 5 000 tonna aflamarki fyrir skrápflúru, en á sama tíma fór landaður afli stöðugt minnkandi. Fiskveiðiárið 2002/03 veiddist einungis tæplega helmingur úthlutaðs aflamarks og innan við fimmtungur þess 2004/05. Við tvær síðustu úthlutanir var aflamark minnkað verulega, en þó ekki í samræmi við þann afla sem veiddur var fiskveiðiárin á undan og miðað við stöðu landana á yfirstandandi fiskveiðiári má gera ráð fyrir að afli minnki enn.

Sókn í skrápflúru og afli jukust mjög hratt á fyrri hluta síðasta áratugar og afli í kasti minnkaði um helming á sama tíma. Árin 2001–2003 var afli í kasti hlutfallslega hár, en á síðustu tveimur árum var hann í sögulegu lágmarki.

Vísitölur ungfisks fóru hækkandi frá árinu 1989 og náðu hámarki árið 1994, sem bendir til góðrar nýliðunar á þessum tíma. Síðan hefur vísitalan smám saman farið lækkandi og verið lág síðustu þrjár mæl-

ingar. Vísitölur veiðistofns hækkðu allt til ársins 1999. Síðan hefur vísitala veiðistofns farið lækkandi, einkum eftir árið 2003. Þessar breytingar á vísitölum benda til verulegra sveiflna í stofnstærð skrápflúru, að veiðistofninn sé nú í sögulegu lágmarki og nýliðun lág. Mikill afli á árunum 1995–2002 virðist hafa fylgt uppsveiflu í stofnstærð. Ólíklegt verður að teljast að sú minnkun sem nú hefur orðið sé eingöngu afleiðing veiðanna.

Upplýsingar úr aldursgreindum afla benda til þess að sókn sé að aukast í yngri hluta hrygningarstofnsins. Þó svo að skrápflúran sé allt í kringum landið, eru aðalveiðisvæðin mjög takmörkuð og bundin við þekkt hrygningarsvæði. Uppistaðan í veiðinni er eldri fiskur og vegna stærðarmunar kynjanna eru nær eingöngu veiddar hrygnur.


Í ljósi þessarar þróunar leggur Hafrannsóknastofnunin til að heildarafli skrápflúru á veiðislóðinni frá Snæfellsnesi suður og austur um að Stokksnesi fari ekki yfir 500 tonn fiskveiðiárið 2007/2008.

2.10. LANGLÚRA *Glyptocephalus cynoglossus*



2.10.1. Afli, sókn og árgangaskipan

Tilraunaveiðar á langlúru hófust haustið 1986 en í um áratug þar á undan hafði tegundin ekki verið nýtt að neinu marki. Langlúra fékkst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar og var að stórum hluta kastað. Árið 1987 hófu um 10 dragnótabátar langlúruveiðar og varð heildarafli tæp 4 600 tonn (mynd 2.10.1. og tafla 3.10.1.). Afliinn hafði áður orðið mestur um 1 800 tonn árið 1949 en þá stunduðu nær eingöngu erlend skip veiðarnar. Á árunum 1988 til 1996 var landaður ársafli á bilinu 1 300 til 3 000 tonn. Á fiskveiðarárinu 1996/97 var í fyrsta sinn úthlutað heildaraflamarki fyrir langlúru og hefur landaður afli síðan að öllu jöfnu verið nokkuð nærri ráðgjöf. Á árinu 2006 var landað um 2 000 tonnum af langlúru.




Mynd 2.10.1. LANGLÚRA. Heildarafli (tonn) árin 1965–2006.
Fig. 2.10.1. *WITCH*. Total landings during the period 1965–2006 (tonnes).

Stærstur hluti langlúruaflans hefur verið veiddur af dragnótabátum en hlutfall langlúruafla humarbáta var um 8% árið 2006. Langlúra er mjög algengur aukaafli við humarveiðar og samanburður á stærðarsamsetningu langlúru í humarleiðöngrum og í afla humarbáta bendir til þess að umtalsverðu magni smárrar langlúru sem veiðist sé ekki landað.


Afli á sóknareiningu hjá dragnótabátum (afli í kasti, þar sem langlúra er a.m.k. helmingur aflans) var tæplega 1 000 kg í kasti árið 1987. Á næstu árum minnkaði meðalafli og var afli í kasti kominn niður í um 330 kg árið 1998. Síðan hefur afli í kasti meira en tvöfaldast, var 810 kg á árinu 2006, sem er mesti afli síðan 1988 (mynd 2.10.2.). Sókn dragnótabáta í langlúru var mikil á árunum 1992–1995 en fór síðan minnkandi allt til ársins 2002. Sóknin jókst nokkuð aftur árið 2003 og hefur haldist óbreytt síðan og er svipuð sókn árunum 1997–1999.

Upplýsingum um stærðar- og aldurssamsetningu langlúru í afla hefur verið safnað frá árinu 1987. Undanfarin fjögur ár hafa árgangarnir frá 1998 og



LANGLÚRA Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

WITCH. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.10.2. LANGLÚRA. Sókn og afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótabátum 1987–2006.


Fig. 2.10.2. *WITCH* Effort and CPUE (kg per set) from seiners during the period 1987–2006.

1999 verið mjög áberandi í afla, árið 2004 voru um 65% af þyngd landaðs afla úr þessum tveimur árgöngum en hlutfall þeirra var komið niður í 35% árið 2006.

2.10.2. Ástand stofnsins og nýliðun

Frá árinu 1995 hefur langlúra, sem veiðist í árlegum humarleiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar að vori, verið mæld og aldursgreind.

Fjöldavísitala ungfisks (fiskur <30 cm) jókst umtalsvert frá árinu 1995 til 2001, en hefur síðan farið minnkandi (mynd 2.10.3.) og vísitala veiðistofns (fiskar >30 cm) hefur þrefaldast (mynd 2.10.3.). Mælingar á langlúru í stofnmælingu botnfiska í mars sýna svipaðar niðurstöður. Þessar mælingar staðfesta að betri aflabrögd eru vegna batnandi ástands stofnsins. Vísendingar úr afladagbókum og aldursgreindum afla benda til þess að sókn hafi verið nokkuð meiri síðustu fjögur ár borið saman við þrjú árin þar á undan (mynd 2.10.2.).



Aldursgreindar vísitölur langlúru í humarleidd-öngrum benda til þess að nokkuð gott innra samræmi sé í aldersgreindum vísitölum milli einstakra árganga. Niðurstöður leidangurs í maí 2007 staðfesta að árgangarnir frá árunum 2002 og 2003 eru minni en síðustu fjórir árgangar þar á undan. Hins vegar bendir fyrsta mæling til þess að árgangurinn frá 2004 sé nokkru betri.

TAFLA 2.10.1.
LANGLÚRA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiarin 1994/95–2006/07.

WITCH. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1994/95–2006/07.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1994/95	1 500		1 775
1995/96	1 400		1 659
1996/97	1 200	1 200	1 260
1997/98	1 100	1 100	954
1998/99	1 100	1 100	1 157
1999/00	1 100	1 100	1 109
2000/01	1 100	1 100	1 159
2001/02	1 350	1 350	1 220
2002/03	1 500	1 500	1 530
2003/04	1 500	1 500	2 000
2004/05	2 000	2 000	2 250
2005/06	2 200	2 400	2 200
2006/07	2 000	2 400	

2.10.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiaríð 2007/2008

Tafla 2.10.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda og langlúruafli frá því fiskveiðiaríð 1994/95.

Töluverð óvissa er um stofnstærð langlúru. Þau gögn sem fyrir liggja benda til þess að ástand veiðistofns sé nokkuð gott. Vaxandi fiskveiðidauði ásamt lakari nýliðun benda þó til þess að veiðistofninn muni eitthvað minnka á næstu árum.

Hafrannsóknastofnunin leggur því til að aflamark langlúru á fiskveiðiarinu 2007/2008 fari ekki yfir 2 000 tonn.


2.11. ÞYKKVALÚRA *Microstomus kitt*



2.11.1 Afli og sókn

Tafla 3.11.1 sýnir landaðan þykkvalúruafla á Íslandsmiðum frá árinu 1951. Á tímabilinu 1951–1965 var ársafllinn 1 300–2 900 tonn og veiddu erlend skip oftast stærstan hluta aflans. Frá árinu 1966 fór landaður afli minnkandi og var óverulegur árin 1977–1984. Árið 1985 var aftur farið að nýta þykkvalúru (mynd 2.11.1.) og veiddust þá tæplega 400 tonn. Síðan hefur afli aukist í nokkrum þrepum og náði 2 700 tonnum árið 2006 sem er mesti þykkvalúruafli sem fengist hefur á Íslandsmiðum síðan árið 1963.

Frá árinu 1990 hefur hlutdeild dragnótar í heildarveiði aukist en hlutdeild botnvörpu minnkað. Hlutdeild dragnótar í heildarveiðinni síðustu 10 ár hefur að meðaltali verið um 61% og botnvörpu um 37% á sama tímabili, en lítið hefur veiðst í önnur veiðarfæri.




Mynd 2.11.1. ÞYKKVALÚRA. Heildaraflí (tonn) árin 1981–2006.

Fig. 2.11.1. LEMON SOLE. Total landings during the period 1981–2006 (tonnes).

Sókn með dragnót hefur aukist verulega á undanförunum árum en afli á sóknareiningu hefur verið nokkuð sveiflukenndur á sama tímabili. Á aðalveiðisvæðinu undan Suðvesturlandi minnkaði afli á sóknareiningu (þar sem þykkvalúra var a.m.k. 25% afli í kasti) úr 350–400 kg árin 1991 og 1992, í um 200 kg árin 1993–1998. Árin 1999 og 2000 var afli í kasti á þessu svæði um 280 kg en hefur aukist síðan og var 410 kg árið 2006.

Samkvæmt vísitölum úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) minnkaði veiðistofn þykkvalúru um þriðjung frá því að stofnmælingar hófust árið 1985 til ársins 2000. Árið 2004 hækkaði vísitalan umtalsvert og hefur haldist há síðan.



ÞYKKVALÚRA. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

LEMON SOLE. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

TAFLA 2.11.1.

ÞYKKVALÚRA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1999/2000–2006/2007.
LEMON SOLE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1999/2000–2006/2007.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1999/2000	1 400	1 400	1 400
2000/2001	1 400	1 400	1 400
2001/2002	1 400	1 400	1 000
2002/2003	1 600	1 600	1 100
2003/2004	1 600	1 600	2 100
2004/2005	1 600	1 600	2 600
2005/2006	1 600	1 800	2 500
2006/2007	1 600	2 000	

2.11.2. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008

Tafla 2.11.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og þykkvalúruafla frá því fiskveiðiárið 1999/2000.


Sókn í þykkvalúru jókst á árunum 1996–1999, fór síðan minnkandi til ársins 2002, en hefur farið vaxandi síðan. Afraksturseta stofnsins er ekki þekkt. Vísitölur í SMB eru háar og afli á sóknareiningu mikill, en áhrif þeirrar sóknar sem verið hefur á síðustu árum á stofninn eru óljós. Aldurs-aflagreining byggð á takmörkuðum gögnum bendir hins vegar til þess að veiðidánartölur séu mjög háar og því óvarlegt að auka aflann umfram síðustu tillögu.

Með hliðsjón af ofansögðu leggur Hafrannsóknastofnunin til að heildaraflí þykkvalúru fiskveiðiárið 2007/2008 verði ekki meiri en 1 600 tonn.

2.12. STÓRKJAFTA *Lepidorhombus whiffiagonis*




Tafla 3.12.1 sýnir stórkjöftuafla á Íslandsmiðum frá árinu 1951. Á tímabilinu 1951–1973 var landaður ársafli 400–700 tonn og veiddu útlendingar stærstan hluta hans. Frá árinu 1974 minnkaði aflinn og var einungis 40–100 tonn árin 1981–1986 (mynd 2.12.1.). Á árunum eftir 1986 hefur landaður afli verið mjög breytilegur, farið mest í 420 tonn árið 1996 en minnst 67 tonn árið 2003. Afli árið 2006 var 285 tonn.



Mynd 2.12.1. STÓRKJAFTA. Heildarafli (tonn) árin 1981–2006.

Fig. 2.12.1. MEGRIM. Total landings during the period 1981–2006 (tonnes).



STÓRKJAFTA. Veidisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

MEGRIM. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).


Stórkjaftha veiðist sem meðafli, einkum í dragnót og humarvörpu en einnig í botnvörpu. Afli á sóknareiningu í dragnót (miðað við öll köst dýpra en 100 m og allan landaðan stórkjöftuafla úr dragnót) minnkaði á svæðinu frá Snæfellsnesi að Stokksnesi frá árinu 1992 til 1999, en hélst síðan óbreyttur til ársins 2003. Síðustu þrjú ár hefur afli á sóknareiningu aukist verulega. Stofnstærð stórkjöftu, veiðialag og afrakstursgeta stofnsins eru óþekkt.

2.13. STEINBÍTUR *Anarhichas lupus*




2.13.1. Afli og sókn

Steinbítsafli á árinu 2006 var um 16 400 tonn en 15 200 tonn árið 2005. Aukningin var aðallega vegna afla á línu sem hefur aukist allt frá árinu 2004, en þá var hann sá minnsti í nær 20 ár. Undanfarin þrjú ár hefur steinbítsafli á línu og í botnvörpu verið svipaður, en frá byrjun níunda áratugarins var árlegur línuafli meiri en botnvörpuveiðin. Frá því að veiðar erlendra skipa í íslenski lögsögu hættu að mestu um 1977 og til ársins 1985 var steinbítsafli á Íslandsmiðum um 10 þús. tonn að meðaltali á ári. Aflinn var minnstur á árunum 1980–1982, eða um 8 500 tonn á ári. Á árunum 1986–1992 jókst steinbítsafli verulega, einkum á línu og var um 18 þús. tonn árið 1991. Aflinn minnkaði á árunum 1993–1998 og var þá árlega um 12–14 þús. tonn, en frá árinu 1999 hefur hann verið að meðaltali um 15 þús. tonn á ári (mynd 2.13.1. og tafla 3.13.1.).



Sókn í stofninn var í hámarki á árunum 1991 og 1992, bæði með botnvörpu og línu en verulega dró úr veiðum með botnvörpu á næstu árum. Upptaka aflareglu fyrir þorsk leiddi til minni botnvörpusóknar á Íslandsmiðum og þar með minni steinbítsafla í það veiðarfæri, því að steinbítur veiddist mest sem aukafli við botnvörpuveiðar. Á árunum 1997–2003 jókst sókn í steinbít með botnvörpu á ný, fyrst vegna aukinna botnvörpuveiða á Íslandsmiðum en síðar vegna aukinnar beinnar sóknar togara í steinbít. Beinar veiðar standa einkum yfir frá hausti og fram á vor. Sókn með línu var nokkuð stöðug á árunum 1991–2003 ef undan eru skilin árin 2000 og 2001 þegar sókn var mun meiri vegna breyttra reglna um veiðar smærri báta.

Afli á sóknareiningu í botnvörpu hefur verið nokkuð hár á undanförmum árum og endurspeglar þá aukningu sem orðið hefur í beinni sókn með botnvörpu. Afli á sóknareiningu með línu hefur hins




STEINBÍTUR. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

WOLFFISH. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

vegar verið nokkuð stöðugur á síðustu árum. Breytilegar loðnugöngur á undanförmum árum gætu hafa haft áhrif á afla á sóknareiningu við línuveiðar og því er óvíst hvort afli á sóknareiningu endurspeglar í öllum tilfellum raunverulegar breytingar í stofnstærð steinbíts.

2.13.2. Stofnmæling

Steinbítur hefur veiðst á um 450 af 557 stöðvum í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) og er dreifing hans frekar jöfn yfir allt athugunarsvæðið. Mest veiðist þó alltaf út af sunnanverðum Vestfjörðum. Hann kemur fyrst fram í stofnmælingum við eins árs aldur eða um sjö árum áður en hann kemur inn í veiðina. Mynd 2.13.2. sýnir vísitölur veiðistofns og nýliðunar samkvæmt SMB. Vísitala nýliðunar er reiknuð sem fjöldi 20–40 cm steinbíts sem er u.þ.b. þriggja til sex ára, en vísitala veiðistofns sem þyngd stærri steinbíts en 60 cm. Samkvæmt niðurstöðum



Mynd 2.13.2. **STEINBÍTUR**. Vísitala veiðistofns (þyngd) og nýliðunarvísitala (fjöldi fiska milli 20 og 40 cm) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2007 (1985=100).

Fig. 2.13.2. **WOLFFISH**. Stock index (biomass) and recruitment index (number of fish between 20 and 40 cm) in annual groundfish survey in March during 1985–2007 (1985=100).

stofnmælinga lækkaði vísitala veiðistofns um ríflega helming frá 1985–1995 en hefur farið hægt hækkandi frá þeim tíma. Samkvæmt niðurstöðum úr SMB jókst nýliðun árin 1990–1998, en síðan hefur hún farið minnkandi og er nú svipuð og hún var árin 1985–1990.

2.13.3. Ástand stofnsins

Eins og undanfarin ár er mat á stofnstærð steinbíts byggt á aldurs-lengdarlíkani (BORMICON, sjá Viðauka 5.1), en líkanið hentar vel við stofnmat þar sem mikið er til af lengdargögnum en aldursgögn eru ófullkomin. Gögnin sem líkanið byggist á eru afli, lengdardreifingar, aldursgreiningar og vísitölur úr stofnmælingum. Af þessum gögnum hafa lengdarskiptar vísitölur úr SMB mest vægi, en aldursgreiningarnar nýtast til að meta vöxt fiskanna og hlutfallslega stærð einstakra árganga. Mynd 2.13.3. sýnir þróun veiðistofns og veiðidaða hjá steinbít sem er að fullu kominn inn í veiðina. Samkvæmt líkaninu var sókn fyrir árið 1990 yfirleitt undir kjörsókn ($F_k=0.25$) en síðan þá hefur sóknin lengstum verið yfir kjörsókn. Árið 2004 var veiðidaðurinn metinn 0.24 sem er töluverð lækkun frá árinu 2003 þegar matið var 0.31 en eftir 2004 hefur veiðidaðurinn farið hækkandi og er nú metinn 0.32. Veiðistofninn minnkaði um þriðjung árin 1989–1995, jókst aftur árin 1996–2000 en hefur síðan minnkað lítillega (mynd 2.13.3.).

Vegna lækkandi nýliðunarvísitölu í SMB síðustu níu árin má búast við að stofninn muni ekki standa undir núverandi sókn næstu árin.


2.13.4. Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2007/2008

Tafla 2.13.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutað aflamark og afla steinbíts frá fiskveiðiárinu 1996/97.

Tafla 2.13.1. STEINBÍTUR. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1996/97–2006/07. <i>WOLFFISH. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1996/97–2006/07.</i>			
Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1996/97	13 000	13 000	11 523
1997/98	13 000	13 000	11 689
1998/99	13 000	13 000	13 051
1999/00	13 000	13 000	14 906
2000/01	13 000	13 000	18 094
2001/02	13 000	16 100	13 667
2002/03	15 000	15 000	16 953
2003/04	15 000	16 000	13 253
2004/05	13 000	16 000	14 208
2005/06	13 000	13 000	16 473
2006/07	12 000	13 000	

Afli steinbíts á tímabilinu 1995–2006 var að meðaltali rúm 14 þús. tonn á ári og vísitala veiðistofns árin 2004–2007 er svipuð því sem hún var árin 1996–1999. Vísitala ungvíðis var há á tímabilinu 1991–2003 miðað við það sem hún var á árunum 1985–1990 og eftir 2003. Virðist sú nýliðun ekki hafa dugað til að byggja stofninn upp.


Þar sem steinbítur er hægvaxta og langlífur ber að nýta hann varlega. Því leggur Hafrannsóknastofnunin til að steinbítsaflinn miðist við kjörsókn ($F_k=0.25$). Miðað við nýtt stofnmat leiðir kjörsókn til 11 þús. tonna afla á fiskveiðiárinu 2007/2008. Mun sá afli að öllum líkindum leiða til lítilla breytinga á veiðistofni og afla á komandi árum. Auk þess ítrekar Hafrannsóknastofnunin nauðsyn þess að steinbítur á hrygningarslóð á Látragrunni verði friðaður yfir hrygningar- og klaktíma.




Mynd 2.13.3. STEINBÍTUR. Stærð veiðistofns (þús. tonna) 1981–2007 og veiðidánartala (F) samkvæmt BORMICON-líkani 1981–2006.

Fig. 2.13.3. WOLFFISH. Fishable stock size (thous. tonnes) 1981–2007 and F based on the BORMICON model 1981–2006.

2.14. BLÁLANGA *Molva dypterygia*




Blálönguafli á Íslandsmiðum árin 1966–2006 er sýndur á mynd 2.14.1. og í töflu 3.14.1. Árið 2001 var aflinn einungis um 800 tonn sem er minnsti blálönguafli Íslendinga síðan í lok 8. áratugarins. Síðan hefur aflinn aukist og var um 1 800 tonn árið 2006. Síðastliðinn áratug hafa íslensk skip veitt yfir 95% heildaraflans.



Mynd 2.14.1. **BLÁLANGA**. Heildaraflí (þús. tonna) á Íslandsmiðum árin 1966–2006.

Fig. 2.14.1. **BLUE LING**. Total landings from Iceland grounds during the period 1966–2006 (thous. tonnes).

Sérstakar veiðar á hrygnandi blálöngu voru stundaðar suður af Vestmannaeyjum á árunum 1980–1984 og var blálönguafli Íslendinga um 8 000 tonn árin 1980 og 1981. Á árunum 1985–2000 var blálönguafli Íslendinga á bilinu 1 100–2 600 tonn, að undanskildu árinu 1993 er hann var um 5 300 tonn. Aflaukningin 1993 byggðist að mestu leyti á tíma- bundnum veiðum á Franshól á mörkum fiskveiðilög-



BLÁLANGA. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Öll veiðarfæri. Dökku svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm².)

BLUE LING. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

sögunnar austan Reykjanes hryggs. Líkur eru á að þessar miklu beinu veiðar á hrygnandi blálöngu hafi verið langt umfram afrakstursgetu stofnsins. Síðasta áratug hefur blálönguafli nánast eingöngu verið aukaafli við botnvörpuveiðar.


Árið 2006 var hlutdeild blálönguafllans sem veiddist á línu tæp 10% og tæp 85% veiddust í botnvörpu. Hefur hlutfall afla í botnvörpu aukist frá árinu á undan. Vísendingar eru um að ástand blálöngu- stofnsins hafi farið batnandi á undanförunum árum, m.a. vegna nýliðunar í veiðistofninn sem vart hefur orðið í stofnmælingum botnfiska í mars og október. Þar sem veiðipól stofnsins er lítt þekkt ber að fara varlega við nýtingu hans og takmarka beina sókn. Hafrannsóknastofnunin leggur til að þekktum hrygningsvæðum suður af Vestmannaeyjum og á Franshól verði áfram lokað á hrygningartíma frá 15. febrúar – 30. apríl ár hvert.

2.15. LANGA *Molva molva*



2.15.1. Afli og sókn



Lönguafliinn á Íslandsmiðum árin 1966–2006 er sýndur á mynd 2.15.1. og frá 1950 í töflu 3.15.1. Aflinn á árunum 1950–1970 var lengst af 10–15 þús. tonn á ári, en dróst verulega saman á árunum 1972–1973. Síðan hefur aflinn verið á bilinu 3 200–7 200 tonn, minnstur árin 2001 og 2002 en mestur árið 2006. Aflinn á árinu 2006 er mesti lönguafli á Íslandsmiðum frá árinu 1973. Síðastliðna tvo áratugi hefur lönguafli Íslendinga verið um 85–90% heildaraflans á Íslandsmiðum en fyrir þann tíma var hlutur erlendra skipa mun meiri (tafla 3.15.1., mynd 2.15.1.).



Langa veiðist að mestu sem aukaafli við aðrar veiðar. Skipting aflans eftir veiðarfærum hefur breyst verulega síðustu árin og hefur hlutdeild löngu í línuafila nær tvöfaldast, úr 26% árið 1994 í um 45–60% síðustu fimm ár. Afli á sóknareiningu á línu minnkaði um nær helming árin 1998–2000, var nokkuð stöðugur á árunum 2001–2005 en jókst um rúm 40% árið 2006. Frá árinu 2003 hefur netafli verið innan við 15% aflans, sem er nærri helmingi lægra hlutfall en þrjú árin þar á undan. Lönguafli í botnvörpu var rúmlega fimmtungur heildarafla, sem er svipað hlutfall og að jafnaði hefur verið undanfarn ár.

2.15.2. Horfur og tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008

Stofnvísitala löngu í stofnmælingu botnfiska í mars lækkaði um meira en helming á árunum 1986–2001, en hefur hækkað mikið síðan og er nú sú hæsta frá upphafi stofnmælingarinnar (mynd 2.15.2.). Hækkun vísitölunnar er bæði merkjanleg í fjölda ungrar löngu sem og í veiðistofni (>60 cm). Enda þótt stofnmæling botnfiska að hausti sýni einnig aukningu í veiðistofni löngu er aukningin í haust-




mælingu mun minni. Því er óvarlegt að túlka niðurstöðu stofnmælingar í mars sem mjög mikinn vöxt stofnsins þar sem aðrir þættir gætu haft áhrif á mælinguna svo sem aukinn veiðanleiki á síðustu árum samfara hlýnun sjávar. Þótt margt bendi til þess að ástand löngustofnsins hafi batnað á undanföllum árum er nauðsynlegt að fara varlega við nýtingu hans þar sem veiðipól stofnsins á Íslandsmiðum er lítt þekkt.

Með hliðsjón af ofansögðu leggur Hafrannsóknastofnunin til að lönguafli fiskveiðiárið 2007/2008 fari ekki yfir 6 000 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa sem verið hefur um 15% heildaraflans á undanföllum þremur árum.

2.16. KEILA *Brosme brosme*



Keiluaflí á Íslandsmiðum frá 1963 til 2006 er sýndur á mynd 2.16.1. Árið 1963 var heildaraflinn í sögulegu hámarki, rúmlega 10 þús. tonn. Um alllangt skeið hefur keiluaflinn verið á bilinu 5 000–8 000 tonn (tafla 3.16.1.) og árið 2006 er áætlað að aflinn hafi verið um 6 300 tonn. Frá árinu 1991 hafa Íslendingar veitt 75–80% heildaraflans. Færeysk skip hafa veitt 25–30% aflans. Árið 1990 jókst bein sókn Íslendinga í keilu sem fram að því hafði aðallega verið meðaflí í öðrum veiðum. Keiluaflí Íslendinga náði hámarki, um 6 400 tonnum, árin 1991 og 1992.




Mynd 2.16.1. KEILA. Heildaraflí (þús. tonna) á Íslandsmiðum árin 1963–2006.

Fig. 2.16.1. TUSK. Total landings from Icelandic waters during the period 1963–2006 (thous. tonnes).


Frá þeim tíma og til ársins 2000 var heildaraflinn á bilinu 4 100–5 800 tonn (tafla 3.16.1.), mestur árið 1999. Frá árinu 2000 hefur aflinn verið á bilinu 3 100–5 100 tonn, minnstur árið 2004 en mestur árið 2006. Á undanföllum árum hefur langmest af keilu veiðst á línu, eða ríflega 95% aflans. Þá aukningu sem orðið hefur á afla síðan árið 2004 má að stórum hluta rekja til meiri sóknar með línu, en aflí á sóknareiningu (allar lagnir þar sem keila hefur verið skráð) hefur verið lítil á sama tíma, samanborið við árin þar á undan. Markaðsaðstæður virðast að nokkru ráða beinni sókn í keilustofninn en aflí á sóknareiningu í lögnum þar sem telja má að verið sé að sækja í keilu (meira en 30% afla í lögnum) hefur aukist nokkuð á undanföllum árum.

Í stofnmælingum botnfiska hefur keila einkum fengist út af Vestur- og Suðausturlandi. Vísitala veiðistofns hefur farið hækkandi frá árinu 2001 og er nú um 80% af því sem hún var á árunum 1986–1989 (mynd 2.16.2.). Jafnframt hefur vísitala ungfisks hækkað verulega síðasta áratuginn. Enda þótt ástand keilustofnsins virðist nú fara batnandi er ljóst að ástand veiðistofnsins hefur verið slæmt á undanföllum árum. Vegna betri nýliðunar hefur hlutfall smárr-



KEILA. Veiðisvæði keilu við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

TUSK. Fishing grounds in 2006. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.16.2. KEILA. Vísitala veiðistofns (í þyngd, fiskar 40 cm og stærrí) og fjöldavísitala ungueilu (fjöldi fiska 25–40 cm) í stofnmælingu botnfiska árin 1986–2007.

Fig. 2.16.2. TUSK. Abundance indices for fishable stock (biomass 40 cm +) and juveniles (abundance of fish 25–40 cm) in annual groundfish surveys 1986–2007.

ar, ókynþroska keilu verið hátt í afla á undanföllum árum, en mikilvægt er að áfram verði reynt að vernda ungueilu.


Í ljósi þess sem að framan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin til að sókn í keilustofninn verði takmörkuð þannig að heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2007/2008 fari ekki yfir 5 000 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa á Íslandsmiðum, sem að meðaltali hefur verið um 25% aflans á undanföllum fimm árum. Jafnframt er lagt til að veiðar verði áfram bannaðar á uppvaxtarsvæðum keilu við Suðaustur- og Suðurland.

2.17. SKÖTUSELUR *Lophius piscatorius*




2.17.1. Afli

Árið 2006 var skötuselsaflinn 2 590 tonn sem er heldur minna en árið áður en þá var mesti ársaflni hingað til. Skötuselsafla á Íslandsmiðum frá árinu 1965 má sjá í töflu 3.17.1. og á mynd 2.17.1. Allt að helmingur aflans fékkst lengst af sem meðafli í humarvörpu en hinn helmingurinn í aðrar vörpur og dragnót. Árið 1999 hófst beinar veiðar á skötusel með sérstökum fótrepisvörpum og árið 2000 með stórríðnum netum. Afli í net árið 2000, sem fram til þess hafði verið óverulegur, varð 764 tonn og heildaraflinn meiri en nokkru sinni fyrr eða 1 503 tonn. Síðan þá hefur netafli aukist enn frekar, ef frá er talið árið 2002, og varð tæp 1 300 tonn árið 2006 eða um helmingur aflans.



SKÖTUSELUR. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

ANGLERFISH. Fishing grounds in 2006. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.17.1. SKÖTUSELUR. Heildaraflí (tonn) árin 1965–2006.

Fig. 2.17.1. ANGLERFISH. Total landings (tonnes) during the period 1965–2006.

Veiðislóð skötusels var í áratugi aðallega bundin við svæði úti fyrir mið- og austurhluta suðurstrandarinnar. Frá síðustu aldamótum hefur skötuselur hins vegar í vaxandi mæli fært sig á Vesturmið. Þannig hefur um 40% aflans sl. fimm ár fengist norðan og vestan Eldeyjar en aflinn var áður mjög lítill á sama svæði. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) er skötuselur nú kominn norður og austur fyrir Horn og veiðislóð nær nú allt til Vestfjarða. Líklegt er að þessi þróun sé afleiðing hækkandi sjávarhitna á undanförunum árum en sjávarkuldi á vetrum fyrir Norðurlandi varnar því auðsjáanlega að skötuselurinn nái þar fótfestu enn sem komið er.


2.17.2. Ástand stofnsins

Í stofnmælingu botnfiska í mars hefur skötusel fjölgað mjög frá og með árinu 1999 þegar stór árgangur frá 1998 kom fram. Skötusels hafði þá ekki orðið vart í slíkum mæli allt frá upphafi stofnmælingar árið 1985. Á síðustu sjö árum hafa komið fram fimm árgangar sem kalla má stóra. Fyrstu vísbendingar benda til að árgangurinn frá 2006 sé stór.

Árlegur vöxtur skötusels hér við land er svipaður og við strendur meginlands Evrópu en vöxturinn er mjög ör fyrstu 4–5 árin.

Vísitala ungfisks í SMB (40–60 cm) hefur hækkað verulega frá árinu 1998. Samfara aukningu ungfisks hækkaði vísitala veiðistofns mikið frá árinu 2001 til 2005 en hefur lækkað nokkuð síðan (mynd 2.17.2.).

Afli á sóknareiningu í öll veiðarfæri fór vaxandi fram til 2005. Þessi þróun hélt áfram á árinu 2006 hvað varðar humarvörpu og dragnót en hins vegar minnkaði afli á sóknareiningu í net á árinu 2006. Lengdardreifingar úr afla sýna að stóru árgangarnir hafa verið mjög áberandi í afla þegar á fyrsta og öðru aldursári, sérstaklega í humarvörpur. Gögn úr humarleiðöngnum benda til að ungfiskur veiðist mikið í smáriðna vörpu og er allra smæsta fiskinum gjarnan kastað. Því er ljóst, að þótt stórir árgangar hafi mjög



Mynd 2.17.2. SKÖTUSELUR. Vísitala veiðistofns (í þyngd, fiskar ≥ 60 cm) og fjöldavísitala ungfisks (40–60 cm) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2007. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölunni.

Fig. 2.17.2. ANGLERFISH. Biomass indices for fishable stock (≥60 cm) and juvenile abundance in annual groundfish surveys in March 1985–2007. Shaded area show one standard deviation in the estimate.

styrkt stofninn undanfarin ár, hafa þeir líkast til gefið mun minna af sér en ella vegna humarveiða með smáriðnum möskva. Sama á að einhverju leyti við um aðrar vörpuveiðar á stórum hluta uppeldissvæðis skötusels. Á undanförunum árum hefur stór hluti aflans verið veiddur í net (mynd 2.17.1.). Beinast þær veiðar fyrst og fremst að kynþroska fiski (65 cm og stærri). Hlutfall skötusels (85 cm og stærri) í netaveiði lækkaði úr tæpum 25% árið 2005 í tæp 20% árið 2006. Er talið að ástæða þessarar lækkunar sé vegna þess að fyrsti stóri árgangurinn frá 1998 er nú að hverfa úr veiði.

2.17.3. Horfur og tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008

Viðkoma stofnsins hefur verið jöfn og góð síðustu ár og veiði hefur aukist ört. Niðurstöður úr stofnmælingum og veiði benda til þess að stofninn sé nú í góðu ástandi. Vísitölur benda þó til þess að hann hafi minnkað nokkuð frá því að hann var stærstur árið 2005. Minni heildarafli og minni afli á


sóknareiningu í net hjá flotanum árið 2006 virðist og endurspeglar þetta. Veiðipól stofnsins er ekki þekkt. Mat á dánartölum ásamt afrakstri á nýliða benda til þess að of stíft sé sótt í stofninn. Eins og fram hefur komið vex skötuselur hratt fyrstu árin og getur náð háum aldri. Því má auka afrakstur stofnsins verulega með því að stilla sókn í hóf.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að sókn í stofninn verði takmörkuð og að hámarksafli skötusels fiskveiðiárið 2007/2008 verði sá sami og lagt var til fyrir yfirstandandi fiskveiðiár, þ.e. 2 200 tonn.

2.18. HROGNKELSI *Cyclopterus lumpus*




Árið 2006 veiddust ríflega 4 000 tonn af grásleppu, sem er nálægt 65% af meðalafli árunna 1971–2005. Miklar sveiflur hafa verið í grásleppuafli síðustu áratuginna (mynd 2.18.1.). Afli náði hámarki árið 1984, eða um 13 þús. tonnum, en var í lágmarki 1990 og 1998–2001, um og innan við 3 000 tonn. Tafla 3.18.1. sýnir heildarafla grásleppu og hrognaframleiðslu síðan árið 1971.



Mynd 2.18.1. HROGNKELSI. Heildaraflí grásleppu (þús. tonna) árin 1971–2006 og sóknarvísitala árunna 1980–2006.

Fig. 2.18.1. LUMPSUCKER. Total landings (thous. tonnes) of females 1971–2006 and effort index for 1980–2006.

Fyrirliggjandi gögn um sókn á árunum 1980–1990 skýra að nokkru sveiflur í afla á þessu tímabili. Þrátt fyrir að fjöldi báta á hrognkelsaveiðum hafi verið takmarkaður jókst sókn á árunum 1991–1997. Sóknaraukningin skilaði ekki meiri afla, sem var þessi ár um og undir langtímaeðaltali. Frá árinu 1998 hefur dregið verulega úr sókn grásleppubáta og árið 2006 var hún tæplega helmingur af meðalsókn síðasta aldarfjórðungs (mynd 2.18.1.). Afli á sóknareiningu fór minnkandi á árunum 1990–1996 og var á árinu 1996 tæplega helmingur meðaltals árunna 1980–2006. Eftir það jókst hann og var nálægt meðaltali árin 1999–2005. Afli á sóknareiningu 2006 var sá hæsti frá því að skráningar hófust (mynd 2.18.2.).



Mynd 2.18.2. HROGNKELSI. Stofnvísitala grásleppu skv. stofnmælingu botnfiska árin 1985–2007 og aflí á sóknareiningu 1980–2006.

Fig. 2.18.2. LUMPSUCKER. Female stock index from annual groundfish surveys 1985–2007 and CPUE 1980–2006.

Nokkuð gott samræmi er á milli vísitölu stofnstærðar úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) árin 1985–2006 og afla á sóknareiningu hjá grásleppubátum sömu ár (mynd 2.18.2). Niðurstöður stofnmælingarinnar og veiðidagbækur benda til að veiðistofn grásleppu árið 1996 hafi einungis verið um helmingur þess sem hann var þegar stofnmælingar hófust árið 1985, en hafi vaxið síðan þá. Árið 2006 þegar aflí á sóknareiningu var í hámarki var vísitala í SMB einnig nálægt hámarki. Vísitalan árið 2007 er um 10% hærri en meðalvísitala árunna 1985–2006.

Markaðsaðstæður ráða miklu um sókn í hrognkelsastofninn og skýrir það að talsverðu leyti sveiflur í veiðum á síðustu árum.

Hafrannsóknastofnunin telur að fara beri varlega við nýtingu stofnsins en leggur ekki fram tillögu um hámarksafla fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.


2.19. SÍLD *Clupea harengus*



Hér á eftir verður fjallað um veiðar og ástand íslensku sumargots síldarinnar og horfur á vertíðinni 2007/08 (kaflar 2.19.1.–2.19.5.). Einnig er gerð grein fyrir veiðum og ástandi norsk-íslenska síldarstofnsins í kafla 2.19.6.

2.19.1. Síldveiðarnar 2006/2007


Heildaraflni sumargots síldar á vertíðinni varð um 135 þús. tonn. Líkt og undanfarin ár hófst veiðin ekki fyrir alvöru fyrr en í október. Alls veiddust um 30 þús. tonn í október, þar af um 28 þús. tonn í nót og 2 000 tonn í flotvörpu. Mesti aflinn var í nóvember þar sem um 50 þús. tonn voru tekin í nót en um 20 þús. tonn í flotvörpu. Það sem greindi þessa vertíð frá fyrri vertíðum var hinn mikli afli undan suðurströndinni, en alls veiddust um 81 þús. tonn á svæðinu frá Hrollaugseyjum vestur að Reykjanesi. Um 98% þess afla var tekinn í nót, en hlutdeild flotvörpunnar í heildarveiði vertíðarinnar var með minnsta móti eða um 21%. Veiðin undan austurströndinni var minni en undanfarin ár eða um 24 þús. tonn og um 30 þús. tonn veiddust fyrir vestan land. Á vertíðinni voru alls sex svæðalokanir vegna magns smásíldar í afla á móti einni á vertíðinni 2005/06. Á vertíðinni 2006/07 voru einnig tvær lokanir fyrir vestan land vegna háslutfalls ýsu í aflanum. Nokkuð hátt hlutfall síldaraflans fór í bræðslu nú, eða 23%, miðað við undanfarin ár (3,7% 2005/06; 20% 2004/05; 12% 2003/04), en það hlutfall náði hámarki á vertíðunum 1998/99–2000/01 er það fór í 72%.



Mynd 2.19.1. SÍLD. Heildaraflni (þús. tonna) skipt eftir veiðarfærum síðan 1978 (afla fiskveiðisárs frá 1991) og vegin veiðánartala 5–10 ára síldar.

Fig. 2.19.1. HERRING. Total landings by gear type (thous. tonnes) since 1978 (quota year since 1991) and weighted mean F_{5-10} .

Síldaraflinn á tímabilinu frá 1978 til fiskveiðiársins 2006/07 er sýndur á mynd 2.19.1. og aflinn allt frá 1951 í töflu 3.19.1. Tafla 2.19.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afla frá 1985.



SÍLD. Veiðisvæði við Ísland fiskveiðiárið 2006/07. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

HERRING. Fishing grounds in fishing season 2006/07. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

2.19.2. Aldursskipting í afla

Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 3.19.4. Ólíkt þremur síðustu vertíðum og spá um aflsamsetningu fyrir þessa vertíð voru það ekki árgangarnir frá 1999 og 2000 sem báru uppi veiðina heldur árgangurinn frá 2002. Um 38% aflans í þyngd var úr árgangi 2002 og 17% aflans úr árgangi 2003, en einungis 13% og 10% úr 1999 og 2000 árgöngunum. Samsetning aflans fyrir austan land var hins vegar lík síðustu vertíðum eða um 31% og 22% af árgöngum 1999 og 2000.

Tafla 3.19.2. sýnir meðalþyngd í afla og tafla 3.19.3. sýnir áætlað hlutfall kynþroska síldar eftir aldri og áætlaðan stuðul fyrir náttúrulegan dauða frá árinu 1986. Sama kynþroskahlutfall var notað öll árin þar sem árlegt mat með fyrirbyggjandi gögnum þykir ekki áreiðanlegt.

2.19.3. Bergmálmælingar

Frá árinu 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargots síldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferð. Þessar mælingar hafa yfirleitt farið fram í nóvember–desember og/eða í janúar við lok síldarvertíðar. Í leiðangri í seinni hluta janúar 2007 voru síldarmiðin á vertíðinni 2006/07 könnuð. Einnig var mæld síld fyrir austan land sem fannst við loðnuleit í febrúar svo og fyrir vestan land í loðnuleit á Látragrunni í lok febrúar. Í janúarleiðangrinum varð einungis vart við síld við sunnanvert Snæfellsnes og í Grundarfirði, en hvorki fannst þá síld fyrir austan né á aðalveiðisvæði vertíðarinnar fyrir sunnan land. Alls mældust 785 þús. tonn af fullorðinni síld í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar í janúar–febrúar 2007 sem skiptist þannig eftir svæðum: Um 618 þús. tonn mældust í Grundarfirði, 66 þús. tonn við sunnanvert Snæfellsnes, 25 þús. tonn fyrir austan land og um 76 þús. tonn á Látragrunni. Um 98% af síldinni sem mældist í leiðöngrunum var fullorðin síld (>26

TAFLA 2.19.1.
SILD. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámárg, heildaraflamárg samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1985–2006/07.
HERRING. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1985–2006/07.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamárg National TAC	Afli Landings (Iceland)
1985	50	50	49
1986	65	65	65
1987	70	73	75
1988	90	90	93
1989	90	90	97
1990/91 ¹⁾	80	110	105
1991/92 ²⁾	80	110	109
1992/93 ²⁾	90	110	107
1993/94 ²⁾	90	100	103
1994/95 ²⁾	120	120	132
1995/96 ²⁾	110	110	126
1996/97 ²⁾	100	100	96
1997/98 ²⁾	100	100	64
1998/99 ²⁾	90	70 ³⁾	87
1999/00 ²⁾	100	100	93
2000/01 ²⁾	110	110	100
2001/02 ²⁾	125	125	95
2002/03 ²⁾	105	105	94
2003/04 ²⁾	110	110	126
2004/05 ²⁾	110	110	115
2005/06 ²⁾	110	110	103
2006/07 ²⁾	130	130	135

¹⁾ Veioðímabil. *Fishing season.*
²⁾ Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*
³⁾ Sjávarútvegsráðuneytið úthlutaði 70 þús. tonnum en samtals urðu veiðheimildir um 90 þús. tonn þar sem 20 þús. tonn voru færð frá vertíðinni 1997/98. *TAC was decided 70 thous. tonnes but because of transfers from the previous quota year the national TAC became 90 thous. tonnes.*


cm). Í fjölda mældist mest af fjögurra ára síld, þ.e. árgangi 2002 (30%) en einnig töluvert af 1999– (19%) og 2003 árgöngunum (17%).

2.19.4. Stofnstærð

Úttekt á sumargotssíldarstofninum byggist á gögnum allt frá árinu 1986 um aldursgreindan afla og niðurstöðum bergmálmælinga. Beiting stofnmatslíkana árið 2007 gekk betur en undanfarin ár þó að enn þá sé ósamræmi í stofnstærðarmati fyrir tímabilið 1997–2003 með bakreikningum frá mismunandi upphafsári. Samkvæmt bæði stofnmatslíkönum og bergmálmælingum er mat á stærð



stofnsins nú svipað og á síðasta ári, eða í sögulegu hámarki. Við mat á stofnstærð var stuðst við mörg mismunandi líkön (XSA, TSA-tímaraðgreining og NFT-Adapt, sjá Viðauka 5.2). Þessi líkön sem öll byggjast á aflagögnum og upplýsingum úr bergmálmælingum gáfu nokkuð misvísandi niðurstöður. Sama líkanið og í fyrra (NFT-Adapt) var valið fyrir lokakeyslu og var matið á stærð hrygningarstofns 2007 753 þús. tonn (mynd 2.19.2. og tafla 3.19.5.). Þá metur líkanið meðalveiðidánartölur þriggja síðustu vertíða undir kjörsókn ($F=0.22$) en allar aðrar vertíðir frá 1986 yfir kjörsókn (tafla 3.19.6.). Af heildarlífsmassa hrygningarstofnsins vegur hlutfall 1999-árgangsins mest eða 29% en hlutfall árganganna frá 2000 og 2002 er einnig umtalsvert eða um 20% og 22%. Þetta er nokkuð ólíkt því hlutfalli sem veiddist af árgöngunum vertíðina 2006/07 (sjá að ofan), og endurspeglar að nokkru óvissuna í stofnmatinu varðandi stærð 2002 árgangsins. Árgangurinn frá 2001 virðist vera í meðallagi stór (mynd 2.19.3.) sem og 2003 árgangurinn samkvæmt bergmálmælingum en matið á honum er enn ekki áreiðanlegt.

Við úttekt stofnsins á undanfönum árum hefur verið tilhneiging til að ofmeta stærð hans. Því voru veiðidánartölur iðulega mun hærri en ráðlagt hafði verið þrátt fyrir að ráðgjöf hafi verið fylgt. Afleiðingar ofmatsins hafa þó ekki haft alvarlegar afleiðingar á stofninn þar sem nýtingarstefnan hefur verið varfærin.



Mynd 2.19.2. **SILD.** Stærð hrygningarstofns (þús. tonn) árin 1986 til 2007.

Fig. 2.19.2. **HERRING.** Spawning stock biomass during the period 1986 to 2007 (thous. tonnes).




2.19.5. Horfur og tillögur um hámarksafli á vertíðinni 2007/2008


Eins og kemur fram hér að ofan er nokkur óvissa um stofnmatið, sem birtist í misvísandi niðurstöðum mismunandi stofnsmátlíkana ásamt viðvarandi tilhneigingu til að ofmeta stofninn. Þess vegna telur Hafrannsóknastofnunin ekki ráðlegt að ráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 byggist á hefðbundnum framreikningum. Telja má að ástand stofnsins sé gott og að sami afli á fiskveiðiarinu 2007/08 og á síðustu vertíð muni ekki hafa neikvæð áhrif á stærð hrygningarstofnsins. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að heildaraflamark fiskveiðiárið 2007/2008 verði 130 þús. tonn.


2.19.6. Norsk-íslensk vorgotssíld

Heildaraflí úr norsk-íslenska síldarstofninum tímabilið 1950–2006 ásamt afli Íslendinga á sama tímabili er sýndur á mynd 2.19.5. og töflu 3.19.7. Á fundi í október 2001 komust Norðmenn, Rússar, Íslendingar, Færeyingar og Evrópusambandið að samkomulagi um að takmarka veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum þannig að veiðidánartalan færi ekki yfir 0.125 frá og með árinu 2002. Frá því



að Norðmenn sögðu samningnum um skiptingu aflans upp fyrir síldarvertíðina 2003 hefur hins vegar ekki verið í gildi formlegur samningur. Í janúar 2007 náðist loks samkomulag um skiptingu aflans úr stofninum og samkvæmt því er hlutur Íslands 14,51% af heildarveiðinni. Fyrir árið 2006 lagði Alþjóðahafrannsóknaráðið til að aflinn færi ekki yfir 732 þús. tonn. Stjórnvöld þeirra þjóða sem veiðarnar stunda úthlutuðu hins vegar hærra aflamarki og varð aflinn um ein milljón tonna. Afli Íslendinga árið 2006 var um 157 þús. tonn. Íslensku skipin hófu veiðar í maí í lögsögum Íslands og Færeyja en veiðarnar færðust svo einnig yfir á alþjóðlega hafsvæðið í Noregshafi eftir því sem leið á sumarið. Á síldarvertíðinni 2006 fengust um 38 þús. tonn innan færeysku lögsögunnar, um 79 þús. tonn á alþjóðlega hafsvæðinu og 53 tonn innan lögsögu Svalbarða. Innan





Samkvæmt stofnmati á norsk-íslenska síldarstofninum frá árinu 2006 var stærð hrygningarstofnsins rúmar 10 milljónir tonna árið 2006. Stærð hrygningarstofns og vegin meðalveiðidánartala 5–14 ára síldar er sýnd á mynd 2.19.6. Mest áberandi í hrygningarstofninum er árgangurinn frá 2002, en árgangarnir frá 1998 og 1999 eru þó enn metnir stórir í hrygningarstofninum. Hins vegar eru árgangar 2000 og 2001 taldir litlir.

Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til að ekki yrðu veidd meira en 1 280 þús. tonn árið 2007, en það er í samræmi við markmið langtíma stjórnuar á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum og var íslenskum skipum úthlutað 185 728 tonnum.

Þar sem vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins um uppsjávarfiska hittist að hausti til, mun mat á stærð stofnsins og tillaga um hámarksafla fyrir árið 2008 ekki liggja fyrir fyrir en í október 2007.

Íslenskrar lögsögu veiddust um 40 þús. tonn og þar af veiddust um 30 þús. tonn í júlí og ágúst. Þriðja árið í röð veiddist norsk-íslensk síld í nóvember-desember í bland við íslensku sumargotssíldina fyrir austan land. Sá afli varð þó aðeins rétt innan við 1 000 tonn.

2.20. LOÐNA *Mallotus villosus*




2.20.1. Afli og stofnstærð

Tafla 3.20.1. sýnir loðnuafllann í þúsundum tonna á svæðinu Ísland/Grænland/Jan Mayen og skiptingu hans milli veiðitímabíla og þjóða frá því að loðnuveiðar hófust árið 1963. Skipting aflans í fjölda fiska eftir aldri á sumar- og haustvertíðum 1984–2006 og vetrarvertíðum 1985–2007 er sýnd í töflum 3.20.2. og 3.20.3.

Stærð loðnustofnsins í fjölda fiska eftir aldri og kynþroska miðað við 1. ágúst árin 1981–2006 er sýnd í töflu 3.20.4. Taflan sýnir enn fremur heildarstærð kynþroska og ókynþroska hluta stofnsins í fjölda og þyngd. Fjöldi fiska er bakreiknaður út frá mældum fjölda kynþroska loðnu að haust- eða vetrarlagi, með hliðsjón af afla og náttúrulegum afföllum. Þyngd kynþroska loðnu er mæld að hausti en meðalþyngd ókynþroska loðnu er mæld í ágúst og nóvember.


Stærð loðnustofnsins í fjölda fiska eftir aldri og kynþroska miðað við 1. janúar árin 1982–2007 er sýnd í töflu 3.20.5. Taflan sýnir enn fremur heildarstærð kynþroska og ókynþroska hluta stofnsins og hrygningarstofns í lok vertíðar í fjölda og þyngd. Eins og í töflu 3.20.4. er fjöldi fiska reiknaður út frá mældum fjölda kynþroska loðnu að hausti eða vetri (eftir því við hvaða mælingu er miðað við ákvörðun hámarksaflla hverju sinni) og bak- eða framreiknaður með hliðsjón af afla og náttúrulegum afföllum. Þyngd kynþroska loðnu er miðuð við mælingu í janúar/febrúar. Fyrir ókynþroska loðnu er hins vegar miðað við þyngd að hausti, þegar vaxtartíma hennar er lokið.

Stærð veiðistofns við upphaf og stærð hrygningarstofns við lok vertíðanna 1978/79–2006/07 er sýnd á mynd 2.20.1 og veiðisvæðin á myndinni efst í næsta dálki. Loðnuafllinn og skipting aflans í sumar-,




LOÐNA. Veiðisvæði við Ísland vertíðina 2006/07. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

CAPELIN. Fishing grounds in 2006/07 fishing season. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



2.20.2. LOÐNA. Heildaraflí og skipting afla á sumar-, haust-, og vetrarvertíðum 1976/77–2006/07.

Fig. 2.20.2. CAPELIN. Total landings and distribution of catch in the 1976/77–2006/07 fishing seasons.



Mynd 2.20.1. LOÐNA. Stærð veiðistofns við upphaf og stærð hrygningarstofns við lok hverrar vertíðar 1978/79–2006/07 (þús. tonna).

Fig. 2.20.1. CAPELIN. Abundance of the fishable stock in the beginning of the 1978/79–2006/07 seasons and the remaining spawning stock biomass at the end of each season (thous. tonnes).

haust og vetrarveiði á vertíðunum 1976/77–2006/07 er sýndur á mynd 2.20.2. Vetraraflinn hefur verið tiltölulega jafn, en sumarveiðin breytilegri, líklega mest vegna mismunandi aðgengis (t.d. torfumyndun og hafis) og sóknar. Athygli vekur þó hvað haustveiðin hefur verið lítil frá því að stofninn hrundi um árið 1990, sérstaklega síðustu átta árin. Stofninn hefur mælst nokkuð stöðugur að undanskildum vetrarum 2005/06 og 2006/07 er hann minnkaði talsvert. Stærð loðnuárganganna 1976–2004, miðað við fjölda tveggja ára nýliða í ágúst, er sýnd á mynd 2.20.3. Tafla 2.20.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvarðanir stjórnvalda um heildaraflamark og loðnuaflla á svæðinu Ísland/Grænland/Jan Mayen frá 1984/85–2006/07.


2.20.2. Veiðar og aflabrögð á vertíðinni 2006/2007

Vegna þess að hvorki tókst að mæla fjölda ókynþroska loðnu af árgöngunum frá 2004 og 2003 haustið 2005 né heldur vor, sumar og haust 2006, gat Haf-

TAFLA 2.20.1.
LOÐNA. Endanlegar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark
samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1984/85–2006/07.

CAPELIN. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984/85–2006/07.

Vertíðir Seasons ¹⁾	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
1984/85	920	920	774	123	897
1985/86	1 280	1 280	987	325	1 312
1986/87	1 290	1 290	1 053	380	1 333
1987/88	1 115	1 115	912	204	1 116
1988/89	1 065	1 065	921	116	1 037
1989/90	900	900	666	142	808
1990/91	250	312	284	27	311
1991/92	740	740	635	47	682
1992/93	900	900	655	95	793
1993/94	1 250	1 250	1 001	178	1 179
1994/95	850	850	750	114	864
1995/96	1 150	1 150	883	46	929
1996/97	1 600	1 600	1 249	322	1 571
1997/98	1 265	1 265	940	260	1 245
1998/99	1 200	1 200	899	201	1 100
1999/00	1 000	1 000	844	90	934
2000/01	1 110	1 110	894	177	1 071
2001/02	1 300	1 325	1 051	198	1 249
2002/03	1 000	1 000	765	223	988
2003/04	875	875	575	167	742
2004/05	985	985	640	144	784
2005/06	215	238	193	45	238
2006/07	370	385	307	70	377



rannsóknastofnunin ekki gert tillögu um upphafs-aflahámark fyrir loðnuvertíðina 2006/07 á árinu 2006. Lagt var til að engar loðnuveiðar yrðu leyfðar fyrr en tekist hefði að mæla stærð veiðistofnsins og ljóst væri að hann gæti staðið undir nokkrum afla auk 400 þús. tonna hrygningarstofns í lok vertíðar. Stjórnvöld fóru að þessum tillögum. Í byrjun janúar 2007 mældu rs. Árni Friðriksson og rs. Bjarni Sæmundsson loðnugöngu, sem þá var á austurleið á djúpmiðum austan í Kolbeinseyjarhryggnum. Þessi mæling svaraði til 180 þús. tonna leyfilegs hámarks-afla að teknu tilliti til náttúrulegra affalla og 400 þús. tonna hrygningarstofns í lok veiða. Var síðan ákveðið að hefja veiðar miðað við þetta aflamark til bráða-

birgða. Dagana 23.–31. janúar var veiði- og hrygningarstofninn mældur á nýjan leik, en þá var loðnan komin á Austfjarðamið. Allmikil aukning hafði orðið frá fyrri mælingu og alls mældust 715 þús. tonn af fullorðnum fiski sem svaraði til 370 þús. tonna leyfilegs hámarksafla samkvæmt aflareglu.

Í fyrstu viku febrúar gekk loðnan upp undir suðausturströndina og þaðan vestur með landi. Hraði göngunnar var hins vegar nokkru meiri en venjulega. Ástæðan er líklega tíðari norð- og austlægar vindáttir en á næstliðnum árum. Veiðar gengu jafnt og vel og vertíðinni lauk við Snæfellsnes í annarri viku marsmánaðar.

Að þessu sinni virtist lítið ganga austur á Þórsbankann og svo til öll Austfjarðaloðnan skilaði sér upp að suðurströndinni.

2.20.3. Stofnstærðarmælingar 2006/2007

Eins og fram hefur komið í skýrslum um ástand nytjastofna og aflahorfur hefur á síðustu árum ekki tekist að mæla fjölda eins og tveggja ára unglöðnu að hausti og því ekki unnt að gera tillögur um leyfilegan hámarksafla sem byggist á slíkum mælingum. Tilraunir til að mæla fjölda unglöðnu árið 2005 (veiðistofn vertíðarinnar 2006/07) mistókust með öllu og vorið 2006 og langt fram eftir sumri lá hafis yfir venjulegum loðnuslóðum úti af vestanverðu Norðurlandi, í Grænlandssundi og yfir grænlandska landgrunninu. Því var ómögulegt að komast að þeirri loðnu sem kann að hafa haldið sig þar. Þetta gildir einnig um sérstakan leiðangur sem farinn var í júl til

að kanna útbreiðslu loðnu með hliðsjón af umhverfisþáttum á svæðinu allt vestan frá Ammassalik og austur og norður í Íslandshaf á mótis við Jan Mayen. Því tókst ekki að mæla veiðistofn vertíðarinnar 2006/07 fyrr en í janúar 2007 eins og fyrr segir.

Í nóvember var farið í loðnu- og sjórannsóknaleiðangur á rs. Árna Friðrikssyni. Loðnuhluti leiðangursins hófst suður af Ammassalik (38°V). Þaðan var unnið austur- og norðaustureftir og lauk loðnuhluta leiðangursins úti af Austfjörðum seint í mánuðinum. Íslaust var til að byrja með, en austan við 34°V var ís yfir grænenska landgrunninu og í vestanverðu Grænlandssundi. Lítið sem ekkert fannst af fullorðinni loðnu, en árgömul smáloðna var allvíða, allt vestan úr Grænlandssundi og þaðan austur um úti af Norðurlandi. Smáloðnan var yfirleitt mjög dreifð nema á takmörkuðu svæði á Kögurgrunni og norður af Horni. Alls mældust tæpir 45 milljarðar af árs-gamalli loðnu (árgangur 2005), en góður árgangur mælist venjulega 80–90 milljarðar og þar yfir. Athyglisverðast við þessa mælingu er að í fyrsta sinn í fimm ár fannst árs gömul unglóðna í umtalsverðum mæli. Því eru vonir bundnar við að dreifing loðnunnar fari að færast í svipað horf og áður. Í desember tilkynntu togarar um fullorðna loðnu í fiski á Kolbeinseyjarsvæðinu og lóðningar af og til. Í kjölfar þess var þetta svæði og nágrenni þess skoðað, en lítið sem ekkert fannst.

Í ársbyrjun 2007 héldu rs. Árni Friðriksson og rs. Bjarni Sæmundsson til leitar og stofnmælinga. Fór Bjarni fyrst yfir svæðið úti af Vestfjörðum og vestanverðu Norðurlandi, en Árni austar. Í lok fyrstu viku janúar fannst loðnuganga á austurleið austan í Kolbeinseyjarhryggnum og var hún mæld eins og fyrr segir. Niðurstaðan svaraði til 180 þús. tonna aflamarks og var veiðibanninu því aflétt.

Eins og áður segir var rs. Árni Friðriksson enn við loðnuleit og mælingar austan lands seinustu 10 dagana í janúar. Þar mældust samtals um 715 þús. tonn af fullorðnum fiski, en ekki fannst meira annars staðar. Þetta svaraði til 370 þús. tonna leyfilegs hámarksaflla að teknu tilliti til náttúrulegra affalla, 400 þús. tonna hrygningar í lok veiða (í samræmi við samþykktu aflareglu) auk aflans sem fengist hafði frá fyrri mælingunni. Gerði Hafrannsóknastofnunin tillögu um aflahámark í samræmi við þessa niðurstöðu.

Ekki fannst umtalsverð vestanganga að þessu sinni. Aðeins mældust um 15 þús. tonn á þeim slóðum og var þeim bætt við áður úthlutað aflamark.

Þegar vetrarvertíðinni 2007 lauk um miðjan mars höfðu samtals veiðst 377 þús. tonn. Þar af veiddu erlend skip um 70 þús. tonn, en afli Íslendinga varð 307 þús. tonn. Stærð hrygningarstofns í lok vertíðarinnar var því, samkvæmt þessu, um 410 þús. tonn.

2.20.4. Ástand veiðistofnsins 2007/2008

Næsta loðnuvertíð mun byggjast á kynþroska hluta árgangsins frá 2005, en auk þess á þeim hluta árgangsins frá 2004 sem ekki hrygndi vorið 2007. Til þess að spá fyrir um fjölda loðnu í veiðistofninum hefur verið stuðst við spálíkan, þar sem annars vegar er borinn saman mældur fjöldi árs-gamallar loðnu að hausti og fjöldi kynþroska tveggja ára loðnu árið eftir, og hins vegar mældur heildarfjöldi tveggja ára loðnu og fjöldi kynþroska þriggja ára loðnu ári seinna (tafla 3.20.6.). Alls mældust 44,7 milljarðar ókynþroska loðnu af árgangi 2005, en framlegð eldri árgangs (2004) í veiðistofninn var mjög lítil eins og tvö undanfarin ár.

2.20.5. Tillögur um hámarksaflla á vertíðinni 2007/2008.

Ef gengið er út frá 44,7 milljörðum árs-gamallar loðnu (árgangur 2005) haustið 2006 og að framlegð eldri árgangsins (2004) verði á svipuðum nótum og undanfarin ár (meðaltal 2.6% af fjölda), reiknast heildaraflamark vertíðarinnar 2007/08 um 308 þús. tonn. Í samræmi við aflareglu um ákvörðun upphafskvóta, þ.e. að úthluta 2/3 hlutum reiknaðs heildarkvóta, leggur Hafrannsóknastofnunin til að upphafskvótinn 2007/08 verði 205 þús. tonn.


Loðnustofninn hefur verið í lægð síðustu tvær vertíðir og lág mæling á árs-gamalli loðnu haustið 2006 bendir til að svo kunni einnig að verða á komandi vertíð (2007/08). Loðnan eykur þyngd sína og fituinnihald hratt yfir sumarmánuðina (júní-september). Til að bæta nýtingu stofnsins mælir Hafrannsóknastofnunin með að veiðar á vertíðinni 2007/08 hefjist ekki fyrr en haustið 2007.

2.21. KOLMUNNI *Micromesistius poutassou*



2.21.1. Veidarnar


Á árunum 1973–1980 jókst kolmunnaafliinn í Norðaustur-Atlantshafi úr um 100 þús. tonnum í um 1,1 milljón tonna. Næstu ár minnkaði aflinn aftur og á tímabilinu frá 1982–1990 var hann 550–830 þús. tonn. Árið 1991 var aflinn aðeins 370 þús. tonn en fór vaxandi til ársins 1997. Síðan hefur heildaraflinn aukist mjög hratt, úr 670 þús. tonnum í um 2,3 og 2,4 milljónir tonna á árunum 2003 og 2004. Á árinu 2005 var aflinn rétt rúmar tvær milljónir tonna. Reiknað er með að aflinn árið 2006 hafi verið tæpar tvær milljónir tonna.



Mynd 2.21.1. **KOLMUNNI**. Heildaraflí (þús. tonna) í NA-Atlantshafi árin 1981–2006 og meðalveiðidánartala (F) 3–7 ára kolmunna 1981–2005.

Fig. 2.21.1. **BLUE WHITING**. Total landings (thous. tonnes) 1981–2006 from the NE-Atlantic Ocean and mean F_{3-7} during 1981–2005.


Afli Íslendinga jókst ört á tímabilinu 1997–2003, eða úr rúmunum 10 þús. tonnum í rúm 500 þús. tonn. Árið 2004 veiddu Íslendingar 422 þús. tonn og 265 og 310 þús. tonn árin 2005 og 2006. Nánast allur íslenski aflinn var veiddur í íslenski og færeyski lögsögu fram til ársins 2005 en árið 2006 jókst aflinn verulega á alþjóðlega hafsvæðinu vestur af Bretlandseyjum og varð um 63 þús. tonn. Einnig hófust veiðar á Dohrnbanka milli Íslands og Grænlands seint í júlí 2006 og veiddu íslensku skipin þar rúmlega 21 þús. tonn í júlí, ágúst og október. Afli Íslendinga innan íslenskrar lögsögu árið 2005 var um 93 þús. tonn og um 165 þús. tonn veiddu þeir í færeyski lögsögu. Árið 2006 veiddust um 57 þús. tonn í íslenski lögsögu og um 188 þús. tonn í þeirri færeysku, sem er svipað hlutfall af heildaraflanum og árið 2005. Fyrir árið 2005 var afli Íslendinga í færeyski lögsögu ávallt minni en í íslensku lögsögunni. Kolmunnaafliinn er sýndur á mynd 2.21.1. og kolmunnaafliinn frá 1970 í töflu 3.21.1.



2.21.2. Aldurskipting í afla


Upplýsingar um aldursskiptingu heildaraflans árið 2006 liggja ekki fyrir en í heildaraflanum árið 2005 voru árgangarnir frá 2001 og 2002 algengastir, eða 28 og 24% af fjölda. Næstur kom árgangurinn frá 2000 sem var um 21% af fjölda. Árgangarnir frá 1999, 2003 og 2004 voru um 7% hver um sig af fjölda og fiskar sem voru sjö ára og eldri voru um 4% af fjölda.

Í íslenska aflanum 2006 var árgangurinn frá 2002 algengastur af fjölda (39%), en næstur kom árgangurinn frá 2001 (30%). Árgangarnir frá 2003 og 2000 voru um 12% hvor af aflanum. Fiskar sem voru sjö




Mynd 2.21.2. **KOLMUNNI**. Stærð hrygningarstofns árin 1981–2006 í milljónum tonna.

Fig 2.21.2. **BLUE WHITING**. Spawning stock biomass during the period 1981–2006 (million tonnes).



Mynd 2.21.3. KOLMUNNI. Stærð árganga við eins árs aldur 1981–2005 (í milljörðum).

Fig. 2.21.3. BLUE WHITING. Size of the 1981–2005 year classes. Number of recruits at age 1 (in billions).



Mynd 2.21.4. KOLMUNNI. Niðurstöður bergmálmælinga á stærð kolmunnastofnsins á hrygningarslóð 1991–2007. Norskar mælingar 1991–2003 en fjölþjóðlegar mælingar frá þeim tíma.

Fig. 2.21.4. BLUE WHITING. Results of acoustic biomass estimate at spawning grounds since 1991. Norwegian results until 1993 but results from international surveys thereafter.

ára og eldri voru um 5% af fjölda. Algengustu árgangarnir í íslenska aflanum 2006 eru því þeir sömu og algengastir voru í heildaraflanum árið 2005.

2.21.3. Ástand stofnsins

Árlega er gerð úttekt á kolmunnastofninum á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Nýjar upplýsingar um ástand stofnsins verða ekki aðgengilegar fyrir en í október 2007 og er því nýjasta stofnmatið frá því í október 2006. Samkvæmt því stofnmati stækkaði hrygningarstofninn úr 2,1 milljónum tonna 1996 í um 7 milljón tonn árið 2003 með tilkomu mjög stórra árganga frá 1995–2002 en hefur minnkað aftur í um 4,8 milljón tonn árið 2006. Stærð hrygningarstofns á árunum 1981–2006 er sýnd á mynd 2.21.2. og fjöldi eins árs nýliða á árunum 1981–2005 er sýndur á mynd 2.21.3.

Meðalveiðidánartala (F) 3–7 ára kolmunna var fremur lág á árunum 1981–1983 eða um og innan við 0.3. Á árunum 1984–1990 hækkaði hún í 0.37–0.50 en lækkaði aftur í um 0.2 á árunum 1991–1995. Síðan hækkaði veiðidánartalan aftur og hefur verið 0.40–0.52 á árunum 1998–2005 (mynd 2.21.1.).

Norðmenn og Rússar hafa metið stofnstærðina með bergmálmælingum á hrygningarstöðvunum vestan Bretlandseyja og við Færeyjar í mars-apríl ár hvert síðan árið 1983 og hafa Evrópubandalagsþjóðir tekið þátt í þessum mælingum síðan árið 2004. Mælingarnar ná ekki nema að takmörkuðu leyti til ókynþroska hluta stofnsins. Enda þótt niðurstöður bergmálmælinga á uppsjávarfiskum séu oft taldar mæla raunverulega stofnstærð er talið að svo sé ekki um kolmunna þar sem nokkur óvissa er um endurvarpsstuðul hans. Því eru niðurstöður bergmálmælinganna notaðar sem vísitölur sem endurspeglar breytingar í stofnstærð. Niðurstöðurnar sýna að vísitala hrygningarstofns hefur verið á bilinu 4,1–11,1 milljón tonn árin 1991–2007 (mynd 2.21.4.). Í mars-apríl 2007 mældist hrygningarstofninn 11,1 milljónir tonna sem er um 8% meira en niðurstöður sambærilegrar mælingar árið 2006. Þessi munur er þó ekki tölfraðilega marktækur.

Samkvæmt mælingunni 2007 voru árgangarnir frá árinu 2003 og 2002 (fjögurra og fimm ára fiskur) stærstir í hrygningarstofninum í fjölda (um 55%) eins og 2006. Fiskum í hrygningarstofni hefur fækkað um 3–4% og hefur fjöldi eins til þriggja ára fisks aldrei mælst lægri og því virðist sem nýliðun undanfarin ár hafi verið slakari en um nokkurt skeið.

2.21.4. Horfur og tillögur um hámarksaflla

Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur lagt til að ekki verði veitt meira en 980 þús. tonn af kolmunna árið 2007. Þetta samsvarar fiskveiðidánartölu nálægt 0.32 og er í samræmi við varúðarsjónarmið. Íslendingar, Norðmenn, Færeyingar og Evrópusambandið gerðu með sér samkomulag í desember 2005 um veiðar úr kolmunnastofninum. Í því fólst að árið 2006 mátti heildaraflinn ekki fara yfir tvær milljónir tonna. Einnig var samþykkt að frá árinu 2007 og áfram verði aflinn minnkaður árlega um a.m.k. 100 þús. tonn þar til veiðidánartalan hefur náð 0.32. Síðar, á aðalfundi NEAFC í nóvember 2006, var samþykkt að veiðar úr þessum stofni yrðu 1 847 þús. tonn árið 2007 (strandríkin 1,7 milljón tonna og Rússar og Grænlandingar 147 þús. tonn). Samkvæmt þessu samkomulagi er hlutur Íslendinga tæp 300 þús. tonn árið 2007.

Aflatillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir árið 2008 munu liggja fyrir í október að loknum haustfundi þess 2007.


2.22. GULLLAX *Argentina silus*



2.22. Gulllax


2.22.1. Afli og sókn

Gulllax hefur veiðst í botnvörpu við Ísland um langt árabil, einkum sem aukaafli við karfaveiðar og var lengst af kastað. Tilraunaveiðar hófust árið 1986 fyrir Suður-, Suðvestur- og Suðausturlandi. Þær voru hins vegar litlar og var heildarafli árunna 1986–1995 innan við 4 000 tonn. Mestar voru veiðarnar á þessu tímabili árið 1993, en það ár var rúmum 1 200 tonnum landað. Á árinu 1997 jókst áhugi á gulllaxveiðum verulega og mörg skip fengu leyfi til tilraunaveiða með botnvörpu. Sóknin margfaldaðist á árunum 1997–1998 og jókst aflinn úr rúmum 800 tonnum árið 1996 í rúm 13 þús. tonn í júlí 1998 (mynd 2.22.1. og tafla 3.22.1.) er veiðar voru stöðvaðar. Frá árinu 1999 hefur aflinn verið á bilinu 2 500–5 500 tonn.



GULLLAX. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Öll veiðarfæri sýnd. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

GREATER SILVER SMELT. Fishing grounds. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.22.1. **GULLLAX.** Heildarafli (þús. tonna) á Íslandsmiðum árin 1985–2006.

Fig. 2.22.1. **GREATER SILVER SMELT.** Total landings from Icelandic waters during the period 1985–2006 (thous. tonnes).


Aflinn árið 2006 var tæp 4 800 tonn. Breytingar á afla á síðustu árum endurspeglar áhuga á veiðunum og markaðsaðstæður. Sú breyting hefur orðið í veiðunum á síðustu árum að meira er veitt af smærri og jafnframt yngri gulllaxi en var og hefur meðallengd í afla minnkað um 5 cm frá árunum 1997–1998.

Gulllax veiðist í stofnmælingu botnfiska en þó er útbreiðslusvæði hans að mestu utan mælingasvæðisins. Samkvæmt stofnmælingunni eru ekki merkjanleg neikvæð áhrif veiða síðustu ára á stærð stofnsins.

2.22.2. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008

Upplýsingar um afrakstursgetu gulllaxstofnsins eru takmarkaðar og ber því að fara varlega í nýtingu hans þar til frekari vitneskja liggur fyrir. Hafrannsóknastofnunin ítrekar því fyrri ábendingar um að varúðar sé þörf við nýtingu stofnsins en leggur ekki fram tillögur um heildaraflamark fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.


2.23. HUMAR *Nephrops norvegicus*



2.23.1. Veiðarnar


Fyrir fiskveiðarárið 2006/07 var úthlutað 1 800 tonna veiðiheimildum fyrir humar en tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar hljóðuðu upp á 1 700 tonn. Frá árinu 2003 hafa humarveiðar verið heimilaðar frá 15. mars til 30. september en lengst af voru þær bundnar við vertíð frá maí til ágúst. Vegna samantæringar við fyrri ár er aflur á sóknareiningu því miðaður áfram við síðartöldu mánuðina, enda veiðist langstærsti hluti aflans á því tímabili.

Alls var landað 1 875 tonnum árið 2006 en 2 030 tonnum árið 2005. Þá varð meðalafli á sóknareiningu (kg/klst./maí-ágúst/staðlað miðað við eitt troll) 66 kg árið 2006, samanborið við 45 kg og 39 kg árin 2005 og 2004. Humarafli og veiðidánartölur árin 1970–2006 eru sýnd á mynd 2.23.1. og heildarafli allt frá 1951 í töflu 3.23.1.



HUMAR. Veiðisvæði við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

NEPHROPS. Fishing grounds in 2006. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).




Mynd 2.23.1. **HUMAR.** Heildarafli (þús. tonna) árin 1970–2006 og meðalveiðidánartala (F) 6–13 ára humars sama tímabil.

Fig. 2.23.1. **NEPHROPS.** Landings (thous. tonnes) 1970–2006 and F_{6-13} during the same period.

Humarafliinn við Suðvesturland (Jökuldjúp-Selvogsleir) var 316 tonn árið 2006 en um 218 tonn árið 2005. Aflur á tog tíma 2006 var 48 kg samanborið við 31 kg árið 2005 og aðeins 17 kg árið 2004. Aflur á sóknareiningu hefur ekki verið jafn hár síðan um miðjan níunda áratug síðustu aldar.

Á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar varð aflurinn á vertíðinni 2006 490 tonn en var 953 tonn árið áður. Aflur á tog tíma var 46 kg, en 48 kg árið 2005 og 26 kg árið 2004. Aflur á tog tíma árin 2005 og 2006 er sá mesti á þessu svæði síðan á níunda áratugnum.

Humarafliinn árið 2006 á Suðausturmiðum var 1 069 tonn, miðað við 860 tonn árið 2005. Aflur á tog tíma var 94 kg, en var að meðaltali 47 kg árið 2005 og 58 kg árið 2004. Aflabrógð við Suðausturland árið 2006 eru einhver þau bestu í humarveiðum hér við land frá upphafi. Enn fremur er meðalafli á tog tíma í heild á vertíðinni sá mesti síðan um miðbik sjöunda áratugarins.



Mynd 2.23.2. **HUMAR.** Spá í maí 2006 um aldursskiptingu aflans (% af fjölda) á humarvertíðinni 2006 og áætlun byggð á aflagögnum.

Fig. 2.23.2. **NEPHROPS.** Predicted percentage age distribution (% by number) in the 2006 catch according to an estimate from May 2006 and the age distribution based on 2006 catch samples.

Skipting humaraflans eftir svæðum á árunum 1970–2006 er sýnd í töflu 3.23.2. og heildarveiðin í fjölda eftir aldri árin 1987–2006 í töflu 3.23.3.

Mynd 2.23.2. sýnir spá í maí 2006 um skiptingu aflans eftir áætluðum aldri (miðað við fjölda) fyrir humarvertíðina 2006 og áætlaðan fjölda eftir aldri byggðan á sýnum úr afla á vertíðinni. Hlutfallslega mest veiddist af sjö og átta ára humri en þó nokkru meira af átta ára en gert var ráð fyrir. Hlutdeild yngri humars var einnig nokkuð undir væntingum enda veiddist mjög lítið af sex ára og yngri humri á vestustu veiðisvæðum.


Tafla 2.23.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda og humarafli frá árinu 1984.

TAFLA 2.23.1.
Humar. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) árin 1984–2006/07.

Nephrops. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1984–2006/07.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli alls Total landings
1984	2 400	2 600	2 500
1985	2 300	2 400	2 400
1986	2 500	2 500	2 600
1987	2 700	2 800	2 700
1988	2 600	2 600	2 200
1989	2 100	2 100	1 900
1990	2 100	2 000	1 700
1991	2 100	2 100	2 200
1991/92 ¹⁾	2 100	2 100	2 200
1992/93 ¹⁾	2 200	2 400	2 400
1993/94 ¹⁾	2 200	2 400	2 200
1994/95 ¹⁾	2 200	2 200	1 000
1995/96 ¹⁾	1 500	1 500	1 600
1996/97 ¹⁾	1 500	1 500	1 200
1997/98 ¹⁾	1 500	1 200	1 400
1998/99 ¹⁾	1 200	1 200	1 400
1999/00 ¹⁾	1 200	1 200	1 300
2000/01 ¹⁾	1 400	1 400	1 400
2001/02 ¹⁾	1 500	1 500	1 577
2002/03 ¹⁾	1 600	1 600	1 687
2003/04 ¹⁾	1 600	1 600	1 437
2004/05 ¹⁾	1 500	1 500	2 035
2005/06 ¹⁾	1 600	1 800	1 946
2006/07 ¹⁾	1 700	1 800	

¹⁾ Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.



Mynd 2.23.4. **HUMAR.** Stærð veiðistofns (6 ára og eldri) ásamt hluta stórhumars (10 ára og eldri) árin 1971–2007 (þús. tonna).

Fig. 2.23.4. **NEPHROPS.** Fishable stock (6+) and large category (10+) biomass during the period 1971–2007 (thous. tonnes).


2.23.2. Ástand stofnsins og horfur

Minnkandi nýliðun á síðari hluta níunda og fyrri hluta tíunda áratugarins (mynd 2.23.3. og tafla 3.23.4.) og mikil sókn lengst af á sama tímabili (mynd 2.23.1. og tafla 3.23.5.) endurspegladist í minni veiðistofni en nokkru sinni fyrir þegar kom fram á miðjan tíunda áratuginn (mynd 2.23.4. og tafla 3.23.4.). Þetta má enn fremur merkja í lélegum afla á tog tíma um og upp úr 1995 (tafla 3.23.2.).

Um miðjan tíunda áratuginn komu fram vísbendingar um að árgangar um og upp úr 1990 væru sterkari við Suðausturland en þeir sem komu á undan og leiddi aukin nýliðun þeirra til mjög hás hlutfalls


af smáhumri í afla á því svæði. Þar dró því stórlega úr sókn frá og með árinu 1995. Með vexti þessara árganga bötnuðu aflabrógð hins vegar í kjölfarið með auknum afla á tog tíma og herra hlutfalli stærri humars. Árgangarnir frá 1993–1995 virðast hins vegar með lakasta móti á þessu svæði. Árið 2002 fór aftur að bera á smáum humri á Suðausturmiðum vegna nýliðunar árganga frá 1996–1997. Þessa humars gætti í auknum mæli í veiðinni 2003–2005 og eru árgangar 1996–1997 enn þá áberandi í veiði suðaustan lands það sem af er vertíðinni 2007. Samkvæmt stofnmælingu humars í maí 2007 er hins vegar sjö ára og einkum þó átta ára humar (árgangar 1999–2000) langmest áberandi miðað við fjölda. Hlutfall meðalstórs humars verður því hátt í aflanum 2007.

Hvað Suðvestur- og Vestmannaeyjamið varðar virðast árgangar frá 1987–1994 hafa verið áberandi slakir, einkum á vestustu veiðisvæðunum. Léleg aflabrógð hafa því verið viðloðandi á þessum svæðum lengst af á tíunda áratugnum og allt til ársins 2004. Árin 1999 og 2000 komu fram vísbendingar um batnandi nýliðun árganga frá um 1995 við Vestmannaeyjar og á Selvogsbanka og



Mynd 2.23.3. **HUMAR.** Stærð humarárganganna 1964–2002. Áætlaður fjöldi við fimm ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.23.3. **NEPHROPS.** Year classes 1964–2002 at estimated age 5 (in millions).



Mynd 2.23.5. **HUMAR.** Spá um aldersdreifingu í aflanum (% af fjölda) 2007 og 2008.

Fig. 2.23.5. **NEPHROPS.** Prognosis of age distribution (% in numbers) of the 2007 and 2008 catches.

einnig í stofnmælingum 2001–2002. Sóknin minnkaði hins vegar árin 2001 og 2002 þar sem hlutfall smáhumars var hátt. veiðin jókst heldur á þessum slóðum á vertíðunum 2003–2004 og þó sérstaklega árið 2005 eins og gert hafði verið ráð fyrir í skýrslum um ástand nytjastofna. Stórauonar veiðar við Vestmannaeyjar árið 2005 byggðust á mörgum árgöngum frá árabílinu 1994–1999. Samkvæmt fyrri reynslu var hins vegar óvarlegt að gera ráð fyrir viðvarandi jafnmikilli veiði eins og síðan kom í ljós árið 2006 þó að sú vertíð hafi einnig verið ágæt miðað við síðari ár. Í stofnmælingu í maí 2006 komu fram vísbendingar um batnandi aflahorfur á vestustu svæðunum en þau höfðu verið slök um langt árabíli. Svipaðar vísbendingar voru fyrir hendi í stofnmælingu 2007. Engar vísbendingar eru þó enn þá fyrir hendi um batnandi nýliðun meðal yngri árganga á þeim svæðum.

Veiðidánartölur frá 1970 eru sýndar á mynd 2.23.1. og frá 1987 í töflu 3.23.5. Allt frá því að núverandi aðferðir voru teknar upp við mat á stofnstærð humars, hefur ávallt verið stefnt að því að miða veiðar við kjörsókn í stofninn ($F=0.15$). Þó að það hafi að jafnaði gengið eftir til lengri tíma hafa sveiflur í stofnstærð og/eða mismunandi aðstæður eftir veiðisvæðum stundum leitt til óvenju mikillar sóknar tímabundið á tilteknum miðum. Dæmi um slíkt voru á miðum suðaustan lands árin 1986 og 1987 og í enn ríkari mæli árin 1991–1994. Svipaða sögu er að segja af sókninni á Suðvesturmiðum fyrr á árum. Með skiptingu leyfilegs hámarksaflla eftir svæðum mætti því stýra sókn betur m.t.t. stærðar veiðistofns á hverju svæði.

Mynd 2.23.5. sýnir spá um aldersdreifingu humars í aflanum árin 2007 og 2008 sem gerð var að lokinni humarvertíð árið 2006 og stofnmælingu 2007. Gert er ráð fyrir því, miðað við fjölda, að átta ára gamall humar (árgangur 1999) verði mest áberandi í veiðinni 2007 og einnig sjö ára (árgangur 2000). Miðað við þyngd mun þó 10–11 ára humar (árgangur 2006–2007) áfram veiga mikið. Humar á Suðvesturmiðum verður hins vegar jafnari að stærð, með lágum hlutfalli af smærri humri.

2.23.3. Tillögur um hámarksaflla fiskveiðiárið 2007/2008

Veiðistofn humars (6 ára og eldri) árið 2007 telst samkvæmt núverandi mati um 16 000 tonn eða um 15% stærri en gert hafði verið ráð fyrir í síðustu skýrslu um ástand nytjastofna sjávar og aflahorfur. Þetta byggist verulega á því hversu mikið árgangur

TAFLA 2.23.2.
HUMAR. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð veiðistofnsins (tonn) árið 2009.
NEPHROS. Projection of fishable stock biomass (tonnes) in 2009 for different management strategies.

2007			2008			2009
Stofn 6+ Stock 6+	F ¹⁾	Afli Catch	Aflahá- mark TAC	Stofn 6+ Stock 6+	F ¹⁾	Stofn 6+ Stock 6+
16 100	0.14	1 800	1 600	16 300	0.12	16 600
			1 900	16 300	0.15	16 300
			2 200	16 300	0.17	16 000

¹⁾ F=Meðalveiðidánartala 6-13 ára humars.
Mean fishing mortality of age groups 6-13.

1995–1997 veiga í þyngd auk árgangsins frá 1999 sem virðist sterkur. Stofninn virðist því hafa farið jafnt og þétt stækkandi undanfarin ár eftir að hafa verið í sögulegu lágmarki árin 1995–2000 vegna versnandi nýliðunar og of mikillar sóknar suðaustan lands á öndverðum tífunda áratugnum.


Í framreikningum á stofnstærð til ársins 2009, sem sýndir eru í töflu 2.23.2, eru árgangar 2002–2003 settir jafnir og meðalnýliðun árána 1993–2005. Þessir árgangar munu bætast í veiðistofninn árin 2008–2009. Þá er reiknað með því að meðalþyngd eftir aldri verði eins og sýnt er í töflu 3.23.6. og að afli fiskveiðiársins 2006/07 verði 1 800 tonn.

Af þessu leiðir að verði landaður afli 1 900 tonn (kjörsókn) fiskveiðiárið 2007/08 mun veiðistofninn ekki stækka á komandi árum nema nýliðun verði betri en núverandi vísbendingar eru um í stofnmælingu humars. Verði landað yfir 2 000 tonnum fer veiðistofninn minnkandi árið 2009 (tafla 2.23.2.). Varanleg aukning í náinni framtíð virðist því undir því komin að nýliðun breytist áfram til batnaðar eins og árgangar tímabilsins 1995–2000 hafa sýnt.

Í ljósi þess sem að ofan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin því til að hámarksafli humars fiskveiðiárið 2007/2008 fari ekki yfir 1 900 tonn.

Eins og áður greinir er ástand humarstofnsins mismunandi á Suðvestur- og Suðausturmiðum, m.a. vegna breytilegrar nýliðunar og aldursskiptingar eftir svæðum. Hafrannsóknastofnunin ítrekar því enn að skipta skuli leyfilegum humarafla eftir svæðum með tilliti til nýjustu upplýsinga um stofnstærð hverju sinni.


2.24. RÆKJA *Pandalus borealis*



2.24.1. Veiðarnar


Tafla 3.24.1. sýnir heildarrækjuaflla Íslendinga eftir svæðum árin 1955–2006 og tafla 3.24.2 sýnir rækjuaflla á Íslandsmiðum eftir svæðum árin 1998–2006. Rækjuafllinn á Íslandsmiðum var um 860 tonn árið 2006 en um 4 500 tonn árið 2005. Mynd 2.24.1. sýnir aflann á Íslandsmiðum frá 1964 til 2006.

Rækjuafli á grunnslóð var 705 tonn árið 2005, en minnkaði í 250 tonn árið 2006 (tafla 3.24.2.).



Mynd 2.24.1. RÆKJA. Heildaraflí á Íslandsmiðum á grunnslóð og djúpslóð árin 1964-2006.

Fig. 2.24.1. NORTHERN SHRIMP. Total landings at Iceland from inshore and offshore areas during 1964–2006.



RÆKJA. Veiðisvæði úthafsækju við Ísland árið 2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn á sjm²).

NORTHERN SHRIMP. Fishing grounds in 2006. Dark areas indicate highest catch (tonnes nm²).

Rækjuafli í úthafinu minnkaði úr tæplega 3 800 tonnum árið 2005 í rúm 600 tonn árið 2006 (tafla 3.24.2.). Alls stunduðu þrjú skip úthafsækjuveiðar árið 2006. Engin veiði var stunduð á Dohrnbanka.

2.24.2. Ástand rækju á grunnslóð 2006/2007 og tillögur að upphafsaflla á fiskveiðiárinu 2007/2008

Búast má við að rækjuveiðar á grunnslóð norðan lands á næstu vertíð verði áfram í lágmarki. Mikil þorsk- og ýsugengd hefur verið í öllum fjörðum og hefur ýsu fjölgað meira en þorski frá því árið 2003. Þorsk- og ýsugengd hefur einnig verið mikil í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi undanfarna vetur og hefur rækjustofninn þar minnkað verulega. Rækjustofnarnir á þessum síðastnefndu fjörðum höfðu þó heldur stækkað haustið 2006. Engar veiðar voru innfjarða veturinn 2006/2007. Tillögur um upphafsaflla á grunnslóð ná einungis til aflamarks fyrstu mánuði vertíðarinnar (tafla 2.24.2.).

Tafla 2.24.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (í tonnum) árin 1984/85–2006/07.


NORTHERN SHRIMP, INSHORE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1984/85–2006/07.

20Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark TAC	Afli Catch
1984/85	7 200	7 400	7 400
1985/86	5 900	6 000	6 100
1986/87	2 900	3 000	2 600
1987/88	3 400	3 800	3 800
1988/89	3 500	3 800	3 800
1989/90	4 200	4 500	4 500
1990/91	6 800	6 900	7 000
1991/92	6 900	6 900	7 100
1992/93	7 400	7 400	7 400
1993/94	8 000	8 000	8 000
1994/95	9 100	9 100	9 100
1995/96	11 900	11 900	11 900
1996/97	10 000	10 000	10 000
1997/98	6 900	6 900	6 900
1998/99	4 900	4 900	4 900
1999/00	3 290	3 290	3 300
2000/01	2 500	2 500	2 500
2001/02	2 400	2 400	2 400
2002/03	1 950	1 950	1 700
2003/04	750	800	800
2004/05	650	650	705
2005/06	200	200	240
2006/07	200		

Stofnvísitala rækju við **Eldey** var mjög lág árið 2004. Engin könnun fór fram á svæðinu árin 2005 og 2006. Engar veiðar hafa verið leyfðar við Eldey frá því að rækjustofninn á svæðinu hrundi árið 1997 (mynd 2.24.2.).

Engin rækjuveiði var í **norðanverðum Breiðafirði** frá og með árinu 2002. Í könnun árið 2003 varð vart við ungborsk í töluverðu magni en nær enga rækju. Árið 2004 fannst mjög lítið af rækju, en engin könnun hefur farið fram síðan.

Á miðunum við **Snæfellsnes** hefur afli verið lítill undanfarin ár. Árið 2004 veiddust aðeins 40 tonn inni á Breiðafirði og 30 tonn árin 2005 og 2006. Í



Kolluál veiddust 170 tonn árið 2004, 240 tonn árið 2005 og 210 tonn árið 2006. Afli hefur verið óverulegur undanfarin ár í Jökuldjúpi nema árið 2000 en þá var hann tæp 1 100 tonn (mynd 2.24.2.). Lagt er til að afli á miðnum við Snæfellsnes verði 400 tonn á fiskveiðiárinu 2007/2008.

Samkvæmt stofnmati veturinn 2006/2007 er rækjustofninn í **Arnarfirði** undir meðallagi en hefur þó stækkað aðeins frá vetrinum 2005/2006 þegar hann var í lágmarki. Um 440 tonn veiddust á þessu svæði vetur og sumar 2004/2005 (mynd 2.24.2.). Í haustkönnun 2006 mældist mjög mikið af ýsu og þorski og var rækjan í einum hnapp innst í Borgar-

TAFLA 2.24.2. RÆKJA Á GRUNNSLÓÐ. Tillögur um upphafsafli (tonn) fiskveiðiárið 2007/2008. NORTHERN SHRIMP, INSHORE. Recommended provisional TAC (tonnes) for the quota year 2007/2008.	
Svæði Area	Fiskveiðiárið 2007/2008 Quota year 2007/2008
Eldey	0
Snæfellsnes	400
Arnarfjörður	0
Ísafjarðardjúp	0
Húnaflói	0
Skagafjörður	0
Skjálfandi	0
Öxarfjörður	0

firði, líkt og haustin 2004 og 2005. Lagt var til að engar rækjuveiðar yrðu stundaðar veturinn 2006/07 (annan veturinn í röð) en hækkun á stofnvísitölu gaf ekki tilefni til að rækjuveiðar yrðu leyfðar á ný. Ekki er lagður til upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.

Samkvæmt stofnmæti í **Ísafjarðardjúpi** haustið 2006 hefur rækjustofninn aukist lítils háttar eftir hrúnið 2003 en var samt með þeim minnstu frá upphafi mælinga 1978 (mynd 2.24.2.). Aukning í stofnstærð stafar sennilega mest af minni ýsu- og þorskgengd veturinn 2006/2007 miðað við tvo undanfarna vetur. Engar rækjuveiðar voru heimilaðar veturinn 2006/2007 og ekki er lagður til upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.

Eftir góða rækjuveiði í **Húnaflóa** 1994/95 og 1995/96 (mynd 2.24.2.) hrundi rækjustofninn vegna mikillar þorsk- og ýsugengdar. Engin könnun var gerð haustið 2004, en haustið 2005 var rækjustofninn enn í algjöru lágmarki. Engar rækjuveiðar hafa verið leyfðar í Húnaflóa síðustu sjö vertíðir og ekki er lagt til að þær verði leyfðar fiskveiðiárið 2007/2008 þar sem mikil þorsk- og ýsugengd haustið 2006 bendir ekki til að rækjustofninn muni vaxa á næstunni.

Í **Skagafirði** mældist nánast engin rækja veturna 2000/01–2003/04 og voru engar veiðar leyfðar (mynd 2.24.2.). Ýsa og þorskur (eins árs og eldri) voru mjög áberandi í könnunum allt frá árinu 2000 í firðinum. Engar kannanir voru gerðar haustið 2004 og 2006 en í haustkönnun 2005 fannst engin rækja en mikið af ýsu. Engar rækjuveiðar hafa verið leyfðar síðustu sjö vertíðir í Skagafirði og ekki er lagt til að þær verði leyfðar fiskveiðiárið 2007/2008.

Í **Skjálfanda** minnkaði rækjustofninn verulega veturinn 1998/99 (mynd 2.24.2.). Veturinn 1999/2000 var rækjan nánast horfin og engar rækjuveiðar hafa verið stundaðar þar síðustu sex vertíðir. Talsverð þorsk- og ýsugengd árin 1998 og 1999 hefur stuðlað að minnkun rækjustofnsins í Skjálfanda. Vegna mikils fjölda eins árs ýsu (<20 cm) reyndist ekki unnt að hefja rækjuveiðar á svæðinu veturinn 2003/04. Engin könnun var gerð haustið 2004 en haustið 2005 var lítið um rækju á svæðinu en gríðarlega mikið af ýsu. Ekki er búist við að

rækjustofninn vaxi í bráð og því ekki lagður til upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.

Veturna 2000/01–2003/04 var talsvert meira af þorski tveggja ára og eldri í **Öxarfirði**, en áður hefur mælst á rækjuslóðinni og einnig talsvert af ýsu. Talið er að þetta skýri hrun rækjustofnsins í Öxarfirði. Engin könnun var gerð haustið 2004, en kannanir haustin 2005 og 2006 leiddu í ljós mikla ýsugengd og þá sérstaklega seinna árið. Ekki er búist við að rækjustofninn vaxi í bráð og því ekki lagður til upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.

Meðalstærð rækju (fjöldi/kg) á hinum ýmsu svæðum er sýnd í töflu 3.24.4. Smæst var rækjan á grunnslóð árið 2006 í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa (359 stk./kg).

2.24.3. Þróun úthafs rækjuveiða og aflabrögð

Úthafs rækjuveiðar fyrir Norðurlandi hófust á áttunda áratugnum og voru fremur litlar til ársins 1984 en þá jukust þær verulega og náðu hámarki árið 1997, rúmum 62 þús. tonnum. Frá 1998 til 1999 minnkaði afli úr rúmum 48 þús. tonnum í rúm 25 þús. tonn og hélst á bilinu 20–25 þús. tonn til ársins 2003. Árin 2004 og 2005 minnkaði afli enn meira og var aðeins um 600 tonn árið 2006 (mynd 2.24.1.). Undanfarið sex ár hefur rækjuafli verið minni en leyfilegur hámarksafli (sjá töflu 2.24.3.). Aflaminnkun stafar af lægð í rækjustofninum og lítilli sókn vegna mjög lágs afurðaverðs. Úthafs rækjuafli eftir einstökum svæðum er sýndur í töflu 3.24.2.


Afli á togtíma (staðlaður miðað við 1600 möskva vörpu) hefur verið nokkuð breytilegur frá því að veiðar hófust en náði hámarki árið 1996, 200 kg/klst. en féll hratt eftir það í 83 kg/klst. árið 1999. Á árunum 2001–2003 jókst afli á togtíma aftur en minnkaði með aukinni þorskgengd árin 2004 og 2005 í um 100 kg/klst. Árið 2006 var afli á sóknar-einingu 117 kg/klst. (mynd 2.24.3.).

Meðalstærð rækju frá 1997–2006 á ýmsum svæðum er sýnd í töflu 3.24.4. Árið 2006 var úthafs rækjan smæst í Héraðsdjúpi (309 stk./kg) en stærst í Eyjafjarðarál (168 stk/kg). Engin sýni fengust á Dohrnbanka árið 2006. Meðalstærð breytist aðallega eftir styrk árganga á hverju svæði.

Rauða torgið og **Hali** eru utan hefðbundins stofnmælingarsvæðis. Á Rauða torginu hafa fengist allt upp í 1 400 tonn og 2 000 tonn á Hala. Rækjuafli var enginn á þessum svæðum árin 2005 og 2006.

2.24.4. Stofnmælingar

Hafrannsóknastofnunin hefur staðið fyrir stofnmælingum á úthafs rækju (SMR) allt frá árinu 1988. Árið 2006 var stofnmælingin endurskoðuð og stöðvum fækkað um 50%. Samanburður við fyrri stofnmælingar leiddi ekki í ljós marktækan mun á niðurstöðum 2006 og fyrri ára, þó svo að óvissumörk ykj-ust lítilla. Stofnmælingin nær til allra úthafs rækju-miðanna fyrir Norðvestur-, Norður- og Austurlandi. Stofnvísitala 2006 mældist eilítið hærri en undanfara-



Mynd 2.24.3. RÆKJA. Staðlaður affli á sóknareiningu (kg/klst.) 1974–2006 (á helstu úthafs-rækjувæðunum) og stofnvisitala úthafs-rækju 1988–2006.

Fig. 2.24.3. NORTHERN SHRIMP. Standardized CPUE during 1974–2006 and stock biomass indices in 1988–2006 in major offshore fishing grounds.

in tvö ár en er enn nálægt sögulegu lágmarki. Vísitala kvendýra jókst lítillega frá síðasta ári sem var þá í sögulegu lágmarki. Tveggja ára rækja er notuð sem vísitala á nýliðun, en nýliðunin 2006 var sú lægsta sem mælst hefur frá 1988. Það er því ljóst að 2004 árgangurinn er mjög lítil og 2003 árgangurinn mældist einnig mjög smár.

Tafla 2.24.3.
ÚTHAFSRÆKJA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affli (í tonnum) árin 1987–2006/07.
NORTHERN SHRIMP, OFFSHORE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1987–2006/07.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark TAC	Afli Catch
1987 ¹⁾	30 000	30 000	33 400
1988 ¹⁾	30 000	30 000	24 500
1989 ¹⁾	20 000	20 900	20 900
1990 ¹⁾	22 000	24 600	24 400
1991 ¹⁾	28 000	-	30 700
1991/92 ²⁾	35 000	40 000	34 200
1992/93 ²⁾	35 000	40 000	41 800
1993/94 ²⁾	40 000	52 000	53 200
1994/95 ²⁾	60 000	62 000	61 200
1995/96 ²⁾	40 000 ³⁾	63 000	65 000
1996/97 ²⁾	55 000	60 000	57 300
1997/98 ²⁾	70 000	75 000	60 900
1998/99 ²⁾	40 000 ⁴⁾	40 000	30 700
1999/00 ²⁾	20 000	20 000	20 700
2000/01 ²⁾	25 000	25 000	22 100
2001/02 ²⁾	35 000	35 000	27 400
2002/03 ²⁾	30 000	30 000	24 300
2003/04 ²⁾	20 000	20 000	18 000
2004/05 ³⁾	15 000 ⁵⁾	10 000	5 100
2005/06	10 000	10 000	800
2006/07	7 000		



¹⁾ Almanaksár. Calendar year.

²⁾ Fiskveiðiár. Quota year.

³⁾ Tillaga um upphafsaflla. Provisional TAC.

⁴⁾ Tillaga um leyfilegan hámarksaflla var upphaflega 60 þús. tonn en var endurskoðuð í janúar 1999 og breytt í 40 þús. tonn. Recommended TAC originally set at 60 thousand tonnes, but revised to 40 thousand tonnes in January 1999.

⁵⁾ Engin tillaga um hámarksaflla en sagt að óbreytt sókn leiði af sér 15 þús. tonna aflla. TAC not set but unchanged effort gives 15 thousand tonnes.





Mynd 2.24.4. RÆKJA. Tvær vísibendingar um þorskgengd á rækjувæðunum á Norður- og Austurmiðum.

Fig. 2.24.4. NORTHERN SHRIMP. Two different indices that show the quantity of cod north and east of Iceland.

2.24.5. Stofnmat og forsendur

Þar sem rækja er ein aðalfæða þorsks og þorskur hefur þannig umtalsverð áhrif á stofnstærð rækju hefur verið stuðst við mælingar á magni þorsks út af Norðurlandi við mat á stærð rækjustofnsins. Mynd 2.24.4. sýnir tvær mismunandi vísitölur um magn þorsks á Norður- og Austurmiðum, þ.e. vísitölur þorsks í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) 1985–2006 og vísitölur þorsks úr stofnmælingu úthafs-rækju (SMR) í júlí–ágúst 1987–2006. Vísitölur SMB gefa vísibendingar um magn þorsks fyrir öllu Norður- og Austurlandi (frá Norðurkanti að Berufirði) en SMR vísitölur lýsa þorskmagni þar sem rækjan heldur sig í djúpunum fyrir norðan og austan. Vísitölurnar benda til verulega aukinnar þorskgengdar á Norður- og Austurmiðum á árunum 1995 til 1998, minnkunar frá 1998–2002 og aukningar síðan þá. Hitastig er talið hafa áhrif á göngur þorsks á úthafs-rækjulsóð. Þrátt fyrir þetta er nokkuð ósamræmi milli vísitalnanna. Samkvæmt fæðurannsóknnum á árunum 1998–2006 í stofnmælingu úthafs-rækju var lítið af loðnu í þorskmögum árin 2003–2006 miðað við árin 1998–2002, en þeim mun stærra hlutfall af rækju. Við stofnmat á úthafs-rækju var beitt fjölstofnalíkani (GADGET) sem tekur tillit til lengdar og aldurs



rækjunnar. Í líkaninu er gert ráð fyrir að náttúruleg dánartala af völdum þorsks sé í réttu hlutfalli við magn þorsks á rækjusvæðinu óháð stærð rækjustofnsins. Náttúruleg dánartala af öðrum völdum er höfð 0.1.

Eins og lýst var hér að framan eru mælikvarðar á magn þorsks nokkuð misvísandi og var því prófað að gera tvenns konar stofnmat, þar sem annars vegar voru notaðar vísitölur úr SMB og hins vegar úr SMR. Erfitt er að skipta dánartölu milli þorsks og annarra afræningja og eru dánartölur rækju sem er að fullu komin inn í veiði mismunandi eftir því hvort

notaðar eru þorskvísitölur úr SMB eða SMR (mynd 2.24.5.). Töluverður munur er einnig á niðurstöðum á hlutfallslegri stofnstærð rækju eftir því hvor þorskvísitalan er notuð (mynd 2.24.6.) en í báðum tilfellum kemur fram að afrán þorsks hefur meiri áhrif á stofnstærð rækju en veiðin hin síðari ár. Bæði líkönin sýna að stofninn hafi verið í lágmarki árin 2004–2006.

2.24.6. Ástand og horfur

Niðurstöður SMR árið 2006 benda til að stofninn sé í lágmarki líkt og 2004–2005 og sama gildir um vísitölu kvendýra. Þá veldur það áhyggjum hversu árgangar 2003 og 2004 mælast litlir. SMR líkanið bendir til mikillar þorskgengdar á rækjumíðunum á árunum 2003–2006 sem einnig kemur fram í SMB-líkaninu.

Munur er á niðurstöðum mismunandi líkana við mat á heildarstofnstærð, en niðurstöður benda til þess að rækjustofninn sé nú í sögulegu lágmarki. Léleg nýliðun og mikil þorskgengd á rækjustlóð nú benda jafnframt til þess að rækjustofninn muni minnka enn frekar á næstu árum.

Hafrannsóknastofnunin telur, í ljósi ofangreindra upplýsinga um ástand stofnsins, að ekki séu forsendur fyrir breytingum á aflamarki og leggur til að heildaraflamark úthafs rækju á fiskveiðarárinu 2007/2008 verði 7 000 tonn, sem er sama aflamark og lagt var til fyrir síðasta fiskveiðiár.

2.24.7. Rækjuveiðar á öðrum hafsvæðum

Talið er að meirihluti rækjustofnsins á **Dohrbanka** og við Austur-Grænland haldi sig vestan miðlínu milli Íslands og Grænlands. Miðlínan milli Íslands og Grænlands liggur yfir nyrstu rækjumíðin á Dohrbanka. Engir samningar eru um sameiginlega stjórn veiða og aflskiptingu úr stofninum. Afli allra þjóða við Austur-Grænland var tæp 5 000 þús. tonn árið 2006, samanborið við rúm 12 000 þús. tonn að meðaltali á árabílinu 1994 til 2003. Afli Íslendinga á Dohrbanka hefur á undanförunum árum verið mjög breytilegur enda liggur þarna oft ís yfir miðunum. Aflinn fór mest upp í 2 900 tonn árið 1997. Síðustu tvö ár hafa Íslendingar veitt lítið sem ekkert. Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðiráðið (NAFO) leggur til að afli fyrir allt svæðið við Austur-Grænland verði ekki meiri en 12 400 tonn fyrir árið 2007. Þetta er sama aflamark og fyrir árin 2004–2006. Afli Grænlandinga og Norðmanna á sóknareiningu var þó með mesta móti árið 2006, einkum norðan 65°N og bendir það til að stofninn þar sé í góðu ásigkomulagi.

Vorið 1993 hófust rækjuveiðar á **Flæmingjagrundi**, alþjóðlegu hafsvæði austan efnahagslögsögu Kanada. Aflinn jókst í rúmlega 63 þús. tonn árið 2003 en minnkaði í 32 þús. tonn árið 2005 vegna slæmra markaðsskilyrða. Afli Íslendinga jókst úr um 2 200 tonnum árið 1993 í tæplega 21 þús. tonn árið 1996. Síðan þá hefur aflinn verið á bilinu 3 600–9 300 tonn, en var tæp 2 000 tonn árið 2006 (tafla

3.24.1.). Aðeins eitt íslenskt skip stundaði veiðarnar árin 2003–2006.

Í úttekt NAFO á rækju á Flæmingjagrunni í nóvember 2006 kom fram að stofnstærð kvendýra í stofnmælingu Spánverja hefur aukist frá árinu 1997 til 2002 en verið svipuð eftir það. Þar sem árgangar 2003 og 2004 virtust slakir var lagt til að sókn í rækju árið 2008 yrði svipuð og árið 2006. Mjög litlar upplýsingar hafa fengist um rækjuafli árið 2006 en þær verða teknar saman af NAFO fyrir lok árs 2007.

Rækjuveiðar hófust á **Miklabanka** árið 1993 en lítið veiddist fyrstu tvö árin. Færeyingar stunduðu tilraunaveiðar á árunum 1996–1999 og árið 2000 ákvað NAFO 6 000 tonna aflahámark og skyldu Kanadamenn veiða 5 000 tonn en 1 000 tonn skiptast á milli aðildarþjóða NAFO. Þannig komu 67 tonn í

hlut hverrar þjóðar. NAFO lagði til að aflahámark á Miklabanka yrði aukið í 13 000 tonn fyrir árin 2004 og 2005. Þetta svaraði til 144 tonna fyrir hverja þjóð nema Kanada. Leyfilegur hámarksafli jókst í 22 þús. tonn fyrir árin 2006–2007 þar sem Vísindanefnd NAFO ákvað að veiða mætti 12% af vísitölu veiðistofns árunum 2002–2004. Sama aflamark var ákveðið fyrir árið 2008.

Aflahámark íslenskra skipa fyrir árin 2006 og 2007 var 245 tonn og var skráður afli íslensku skipanna árið 2006 226 tonn (tafla 3.24.1.).


2.25. HÖRPUDISKUR *Chlamys islandica*



2.25.1. Afli og sókn

Hörpudisksveiðar voru ekki heimilaðar fiskveiði-árið 2006/07, fjórða árið í röð. Til samanburðar var heildaraflinn að jafnaði 9 500 tonn á árunum 1996–2000, þar af 8 500 tonn í Breiðafirði.


Heildarafli hörpudisks og aflinn í Breiðafirði frá árinu 1969 er sýndur á mynd 2.25.1. en aflinn eftir svæðum er nánar tilgreindur í töflu 3.25.1.



Afli skelbáta á sóknareiningu (meðalafli á hverja klst. að veiðum, miðað við einn plóg) var í nokkru samræmi við vísitölur í stofnmælingum allt þar til upp úr 1990. Frá árinu 1991 til 1996 jókst meðalafli á veiðistund í Breiðafirði aftur á móti um allt að 70%, úr tæpum 1 000 kg í rúmlega 1 600 kg, meðan stofnmælingar bentu til fremur lítilla breytinga á veiðistofninum. Á þessum árum voru í auknum mæli teknir í notkun þyngri og um 30% veiðnari skelplógar og því er vaxandi afli á veiðistund að mestu leyti rakinn til bættrar veiðitækni. Verulegur samdráttur varð í afla á sóknareiningu á tímabilinu 1999 til 2003 þegar veiðar voru síðast stundaðar eða úr um 1 600 kg í aðeins 709 kg. Þannig var aflinn á árinu 2003 um 55% minni en að meðaltali árin 1996–1999 (mynd 2.25.2.).

2.25.2. Ástand stofnsins


Niðurstöður stofnmælinga benda til þess að hörpudisksstofninn í Breiðafirði hafi minnkað verulega á níunda áratugnum sem hugsanlega má rekja til of mikilla veiða en sex sinnum á árunum 1984–1993 var veitt 10–25% umfram tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar. Eftir að dregið var úr veiðum árið 1994 hélst stofninn í nokkru jafnvægi til ársins 2000 (mynd 2.25.2. og tafla 2.25.1.). Samkvæmt stofnmælingu í Breiðafirði í apríl 2001 mældist vísitala



veiðistofnsins hins vegar um 27% lægri miðað við þyngd en að jafnaði árin 1993–2000 og hefur sú þróun haldið áfram í öllum nema einni af þeim átta stofnmælingum sem gerðar hafa verið árin 2002–2006. Þannig mældist hörpudisksstofninn í sögulegu lágmarki árin 2005 og 2006 eða um 16% af meðaltali árána 1993–2000. Samfara hnignun stofnsins hafa náttúruleg dauðsföll mælst há, einkum meðal stærri skelja, auk þess sem nýliðun virtist versnandi í veiðistofni (árgangar 1992–1996).

Haustið 2006 mældist stofninn svipaður að þyngd og árið áður en skeljum í stærðarflokkum 60 mm og yfir hafði þó áfram farið fækkandi. Frekari niðurstöður bíða árlegrar stofnmælingar haustið 2007 þegar afrakstur nýliðunar og vaxtar sumarsins 2007 liggur fyrir.

Rannsóknir síðustu ára sýna að náð samband er á milli minnkunar stofnsins og aukinna dauðsfalla



TAFLA 2.25.1. HÖRPUDISKUR. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflaghámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) árin 1984–2006/07. <i>ICELAND SCALLOP. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1984–2006/07.</i>					
Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Alls Total	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings	Alls Total
	Breiðafjörður		Breiðafjörður	Breiðafjörður	
1984	11 000	14 100	11 000	11 900	15 600
1985	11 000	15 400	12 000	12 100	17 100
1986	10 000	14 200	12 000	12 700	16 400
1987	11 000	14 500	11 000	11 100	13 300
1988	10 000	13 500	10 000	9 800	10 100
1989	9 000	12 500	10 000	10 100	10 800
1990	10 000	13 500	10 000	10 100	12 400
1991	9 000	12 500	9 000	8 900	10 300
1992	8 500	11 200	8 500	10 600	12 400
1992/93 ¹⁾	8 500	11 500	8 500	10 300	11 600
1993/94 ¹⁾	8 000	10 100	9 800	8 000	9 400
1994/95 ¹⁾	8 500	10 200	8 200	8 800	9 400
1995/96 ¹⁾	8 000	9 500	8 000	7 400	8 000
1996/97 ¹⁾	8 000	9 300	8 000	8 400	9 200
1997/98 ¹⁾	8 000	9 300	8 000	8 900	10 600
1998/99 ¹⁾	8 500	9 800	8 500	8 100	9 100
1999/00 ¹⁾	8 500	9 800	8 500	8 700	9 200
2000/01 ¹⁾	8 000	9 300	8 000	7 900	8 200
2001/02 ¹⁾	6 500	6 750	6 500	6 400	6 600
2002/03 ¹⁾	4 000	4 150	4 000	4 435	4 505
2003/04 ¹⁾	0	0	0	0	0
2004/05 ¹⁾	0	0	0	0	0
2005/06 ¹⁾	0	0	0	0	0
2006/07 ¹⁾	0	0	0	0	0

¹⁾ Fiskveiðiárið September-ágúst. Quota year September-August.

óháð veiðum. Dauðsföll eru metin sem hækkað hlutfall nýdauðra tómra skelja samhangandi á hjör. Tíðni dauðsfalla fer vaxandi með stærð/aldri skeljanna og þeirra gætir mest í veiðistofninum en minna meðal yngri skelja. Óvissa ríkir því enn þá um hver afdrif yngri árganga verða þegar fram líða stundir. Árgangar 2004 og 2005 virðast þó slakir.

Athuganir benda til þess að samfara hnignun stofnsins hafi sjávarhiti í Breiðafirði verið hærri á undanförunum árum en á nokkru öðru jafnlöngu tímabili frá því að hörpudisksveiðar hófust þar árið 1970. Þá hafa niðurstöður úr hörpudiskssýnum sem rannsökuð hafa verið á Rannsóknadeild fisksjúkdóma að

Keldum staðfest umtalsverða frumdýrasýkingu ásamt vefjabreytingum sem virðist mega tengja við afföllin í stofninum. Aðrir þættir kunna einnig að koma við sögu þessara dauðsfalla og nákvæm tengsl við hitastig sjávar eru enn þá að mörgu leyti óljós.

2.25.3. Tillögur fyrir fiskveiðiárið 2007/2008

Mikil umskipti hafa orðið í stærð stofnsins síðan árið 2000 og mælist hann ennþá í sögulegu lágmarki. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að veiðar á hörpudiski verði ekki heimilaðar fiskveiðiárið 2007/2008.

2.26. KÚFSKEL *Arctica islandica*




2.26.1. Afli og sókn

Veiðar á kúfskel til manneðis voru stundaðar frá Vestfjörðum á árunum 1987–1999. Veiðisvæðið náði frá Breiðafirði að Skagatá og var landaður afli á bilinu 1 100 til 7 700 tonn (tafla 3.26.1.). Árið 1996 var gefið leyfi til veiða á 12 þús. tonnum af kúfskel á svæðinu frá Skagatá austur um að Ingólfshöfða. Veiðar á þessu svæði voru stundaðar með hléum til ársins 2001 og var landaður afli á bilinu 700 til 7 500 tonn (tafla 3.26.1.). Síðastliðin sex fiskveiðiár var veitt tilraunaveiðileyfi á 24 þús. tonnum af kúfskel á ári, á svæðinu frá Garðskaga réttislausis að Ingólfshöfða. Landaður afli árið 2004 var tæp 10 400 tonn, árið 2005 rúm 2 000 tonn og árið 2006 aðeins rúm 450 tonn (tafla 3.26.1.). Takmarkaðar veiðar hafa verið stundaðar frá 2005 vegna slæmra markaðsaðstæðna. Afli á sóknareiningu samkvæmt afladagbókum hefur verið svipaður síðastliðin sex ár, 7 600–9 500 kg/klst. en sóknin mismikil.

2.26.2. Ástand stofnsins

Rannsóknir sýna að kúfskel er langlíf og hægvaxta. Uppistaða veiðistofnsins er stórar og gamlar skeljar. Elstu einstaklingar sem aldursgreindir hafa verið við Ísland eru yfir 200 ára gamlir. Talið er að nýliðun sé lítil.

Kúfskeljastofninn á 5–50 m dýpi í Faxaflóa, Breiðafirði og við Suðausturland var kannaður árið 1987, en við Vestfirði, Norður- og Norðausturland árið 1994. Stofninn við Norðausturland var endurmetinn árið 2005 og var þá stofnstærð á öllum þessum svæðum metin um 1,3 milljónir tonna. Stofnstærð kúfskelja sunnan lands frá Garðsskaga að Tvískerjum hefur enn ekki verið metin.



KÚFSKEL. Veiðisvæði við Ísland árin 1998–2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

OCEAN QUAHOG. Fishing grounds in 1998–2006. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

2.26.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2007/2008

Aflamark hefur ekki verið svæðisbundið en til að koma í veg fyrir ofnýtingu einstakra svæða og tryggja að sókn dreifist jafnar á útbreiðslusvæði stofnsins, leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark verði bundið ákveðnum veiðisvæðum sem miðast við firði á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Í Faxaflóa og fyrir Suðurlandi skal miða við frekari svæðaskiptingu. Auk þess er lagt til, í varúðarskyni, að ekki verði að jafnaði veitt meira en sem nemur 2,5% af áætlaðri stofnstærð á hverju ári á tilteknu fjögurra til sjö ára tímabili á hverju veiðisvæði, en með þeim takmörkunum að afli einstök ár nemi að hámarki 5% af áætlaðri stofnstærð. Með hliðsjón af ofangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að heildarafli af kúfskel á ofangreindum veiðisvæðum verði ekki meiri en 31 500 tonn fiskveiðiárið 2007/2008.


2.27. BEITUKÓNGUR *Buccinum undatum*



Tilraunaveiðar á beitukóngi hófust í Breiðafirði árið 1996 og veiddust 500 tonn. Aflinn hefur verið sveiflukenndur vegna markaðsaðstæðna, mestur 1 284 tonn árið 1997 en nánast enginn árin 1998 og 2002. Síðan jókst sóknin aftur vegna hagstæðari markaða og fór aflinn upp í 991 tonn árið 2005. Á árinu 2006 varð aflinn alls 839 tonn þó að sóknin ykist um rúm 10 % (tafla 3.27.1.).

Meðalafli í hverja dregna gildru árið 2006 var 2,9 kg samanborið við 3,8 kg og 3,1 kg árin 2005 og 2004. Heildarafli og afli á sóknareiningu árin 1996–2006 er sýndur í töflu 3.27.1.

Stofnmælingar fóru fram í Breiðafirði á ofanverðum tíunda áratugnum. Niðurstöður þeirra bentu til að veiðiþol stofnsins væri svipað og afli síðustu þriggja ára, þ.e. 800–1 000 tonn, en mikil óvissa er í því mati.



BEITUKÓNGUR. Veiðisvæði við Ísland árið 2000–2006. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

WHELK. Fishing grounds in 2000–2006. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

2.28. HVALIR *Cetacea*



2.28.1. Hvalveiðar við Ísland

Veiðar á stórhvölum með sprengiskutli hafa verið stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland síðan árið 1883. Frá árinu 1948 takmörkuðust veiðarnar við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði en þar voru lengst af og mest fjögur skip að veiðum yfir vertíðarmánuðina júní-september. Á árunum 1948–1985 voru að meðaltali veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar árlega og 82 búrhvalir árin 1948–1982 (alfriðaður í Norður-Atlantshafi frá árinu 1982). Hrefnuveiðar voru stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta síðustu aldar. Veiðar þessar voru lengst af smáar í sniðum, nokkrir tugir dýra á ári (tafla 3.28.1.). Á árunum 1977–1985 ákvað Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) árlega veiðikvóta fyrir svæðið Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen og komu flest árin um 200 hrefnur í hlut Íslendinga.

Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun IWC um tíma- bundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Árið 2006 hófust atvinnuveiðar að nýju og veittu stjórnvöld leyfi fyrir veiðum á níu langreyðum og þrjátíu hrefnum á fiskveiðiárinu 2006/2007. Veiðar hófust í október og alls veiddust sjö langreyðar og ein hrefna í atvinnuskyni á árinu 2006.

Í samræmi við ákvæði hvalveiðisáttmálans var veiddur takmarkaður fjöldi lang- og sandreyða í rannsóknaskyni árin 1986–1989. Árið 2003 hófust veiðar í rannsóknaskyni á samtals 200 hrefnum og ráðgert er að þeim ljúki með veiðum á 39 hrefnum árið 2007.

2.28.2. Hvalatalningar

Samhliða ákvörðun IWC um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni árið 1986 var ákveðið að vinna að heildarúttekt á ástandi hvalastofna heimsins, sem ljúka átti árið 1990. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að stórefla hvalarannsóknir, m.a. með umfangsmiklum líffræðilegum athugunum, talningum (árin 1987 og 1989) og rannsóknum á áhrifum veiða á stofnana.

Sumrin 1995 og 2001 fóru enn fram víðtækar hvalatalningar á Norður-Atlantshafi (NASS) í samvinnu við Norðmenn og Færeyinga. Skipulagning talninganna og úrvinnsla niðurstæðna fór fram innan vísindanefndar NAMMCO, auk þess sem niðurstöður voru kynntar innan vísindanefndar IWC. Vísindanefnd NAMMCO hefur samþykkt nýtt stofnstærðarmat fyrir langreyði og hrefnu og vísindanefnd IWC hefur fjallað um og samþykkt mat á þessum tveimur tegundum til notkunar í veiðistjórnunarkerfi ráðsins. Langreyði hefur fjölgað talsvert frá því að talningar hófust árið 1987, sérstaklega vestur af landinu. Niðurstöður talninganna sýna einnig marktæka mikla aukningu í þéttleika hnúfubaks. Nú

liggur fyrir fyrsta þéttleikamat á búrhval á talningasvæðinu sem leiðrétt er fyrir köfunartíma.

Árið 2007 munu víðtækar hvalatalningar fara fram á Norður-Atlantshafi (TNASS). Þátttökupjóðir eru auk Íslands, Færeyjar, Grænland, Kanada og Noregur. Auk þess eru talningarnar samræmdar talningum vestur af meginlandi Evrópu (CODA) og við austurströnd Bandaríkjanna (SNESSA). Það er því útlit fyrir að þetta verði umfangsmestu hvalatalningar sem farið hafa fram á Norður-Atlantshafi, ef ekki í heiminum.

2.28.3. Ástand stofna og veiðipól

2.28.3.1. Hrefna

Fyrirliggjandi gögn benda til þess að í Norður-Atlantshafi séu a.m.k. þrjár hrefnustofnar með höfuð- útbreiðslu á hvalamiðunum við Vestur-Grænland, Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen (Mið-Atlantshafsstofn) og Noreg (Norðaustur-Atlantshafsstofn). Vísindanefnd NAMMCO samþykkti árið 2004 nýtt mat á stofnstærð hrefnu hér við land sem byggist á talningum árið 2001. Samkvæmt þeim voru 43 600 (CV 0.19) hrefnur á flugtalningasvæðinu sem náði yfir mestan hluta íslenska landgrunnins. Niðurstöður talninga frá skipum benda til að um 23 600 (CV 0.26) hrefnur hafi verið á stofnsvæðinu utan flugtalningasvæðisins. Einfaldur samanburður á gögnum úr þeim fjórum flugtalningum sem fram hafa farið miðsumars á tímabilinu 1986–2001, bendir til að stofninn hafi verið stöðugur eða stækkað lítillega á þessu tímabili. Flugtalningar að vori og hausti benda til að hrefnan sé lítið komin á landgrunnið í lok apríl og byrjun maí (1/10 af þéttleika miðsumars) en að þéttleikinn í september sé enn um helmingur af hásumarsþéttleika. Þetta er í samræmi við niðurstöður fengnar með merkingum með gervitunglasendum að hausti.

Samkvæmt úttekt vísindanefndar NAMMCO á ástandi Mið-Atlantshafsstofns hrefnu er stofnstærð hrefnu hér við land nú nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Þetta gildir fyrir Mið-Atlantshafsstofninn og hrefnur á íslenska strandsvæðinu. Þær veiðar sem stundaðar voru á síðustu öld hafa samkvæmt því haft lítil áhrif á stofnstærðina. Samkvæmt vísindanefndinni eru hverfandi líkur á að árlegar veiðar á 200 hrefnum næstu 20 ár muni færa stofninn niður fyrir 80% af upprunalegri stærð. Á sama hátt er ólíklegt að árlegar veiðar á 400 hrefnum færi stofninn niður fyrir 70% á sama tímabili. Einnig er ljóst að hrefnuveiðar þær sem hófust árið 2003 í rannsóknaskyni og nema samtals 200 dýrum á fimm árum, munu ekki hafa teljandi áhrif á stofninn. Þessar niðurstöður um ástand hrefnustofns-

ins hér við land eru í samræmi við eldri úttektir vísindanefnda NAMMCO og IWC.

Almennt er viðurkennt (m.a. innan IWC), að kjörnýtingarstærð hvalastofna liggja á bilinu 60–72% af upphaflegri stærð. Ljóst er að árlegar veiðar á allt að 400 hrefnum á íslenska landgrunninu samrýmast markmiðum um sjálfbæra nýtingu hrefnustofnsins þar sem litlar líkur eru á að slíkar veiðar muni færa stofninn niður fyrir þessi mörk á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að veiðum verði haldið innan við 400 dýr og jafnframt að þeim verði háttað í samræmi við dreifingu hrefnu á íslenska landgrunninu.

2.28.3.2. Langreyður


Við stjórnun veiða hefur jafnan verið gert ráð fyrir að langreyðar í Norður-Atlantshafi skiptist í 7 stofna eða finnast á 7 stofnsvæðum, þ.e. svæðunum við: 1) Nova Scotia, 2) Nýfundnaland-Labrador, 3) Vestur-Grænland, 4) Austur-Grænland-Ísland (EGI), 5) Norður-Noreg, 6) Vestur-Noreg/Færeyjar og 7) Bretlandseyjar, Spán og Portúgal.

Samkvæmt talningum árin 1987 og 1989 og fyrri merkingum við stendur Kanada var áætlað að stofnstærð langreyðar í Norður-Atlantshafi væri a.m.k. 50 þús. dýr, þar af um 16 þús. á svæðinu Austur-Grænland - Ísland - Jan Mayen (EGI stofnsvæði). Samkvæmt talningunum 2001 voru um 14 þús. dýr á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands (mynd 2.28.1., svæði A og B) og um 23 700 (CV 0.13) langreyðar alls á EGI-stofnsvæðinu. Samanburður á talningum sýnir að langreyði hefur fjölgað, sérstaklega vestur af landinu, síðan reglulegar talningar hófust árið 1987.

Í nóvember 2003 gerði vísindanefnd NAMMCO úttekt á ástandi langreyðarstofna í Norður-Atlantshafi þar sem gögn frá talningunum 2001 um stofnstærðir voru lögð til grundvallar. Samkvæmt þeirri úttekt er EGI-stofn langreyðar nálægt upphaflegri stærð. Vegna óvissu í stofnferð ákvað nefndin í varúðarskygni að byggja ráðgjöf sína á þeirri kenningu að sérstakur undirstofn væri á hefðbundnum hvalamiðum vestur af landinu (svæði B á mynd 2.28.1). Vísindanefndin ályktaði að árlegar veiðar á 150 langreyðum á hefðbundnum hvalamiðum vestur af landinu (svæði B) næstu 20 ár myndu ekki fækka langreyði á þessu svæði. Ef veiðar yrðu einnig stundaðar utan þessa svæðis eru veiðar á 200 langreyðum innan marka sjálfbærni.

Í ljósi ofangreindra úttekta leggur Hafrannsóknastofnunin til að veiðar á langreyði nemi að hámarki 150 dýrum árlega séu veiðarnar bundnar við hefðbundið veiðisvæði (B) á mynd 2.28.1, en allt að 200 dýrum sé veiðunum dreift innan heildarútbreiðslu svæðis stofnsins.

Í mars 2006 var haldinn sameiginlegur vinnufundur vísindanefnda NAMMCO og IWC þar sem fjallað var sérstaklega um langreyðarstofna í Norður-Atlantshafi og lagt mat á magn og gæði fyrirbyggjandi



upplýsinga um þessa stofna. Í framhaldi af því mati ályktaði vísindanefnd IWC að nægilegar upplýsingar lægju fyrir til að hægt væri að beita veiðistjórnunarkerfi ráðsins (RMP) á stofninn við Ísland. Í kjölfarið var ákvörðun tekin innan ráðsins að hefja úttektarferlið á árinu 2007 sem gert er ráð fyrir að taki tvö ár.

Í nóvember 2006 fjallaði alþjóðleg vinnunefnd um langreyðarstofninn við Ísland. Ályktað var að stofninn fullnægði engum þeirra líffræðilegu viðmiða sem liggja til grundvallar núverandi flokkunar tegundarinnar á viðauka I í CITES- samningnum. Samkvæmt samningnum eiga þar eingöngu heima tegundir í útrýmingarhættu.

2.28.3.3. Sandreyður

Samkvæmt talningunum 1995 voru um 9 200 sandreyðar á talningasvæðinu í Norður-Atlantshafi, þar af um 8 800 á íslenska svæðinu. Vegna suðlægrar útbreiðslu tegundarinnar er talið að talningarnar 1989 hafi náð til stærri hluta stofnsins, en þá voru um 10 500 sandreyðar vestan og suðvestan Íslands. Í áratugi og fram til ársins 1988 voru veiðar á sandreyði aðeins stundaðar frá Íslandi. Sennilegt er að stofninn hafi þolað þær vel, enda námu þær aðeins 0,6% af áætlaðri stofnstærð. Veiðipól stofnsins hefur þó ekki enn verið metið eða aflareglur þróaðar sem fara mætti eftir við úthlutun aflamarks.

2.29. SELIR *Phocidae*



Nýting og verndun sela við Ísland heyrir lögum samkvæmt undir landbúnaðarráðuneytið en samkomulag er um að Hafrannsóknastofnunin sinni rannsóknum og ráðgjöf. Stofnunin hefur lagt fram kostnaðaráætlun vegna selarannsókna en sérstök fjárveiting hefur ekki enn fengist til þeirra. Einn líffræðingur hefur starfað við selarannsóknir á vegum Hringormanefndar og hefur stofnunin haft samvinnu við hann um rannsóknir frá árinu 2003.

2.29.1. Selveiðar

Tvær tegundir sela eru staðbundnar við strendur Íslands, landselur og útselur. Auk þeirra koma nokkrar tegundir farsela frá norðlægari slóðum reglulega inn á íslensk hafsvæði.

Auk beinnar selveiði veiðist árlega nokkur fjöldi sela í net fiskibáta umhverfis landið (tafla 3.29.1.).

Á síðustu öld voru selveiðar hér við land aðallega stundaðar á vorkópum (landselur) og haustkópum (útselur) vegna skinna en eldri selir og flökkuselir voru einnig nýttir eftir fongum. Nokkuð dró úr beinni selveiði í lok 8. áratugar síðustu aldar í kjölfar hruns á erlendum selskinnamörkuðum. Með tilkomu Hringormanefndar árið 1982 sem hóf að greiða fyrir selveiðar, jókst veiðin á ný og jafnframt jókst hlutfall eldri sela í veiðinni frá því sem áður var. Í byrjun var greitt fyrir alla veidda seli en frá árinu 1990 eingöngu fyrir útseli. Veiðar á eldri landsel drógust saman í kjölfarið og hafa verið litlar nema á árunum 1992 og 1993 þegar sýnum var safnað til rannsókna.

Frá árinu 1986 hefur jafnt og þétt dregið úr beinni selveiði og frá árinu 2002 hefur skráður aflí (þ.m.t. meðafli fiskibáta) verið undir 1 000 dýrum.

Ekki er vitað hver þróun á fjölda netaveiddra sela hefur verið. Í selveiðigögnum fyrri ára var ekki gerður greinarmunur á beinni veiði og meðafli. Gögnin um selveiðar hafa þar að auki aðallega náð til afla sem hefur verið seldur eða greitt fyrir sérstaklega.

Upplýsingar um veiðar til eigin nytja og netaveidda seli sem ekki er markaður fyrir hafa því ekki alltaf verið skráðar.

Öll sjávarspendýr sem veiðast við fiskveiðar ber að skrá í afladagbækur. Frá árinu 2002 hefur verið lögð sérstök áhersla á að kynna skráninguna fyrir áhöfnum netabáta og árlega hafa 2–7% þeirra tilkynnt veiðar á sel. Lítið eftirlit er hins vegar með skráningunni og hún nær ekki til hrognkelsveiða. Í ljósi þessa má draga þær ályktanir að hún veiti einvörðungu lágmarksupplýsingar um meðafli sela við fiskveiðar.


Árið 2006 bárust upplýsingar um alls 482 veidda seli og hefur veiðin minnkað nokkuð jafnt frá miðjum 9. áratug síðustu aldar þegar hún var yfir 6 000 dýr á ári.

Vorkópaveiðar 2006 (landselur) voru heldur minni en undanfarin ár, alls 100 dýr og ekki er vitað um neina beina veiði á eldri landsel. Upplýsingar bárust um einn landsel í hrognkelsanet og afladagbækur netabáta gáfu til kynna veiðar á 91 landsel.

Bein veiði á útsel 2006 var 99 haustkópar (útselur) og 112 árgömul og eldri dýr. Auk þess veiddust 70 útselir, aðallega vetrungar í hrognkelsanet og fimm útselir af óþekktum aldri voru skráðir í afladagbækur netabáta.


Engar beinar veiðar voru stundaðar á öðrum selategundum svo vitað sé en upplýsingar um tvo vöðuseli, einn blöðrusel og einn kampsel voru skráðar í afladagbækur netabáta.

Eins og undanfarin ár fengu norsk selveiðiskip leyfi til veiða á vöðusel og blöðrusel í íslenskri landhelgi árið 2006, en ekki er vitað til að þau hafi nýtt sér það leyfi.



Mynd 2.29.1. LANDSELUR. Heildarveiði landsels og áætluð stærð landselastofnsins frá 1980.

Fig. 2.29.1. COMMON SEAL. Total catch and estimated stock size since 1980.



Mynd 2.29.2. ÚTSELUR. Heildarveiði útsels og áætluð stofnstærð frá 1982.

Fig. 2.29.2. GREY SEAL. Total catch and estimated stock size since 1982.

2.29.2. Ástand og veiðipól selastofna við Ísland

2.29.2.1. Landselur *Phoca vitulina*

Landselur var talinn í ágúst 2006 og var stofninn metinn um 12 000 dýr (95% öryggismörk 9 000–16 000) (mynd 2.29.1). Stofninn var metinn um 34 þús. dýr í talningum 1980 og hefur minnkað að meðaltali um 4% á ári til ársins 2006. Mest varð fækkun landsela þó á níunda áratug síðustu aldar þegar stofninn minnkaði um 10 000 dýr. Á tíunda áratugnum dró úr fækkuninni samfara því að verulega dró úr beinum veiðum á landsel. Ekki er ljóst hvort vænta megi aukningar í stofninum á ný, þó að mikið hafi dregið úr beinni veiði. Netadauði landsela er sennilega vanmetinn og ekki er þekkt hvaða áhrif óbeinar veiðar hafa á stofninn. Mjög mikilvægt er að bæta skráningu þessara veiða til að betur sé hægt að leggja mat á ástand og þróun stofnsins.

Fylgjast þarf með stofninum á næstu árum meðal annars með talningum á tveggja til þriggja ára fresti. Til þess að ráðgjöf stofnunarinnar geti orðið markviss er nauðsynlegt að stjórnvöld setji sér stjórnunarmarkmið um landsel.

2.29.2.2. Útselur *Halichoerus grypus*

Haustið 2005 voru útselskópar taldir allt í kring um landið. Flogið var þrisvar til fjórum sinnum yfir

helstu látrín og er talið að kæpingin hafi skilað 1 377 (1 333–1 453) útselskópum í stofninn. Stofnstærðin er nú metin um 6 000 dýr (5 400–6 500) en í síðustu heildartalningu árið 2002 var hún metin um 5 500 dýr (mynd 2.29.2). Stofninn hafði þá minnkað umtalsvert frá 1990 þegar hann var talinn um 12 000 dýr. Vegna breyttrar aðferðarfræði við talningar árið 2005 er óvarlegt að bera saman niðurstöður hennar beint við talningar árið 2002. Túlka má talningarnar árið 2005 þannig að sterkar vísbendingar séu um að ekki hafi fækkað í stofninum. Ljóst er að veiðarnar á síðasta áratug 20. aldar voru umfram afrakstursgetu stofnsins en þær hafa hins vegar dregist verulega saman á síðustu árum (mynd 2.29.2.).

Í byrjun árs 2005 settu íslensk stjórnvöld stjórnunarmarkmið fyrir útselsstofninn við Ísland þar sem stefna skal að því að halda stofninum nálægt þeirri stofnstærð sem var árið 2004 og minnki stofninn verulega verði gripið til aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Framreiknuð stofnstærð útsels var talin 4 100 dýr árið 2004 og eru hverfandi líkur á því að stofninn sé nú undir þeim mörkum.

Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að áfram verði fylgst vel með stofninum. Án reglulegra heildartalninga mun áframhaldandi veiði leiða til aukinnar óvissu um hvort markmiðum stjórnvalda sé mætt og því aukast líkur á að grípa þurfi til verndunaraðgerða vegna aukinnar óvissu um stofnstærð.

3. TÖFLUR *Tables*

TAFLA 3.1.1

Porskur. Afli (í tonnum) á Íslandsmiðum 1905-2006.
Cod. Landings (in tonnes) from Iceland grounds 1905-2006.

Ár <i>Year</i>	Ísland <i>Iceland</i>	Aðrar þjóðir <i>Other nations</i>	Samtals <i>Total</i>	Ár <i>Year</i>	Ísland <i>Iceland</i>	Aðrar þjóðir <i>Other nations</i>	Samtals <i>Total</i>
1905	44 775	47 355	92 130	1956	292 586	188 123	480 709
1906	48 302	58 441	106 743	1957	247 087	204 822	451 909
1907	53 868	62 838	116 706	1958	284 407	224 276	508 683
1908	58 259	66 704	124 963	1959	284 259	168 245	452 504
1909	56 670	58 831	115 501	1960	295 668	169 355	465 023
1910	71 007	62 595	133 602	1961	233 874	141 042	374 916
1911	75 114	77 762	152 876	1962	221 820	165 056	386 876
1912	75 499	79 477	154 976	1963	232 839	177 211	410 050
1913	79 870	95 110	174 980	1964	273 584	160 021	433 605
1914	53 473	135 025	188 498	1965	233 483	160 153	393 636
1915	66 030	70 069	136 099	1966	223 974	132 781	356 755
1916	68 848	43 975	112 823	1967	193 449	151 573	345 022
1917	61 413	23 305	84 718	1968	227 594	153 476	381 070
1918	62 093	41 073	103 156	1969	281 680	124 731	406 411
1919	76 766	79 967	156 733	1970	302 875	167 882	470 757
1920	82 766	127 972	210 738	1971	250 324	202 728	453 052
1921	90 632	128 735	219 367	1972	225 354	173 174	398 528
1922	103 436	175 568	279 004	1973	238 898	144 548	383 446
1923	127 320	116 328	243 648	1974	238 066	136 704	374 770
1924	161 797	158 004	319 801	1975	264 975	106 016	370 991
1925	166 538	165 698	332 236	1976	280 831	67 018	347 849
1926	126 890	174 304	301 194	1977	329 676	10 374	340 050
1927	164 783	178 295	343 078	1978	319 648	10 742	330 390
1928	177 328	186 943	364 271	1979	360 080	7 984	368 064
1929	201 074	197 738	398 812	1980	428 344	6 000	434 344
1930	261 278	237 157	498 435	1981	460 579	8 080	468 659
1931	224 504	258 898	483 402	1982	382 297	6 090	388 387
1932	208 081	277 207	485 288	1983	293 890	6 166	300 056
1933	247 329	270 946	518 275	1984	281 481	2 341	283 822
1934	223 729	214 840	438 569	1985	322 810	2 457	325 267
1935	182 926	218 965	401 891	1986	365 852	2 781	368 633
1936	102 354	181 232	283 586	1987	389 808	2 445	392 257
1937	111 285	186 531	297 816	1988	375 741	2 335	378 076
1938	131 965	179 351	311 316	1989	353 630	2 324	355 954
1939	136 782	61 569	198 351	1990	333 348	2 042	335 390
1940	147 347	-	147 347	1991	306 689	1 871	308 560
1941	156 242	-	156 242	1992	266 662	1 105	267 767
1942	173 146	-	173 146	1993	251 170	809	251 979
1943	186 017	-	186 017	1994	177 919	890	178 809
1944	216 677	-	216 677	1995	168 685	739	169 424
1945	211 849	4 098	215 947	1996	181 052	606	181 658
1946	199 165	38 772	237 937	1997	202 745	408	203 153
1947	200 242	45 955	246 197	1998	241 545	1 087	242 632
1948	213 177	80 157	293 334	1999	258 658	1 394	260 052
1949	221 419	93 135	314 554	2000	234 362	1 325	235 687
1950	197 433	152 922	350 355	2001	234 085	1 289	235 374
1951	183 252	165 230	348 482	2002	207 466	1 311	208 777
1952	237 314	162 629	399 943	2003	200 443	7 108	207 551
1953	263 516	262 545	526 061	2004	220 057	7 532	227 409
1954	306 191	241 339	547 530	2005	207 972	5 612	213 584
1955	315 438	222 692	538 130	2006 ¹⁾	193 413	2 802	196 215

¹⁾ Bráðabirgðatölur. *Provisional figures.*

TAFLA 3.1.2

Þorskur. Meðalþyngd í afla eftir aldri (g) á árunum 1985-2007.

Cod. Weight at age in the catches (g) in the years 1985-2007.

Aldur/Age	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
3	1407	1459	1316	1438	1186	1290	1309
4	1971	1961	1956	1805	1813	1704	1899
5	2576	2844	2686	2576	2590	2383	2475
6	3650	3593	3894	3519	3915	3034	3159
7	4976	4635	4716	4930	5210	4624	3792
8	6372	6155	6257	6001	6892	6521	5680
9	8207	7503	7368	7144	8035	8888	7242
10	10320	9084	9243	8822	9831	10592	9804
11	12197	10356	10697	9977	11986	10993	9754
12	14683	15283	10622	11732	10003	14570	14344
13	16175	14540	15894	14156	12611	15732	14172
14	19050	15017	12592	13042	16045	17290	20200
Aldur/Age	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
3	1289	1392	1443	1348	1457	1484	1230
4	1768	1887	2063	1959	1930	1877	1750
5	2469	2772	2562	2920	3132	2878	2458
6	3292	3762	3659	3625	4141	4028	3559
7	4394	4930	5117	5176	4922	5402	5213
8	5582	6054	6262	6416	6009	6386	7737
9	6830	7450	7719	7916	7406	7344	7837
10	8127	8641	8896	10273	9772	8537	9304
11	12679	10901	10847	11022	10539	10797	10759
12	13410	12517	12874	11407	13503	11533	14903
13	15715	14742	14742	13098	13689	10428	16651
14	11267	16874	17470	15182	16194	12788	18666
Aldur/Age	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
3	1241	1308	1499	1294	1265	1257	1194
4	1716	1782	2050	1926	1790	1771	1712
5	2426	2330	2649	2656	2424	2323	2374
6	3443	3252	3413	3680	3505	3312	3435
7	4720	4690	4766	4720	4455	4269	4392
8	6352	5894	6508	6369	5037	5394	5201
9	8730	7809	7520	7808	5980	5872	6200
10	9946	9203	9055	9002	7819	7397	5495
11	11088	10240	8769	10422	8802	10808	7211
12	12535	11172	9526	13402	10712	11569	9909
13	14995	13172	11210	9008	12152	13767	12944
14	15151	17442	13874	16893	13797	12955	18151
Aldur/Age	2006	2007 ¹⁾					
3	1070	1117					
4	1614	1629					
5	2185	2229					
6	3052	2810					
7	4347	3922					
8	5177	5151					
9	5382	6193					
10	5769	5819					
11	6258	6201					
12	5688	6508					
13	7301	6751					
14	15412	6943					

1) Áætlað. *Estimated.*

TAFLA 3.1.3

Þorskur. Meðalþyngd 3-7 ára kynþroska þorsks eftir aldri (g) í stofnmælingu að vorlagi á árunum 1985-2007.
Meðalþyngd 8 ára fiskis og eldri fengin úr afla.

*Cod. Weight at age of mature cod (g) in the spring survey in the years 1985-2007 for ages 3-7.
Mean weight for 8-14 year old fish taken from catch.*

Aldur/Age	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
3	485	758	576	610	673	563	686
4	1375	1597	1584	1475	1494	1035	1283
5	1750	2882	2423	2261	2338	2170	2039
6	2709	3246	3522	3277	3429	2798	2747
7	3454	4581	4905	4398	4686	4422	3397
8	6372	6155	6257	6001	6892	6521	5680
9	8207	7503	7368	7144	8035	8888	7242
10	10320	9084	9243	8822	9831	10592	9804
11	12197	10356	10697	9977	11986	10993	9754
12	14683	15283	10622	11732	10003	14570	14344
13	16175	14540	15894	14156	12611	15732	14172
14	19050	15017	12592	13042	16045	17290	20200
Aldur/Age	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
3	619	708	847	745	678	670	599
4	1336	1363	1728	1635	1753	1347	1516
5	2094	2309	2254	2345	2490	2267	2261
6	3029	3235	3340	3186	3531	3746	3263
7	3753	4109	4514	4489	4273	5245	4474
8	5582	6054	6262	6416	6009	6386	7737
9	6830	7450	7719	7916	7406	7344	7837
10	8127	8641	8896	10273	9772	8537	9304
11	12679	10901	10847	11022	10539	10797	10759
12	13410	12517	12874	11407	13503	11533	14903
13	15715	14742	14742	13098	13689	10428	16651
14	11267	16874	17470	15182	16194	12788	18666
Aldur/Age	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
3	711	600	661	630	579	590	557
4	1467	1355	1550	1590	1338	1453	1119
5	1932	1915	2071	2259	2215	2099	1897
6	2996	2881	2694	3120	2988	3057	2963
7	3961	4319	4131	3984	4169	3757	3874
8	6352	5894	6508	6369	5038	5389	5211
9	8730	7809	7520	7808	5986	5874	6211
10	9946	9203	9055	9002	7852	7394	5496
11	11088	10240	8769	10422	8819	10780	7213
12	12535	11172	9526	13402	10834	11563	9946
13	14995	13172	11210	9008	12152	13814	12947
14	15151	17442	13874	16893	13804	12954	18147
Aldur/Age	2006	2007 ¹⁾					
3	900	900					
4	1383	1264					
5	1998	2022					
6	2905	2580					
7	4385	4078					
8	5177	5151					
9	5382	6193					
10	5769	5819					
11	6258	6201					
12	5688	6508					
13	7301	6751					
14	15412	6943					

¹⁾ Áætlað. *Estimated.*

TAFLA 3.1.4

Þorskur. Meðalþyngd eftir aldri (g) í stofnmælingu að vorlagi á árunum 1985-2007.

Cod. Weight at age (g) in the spring survey in the years 1985-2007.

Aldur/Age	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
1	14	16	14	11	22	19	18
2	137	159	117	120	151	135	147
3	394	617	469	496	547	458	559
4	1119	1220	1200	1077	1140	1040	1167
5	1740	2257	1757	1969	1939	1823	1849
6	2583	2985	2999	3111	3064	2601	2596
7	3245	4352	4234	3568	4411	3889	3275
8	4694	5643	6392	4545	6320	6093	5717
9	5922	7298	7094	8313	7108	8217	7759
Aldur/Age	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
1	25	12	13	10	11	18	15
2	133	156	171	134	154	140	156
3	503	576	689	606	551	545	487
4	1012	1168	1412	1377	1350	1194	1187
5	1858	1944	2044	2284	2088	2168	2040
6	2579	2991	3181	2989	3321	3220	3041
7	3660	3960	4133	4450	4057	4737	4258
8	5060	5376	6277	5433	5279	5509	5482
9	7480	5983	8343	8073	7669	6452	6366
Aldur/Age	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
1	14	15	17	11	16	20	11
2	140	124	150	131	128	148	118
3	578	488	537	512	467	480	453
4	1070	1194	1187	1206	1179	1064	1028
5	1847	1817	1867	2003	1914	1874	1768
6	2866	2771	2654	2919	2765	2804	2651
7	3820	4067	3804	3780	4128	3458	3646
8	4981	5350	5504	5761	4690	4990	4426
9	5628	8508	6315	6270	6228	5315	7253
Aldur/Age	2006	2007					
1	13	14					
2	104	101					
3	419	414					
4	982	969					
5	1689	1665					
6	2602	2341					
7	4049	3632					
8	4786	5061					
9	5625	6271					

TAFLA 3.1.5

Porskur. Hlutfall kynþroska eftir aldri í stofnmælingu að vorlagi 1985-2007.
Cod. Sexual maturity at age in the spring survey in the years 1985-2007.

Aldur/Age	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
3	0.00	0.00	0.00	0.01	0.01	0.01	0.00
4	0.02	0.02	0.03	0.03	0.03	0.01	0.06
5	0.19	0.15	0.09	0.23	0.14	0.16	0.15
6	0.41	0.40	0.36	0.51	0.37	0.44	0.37
7	0.50	0.68	0.49	0.45	0.65	0.58	0.64
8	0.74	0.73	0.89	0.68	0.65	0.80	0.79
9	0.57	0.94	0.78	0.94	0.63	0.81	0.68
10	1.00	0.96	1.00	0.95	0.99	0.99	0.84
11	1.00	0.99	0.98	0.97	1.00	1.00	1.00
12	1.00	1.00	1.00	0.82	0.90	1.00	1.00
13	1.00	1.00	1.00	1.00	0.86	1.00	1.00
14	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
Aldur/Age	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
3	0.00	0.01	0.01	0.01	0.00	0.01	0.00
4	0.06	0.09	0.11	0.11	0.03	0.04	0.06
5	0.27	0.27	0.34	0.38	0.19	0.25	0.21
6	0.40	0.46	0.59	0.53	0.50	0.42	0.49
7	0.81	0.69	0.70	0.75	0.65	0.69	0.78
8	0.92	0.80	0.92	0.79	0.73	0.79	0.81
9	0.89	0.84	0.70	0.86	0.81	0.80	0.81
10	1.00	0.97	0.85	1.00	1.00	0.93	0.93
11	1.00	1.00	0.99	1.00	1.00	1.00	1.00
12	1.00	1.00	1.00	1.00	0.99	0.91	1.00
13	1.00	1.00	1.00	1.00	0.97	1.00	1.00
14	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
Aldur/Age	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
3	0.01	0.00	0.00	0.01	0.01	0.00	0.01
4	0.04	0.07	0.04	0.09	0.05	0.04	0.11
5	0.24	0.25	0.26	0.32	0.22	0.25	0.28
6	0.52	0.51	0.59	0.66	0.52	0.55	0.50
7	0.65	0.61	0.75	0.76	0.87	0.63	0.79
8	0.84	0.87	0.74	0.92	0.80	0.84	0.81
9	0.69	1.00	0.86	0.55	0.86	0.82	0.95
10	0.99	0.98	0.99	0.98	1.00	1.00	0.99
11	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
12	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
13	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
14	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
Aldur/Age	2006	2007					
3	0.00	0.01					
4	0.02	0.03					
5	0.29	0.16					
6	0.45	0.50					
7	0.75	0.69					
8	0.87	0.80					
9	0.74	0.86					
10	0.85	0.96					
11	1.00	0.92					
12	1.00	1.00					
13	1.00	1.00					
14	1.00	1.00					

TAFLA 3.1.6

Þorskur. Skipting aflans í fjölda eftir aldri (í milljónum) á árunum 1985-2006.

Cod. Landings in numbers by age (millions) in the years 1985-2006.

Aldur/Age	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
3	6.457	20.642	11.002	6.713	2.605	5.785	8.554
4	24.552	20.33	62.13	39.323	27.983	12.313	25.131
5	35.392	26.644	27.192	55.895	50.059	27.179	15.491
6	18.267	30.839	15.127	18.663	31.455	44.534	21.514
7	8.711	11.413	15.695	6.399	6.01	17.037	25.038
8	4.201	4.441	4.159	5.877	1.915	2.573	6.364
9	2.264	1.771	1.463	1.345	0.881	0.609	0.903
10	1.063	0.805	0.592	0.455	0.225	0.322	0.243
11	0.217	0.392	0.253	0.305	0.107	0.118	0.125
12	0.233	0.103	0.142	0.157	0.086	0.05	0.063
13	0.102	0.076	0.046	0.114	0.038	0.015	0.011
14	0.038	0.044	0.058	0.025	0.005	0.02	0.012
Aldur/Age	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
3	12.217	20.5	6.16	10.77	5.356	1.722	3.458
4	21.708	33.078	24.142	9.103	14.886	16.442	7.707
5	26.524	15.195	19.666	16.829	7.372	17.298	25.394
6	11.413	13.281	6.968	13.066	12.307	6.711	20.167
7	10.073	3.583	4.393	4.115	9.429	7.379	5.893
8	8.304	2.785	1.257	1.596	2.157	5.958	3.856
9	2.006	2.707	0.599	0.313	0.837	1.147	2.951
10	0.257	1.181	0.508	0.184	0.208	0.493	0.5
11	0.046	0.18	0.283	0.156	0.076	0.126	0.196
12	0.032	0.034	0.049	0.141	0.065	0.028	0.055
13	0.009	0.011	0.018	0.029	0.055	0.037	0.033
14	0.008	0.013	0.006	0.008	0.005	0.021	0.013
Aldur/Age	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
3	2.525	10.493	11.338	5.934	3.950	1.778	5.102
4	19.554	6.581	25.04	18.482	16.160	19.184	5.125
5	15.226	29.08	9.311	24.297	21.874	25.003	26.749
6	24.622	11.227	19.471	6.874	18.145	17.384	16.980
7	12.966	11.39	5.62	8.943	5.063	9.926	8.339
8	2.795	5.714	3.929	2.227	4.419	2.734	4.682
9	1.489	1.104	2.017	1.353	1.124	2.023	1.292
10	0.748	0.567	0.452	0.689	0.401	0.481	0.913
11	0.14	0.314	0.202	0.123	0.172	0.126	0.203
12	0.046	0.074	0.118	0.04	0.034	0.062	0.089
13	0.01	0.022	0.013	0.041	0.020	0.014	0.025
14	0.005	0.006	0.009	0.002	0.015	0.005	0.002
Aldur/Age	2006						
3	3.258						
4	12.884						
5	8.438						
6	22.041						
7	10.418						
8	4.523						
9	2.194						
10	0.497						
11	0.336						
12	0.067						
13	0.027						
14	0.002						

TAFLA 3.1.7

Porskur. Stofnstærð í fjölda eftir aldri (í milljónum) og stærð veiðistofnsins (þús. tonna) 1985-2007.

Cod. Stock abundance in numbers by age (millions) and fishable stock (thous. tonnes) in the years 1985-2007.

Aldur/Age	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
3	137.865	332.987	263.802 ²⁾	174.625	87.008	130.148	104.256
4	109.257	107.329	256.304	204.321	136.393	68.376	101.32
5	124.881	71.046	67.585	159.803	129.179	87.62	43.562
6	40.467	67.082	34.719	31.810	77.569	100.448 ³⁾	44.891
7	20.682	18.639	26.963	12.648	11.849	33.099	42.608
8	8.285	8.289	6.687	8.918	4.124	4.308	12.303
9	5.325	2.948	2.609	1.894	2.418	1.378	1.520
10	1.992	2.018	1.001	0.786	0.523	0.887	0.533
11	0.507	0.806	0.761	0.348	0.249	0.207	0.364
12	0.827	0.228	0.340	0.295	0.119	0.107	0.092
13	0.193	0.382	0.100	0.137	0.104	0.051	0.047
14	0.071	0.101	0.189	0.045	0.053	0.050	0.025
Veiðistofn ¹⁾ 4-14	927.498	850.311	1031.256	1038.178	1006.605	838.831	695.758
Aldur/Age	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
3	173.122	136.449	75.964	151.925	166.104	85.635	162.190
4	78.31	127.917	97.338	56.914	116.953	131.171	68.328
5	61.336	46.518	76.497	62.522	38.277	81.523	92.834
6	20.369	27.77	21.956	42.682	37.237	23.673	50.766
7	16.448	7.067	10.287	10.597	22.925	20.279	12.770
8	14.396	5.339	2.378	4.273	4.891	10.706	9.242
9	3.899	4.307	1.557	0.907	1.876	2.151	4.501
10	0.533	1.295	1.252	0.619	0.424	0.862	0.907
11	0.200	0.193	0.412	0.505	0.284	0.190	0.352
12	0.146	0.078	0.064	0.176	0.245	0.134	0.082
13	0.037	0.057	0.026	0.027	0.084	0.114	0.057
14	0.021	0.016	0.021	0.012	0.014	0.042	0.053
Veiðistofn ¹⁾ 4-14	545.850	589.433	573.870	552.693	667.730	782.582	717.160
Aldur/Age	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
3	68.399	175.885	159.958	160.663	185.183	63.551	154.667
4	129.017	53.533	135.772	122.555	126.026	146.95	50.312
5	47.919	88.379	36.472	91.871	84.963	88.609	103.438
6	54.82	26.563	48.894	20.345	53.423	49.733	51.417
7	24.839	23.704	11.714	22.449	10.251	26.745	24.314
8	5.365	9.66	9.188	4.747	9.985	4.651	12.037
9	3.482	1.872	3.329	3.257	1.919	4.232	1.954
10	1.598	1.120	0.582	1.022	1.166	0.753	1.641
11	0.315	0.515	0.342	0.170	0.340	0.423	0.268
12	0.127	0.105	0.161	0.101	0.058	0.128	0.156
13	0.029	0.042	0.033	0.047	0.034	0.021	0.046
14	0.022	0.010	0.014	0.010	0.016	0.013	0.008
Veiðistofn ¹⁾ 4-14	729.849	587.908	692.842	729.457	739.589	806.993	703.050
Aldur/Age	2006	2007					
3	123.283	80.932					
4	122.687	98.009					
5	35.890	87.953					
6	61.865	21.66					
7	26.216	31.611					
8	11.302	12.211					
9	5.221	4.916					
10	0.774	2.050					
11	0.585	0.270					
12	0.098	0.207					
13	0.055	0.033					
14	0.017	0.019					
Veiðistofn ¹⁾ 4-14	675.163	649.193					

¹⁾ Fishable stock (reference stock size).

²⁾ Ekki meðtalinn sá hluti árgangsins sem ólst upp við Grænland og gekk síðar á Íslandsmið. *Not including the portion of the year class which later immigrated from Greenland to Icelandic waters.*

³⁾ Meðtalin áætluð Grænlandsganga 1984 árgangsins, 31 milljón 1990. *Including estimated immigration from Greenland, 31 millions of the 1984 year class in 1990.*

TAFLA 3.1.8

Þorskur. Veiðidánartala eftir aldri á árunum 1985-2006.

Cod. Fishing mortality by age in the years 1985-2006.

Aldur/Age	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
3	0.05	0.06	0.06	0.05	0.04	0.05	0.09
4	0.23	0.26	0.27	0.26	0.24	0.25	0.30
5	0.42	0.52	0.55	0.52	0.46	0.47	0.56
6	0.58	0.71	0.81	0.79	0.65	0.66	0.80
7	0.71	0.83	0.91	0.92	0.80	0.79	0.89
8	0.83	0.96	1.06	1.10	0.90	0.86	0.95
9	0.77	0.88	1.00	1.09	0.80	0.75	0.85
10	0.71	0.77	0.86	0.95	0.73	0.69	0.78
11	0.60	0.66	0.75	0.88	0.65	0.62	0.71
12	0.57	0.63	0.71	0.85	0.64	0.62	0.71
13	0.45	0.50	0.59	0.74	0.53	0.50	0.60
14	0.45	0.50	0.59	0.74	0.53	0.50	0.60
Meðaltal/Ave 5-10	0.67	0.78	0.86	0.90	0.72	0.70	0.80
Aldur/Age	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
3	0.10	0.14	0.09	0.06	0.04	0.03	0.03
4	0.32	0.31	0.24	0.20	0.16	0.15	0.15
5	0.59	0.55	0.38	0.32	0.28	0.27	0.33
6	0.86	0.79	0.53	0.42	0.41	0.42	0.51
7	0.93	0.89	0.68	0.57	0.56	0.59	0.67
8	1.01	1.03	0.76	0.62	0.62	0.67	0.78
9	0.90	1.04	0.72	0.56	0.58	0.66	0.84
10	0.81	0.95	0.71	0.58	0.60	0.69	0.86
11	0.75	0.90	0.65	0.52	0.55	0.64	0.82
12	0.73	0.89	0.66	0.54	0.56	0.65	0.83
13	0.63	0.80	0.57	0.46	0.48	0.58	0.77
14	0.63	0.80	0.57	0.46	0.48	0.58	0.77
Meðaltal/Ave 5-10	0.85	0.87	0.63	0.51	0.51	0.55	0.66
Aldur/Age	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
3	0.05	0.06	0.07	0.04	0.03	0.03	0.03
4	0.18	0.18	0.19	0.17	0.15	0.15	0.14
5	0.39	0.39	0.38	0.34	0.34	0.34	0.31
6	0.64	0.62	0.58	0.49	0.49	0.52	0.47
7	0.74	0.75	0.70	0.61	0.59	0.60	0.57
8	0.85	0.87	0.84	0.71	0.66	0.67	0.64
9	0.93	0.97	0.98	0.83	0.73	0.75	0.73
10	0.93	0.99	1.03	0.90	0.81	0.83	0.83
11	0.90	0.96	1.02	0.87	0.78	0.80	0.81
12	0.90	0.97	1.03	0.89	0.81	0.83	0.85
13	0.85	0.93	1.00	0.85	0.76	0.78	0.80
14	0.85	0.93	1.00	0.85	0.76	0.78	0.80
Meðaltal/Ave 5-10	0.75	0.76	0.75	0.65	0.60	0.62	0.59
Aldur/Age	2006						
3	0.03						
4	0.13						
5	0.30						
6	0.47						
7	0.56						
8	0.63						
9	0.73						
10	0.85						
11	0.84						
12	0.88						
13	0.84						
14	0.84						
Meðaltal/Ave 5-10	0.59						

TAFLA 3.1.9

Porskur. Fjöldi þriggja ára nýliða í milljónum, stærð hrygningarstofns á hrygningartíma í þús. tonna, viðmiðunarstofn í upphafi árs, fiskveiðidánarstuðlar (meðaltal 5-10 ára þorsks) og afli í þús. tonna. Nýliðun telur einnig þann hluta árgangsins sem ólst upp við Grænland og gekk síðar á Íslandsmið. Hrygningarstofn táknar hrygningarstofn á Íslandsmiðum á hverjum tíma.

Cod. *Recruitment in millions, spawning stock biomass (thous. tonnes) at spawning time, fishable stock, fishing mortality (average from ages 5-10) and landings (thous. tonnes). Recruitment includes young fish of Icelandic origin at Greenland that migrated to the Iceland grounds for spawning. Spawning stock refers to Iceland grounds.*

Ár	Nýliðun ¹⁾	Hrygningarstofn ²⁾	Stofnstærð 4+ ³⁾	Viðmiðunar- stofn 4+ ⁴⁾	Meðalveiðidánar- tala (F5-10)	Afli
<i>Year</i>	<i>Recruitment</i>	<i>SSB</i>	<i>Biomass 4+</i>	<i>Biomass 4+</i>	<i>Average fishing mortality</i>	<i>Landings</i>
1955	152	938	1913	2357	0.291	545
1956	153	792	1713	2081	0.290	487
1957	171	773	1564	1878	0.311	455
1958	221	873	1575	1865	0.354	517
1959	289	852	1534	1828	0.322	459
1960	154	708	1437	1753	0.371	470
1961	193	467	1097	1496	0.355	377
1962	129	569	1213	1492	0.383	389
1963	178	508	1085	1315	0.458	409
1964	204	451	996	1219	0.548	437
1965	216	318	794	1023	0.576	387
1966	229	277	793	1032	0.589	353
1967	320	256	842	1103	0.560	336
1968	172	222	892	1223	0.721	382
1969	248	314	1018	1326	0.558	403
1970	180	331	1009	1337	0.612	475
1971	189	242	816	1098	0.685	444
1972	139	222	738	997	0.694	395
1973	273	245	643	843	0.705	369
1974	179	187	675	918	0.764	368
1975	261	168	672	895	0.811	365
1976	368	138	702	955	0.748	346
1977	143	198	945	1290	0.593	340
1978	227	212	1003	1299	0.477	330
1979	244	304	1086	1397	0.446	366
1980	140	356	1156	1489	0.493	432
1981	141	264	952	1242	0.664	465
1982	132	167	732	970	0.732	380
1983	233	129	591	791	0.717	298
1984	139	141	669	914	0.642	282
1985	138	172	625	927	0.670	323
1986	333	198	678	850	0.777	365
1987	264	149	731	1031	0.865	390
1988	175	171	751	1038	0.895	378
1989	87	172	751	1007	0.722	363
1990	130	214	674	839	0.703	335
1991	104	161	548	696	0.804	308
1992	173	152	418	546	0.850	265
1993	136	123	421	589	0.874	251
1994	76	153	451	574	0.631	178
1995	152	178	441	553	0.513	169
1996	166	158	506	668	0.509	181
1997	86	189	591	783	0.550	203
1998	162	211	574	717	0.663	244
1999	68	184	547	730	0.749	260
2000	176	168	480	588	0.763	235
2001	160	162	486	693	0.752	234
2002	161	196	537	729	0.645	208
2003	185	185	573	740	0.604	208
2004	64	200	612	807	0.618	227
2005	155	228	540	703	0.591	213
2006	123	212	541	675	0.594	196

¹⁾ Nýliðun við þriggja ára aldur. *Recruitment at age 3.*

²⁾ Hrygningarstofn reiknaður út frá meðalþyngdum og kynþroskahlutfalli fengnum úr stofnmælingu í mars. *Spawning stock biomass as calculated by using mean weight at age and maturity from survey data.*

³⁾ Stofn 4 ára og eldri reiknaður út frá meðalþyngdum í stofnmælingu. *Biomass (4+) as calculated by using mean weights from survey data.*

⁴⁾ Stofn 4 ára og eldri reiknaður út frá meðalþyngdum í afla. *Biomass (4+) as calculated by using mean weights from catch data.*

TAFLA 3.1.10

Porskur. Stofnstærð, veiðimynstur, kynþroski og meðalþyngd sem notuð er í framreikningi á þróun stofnsins árin 2008-2009.

Náttúrulegur dánarstuðull, $M=0.2$.

Cod. Input parameters for catch and stock projection for the years 2008-2009.

Natural mortality coefficient, $M=0.2$.

Aldur Age	Stofnstærð Stock size	Veiðimynstur Fishing pattern	Meðalþyngd (kg) í afla Mean weight (kg) in catch	
	2007	2007-2009	2008	2009
3	80.932	0.053	1.117	1.117
4	98.009	0.234	1.629	1.629
5	87.953	0.534	2.229	2.229
6	21.660	0.810	2.810	2.810
7	31.611	0.959	3.922	3.922
8	12.211	1.074	5.151	5.151
9	4.916	1.225	6.193	6.193
10	2.050	1.398	5.819	5.819
